

# ÁRSSKÝRSLA BLINDRAFÉLAGSINS

## samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi

### fyrir starfsárið 2013-2014

<b>Skýrsla stjórnar</b>	<b>bls. 4</b>
<i>Stjórn félagsins</i>	<i>bls. 4</i>
<i>Blindrafélagið 75 ára</i>	<i>bls. 5</i>
<i>Aðgengismál</i>	<i>bls. 5</i>
<i>Alþjóðlegur sjónverndardagur</i>	<i>bls. 5</i>
<i>Alþjóðlegt samstarf</i>	<i>bls. 5</i>
<i>Byltingin í aðgengi að upplýsingum og afbreytingu fyrir blinda og sjónskerta eldri borgara á Íslandi</i>	<i>bls. 6</i>
<i>„Neyðarástand</i>	<i>bls. 6</i>
<i>Aukin einangrun eldri borgara</i>	<i>bls. 6</i>
<i>Dagur Hvíta stafsins – barna- og ungmennaping</i>	<i>bls. 7</i>
<i>Ferðaðþjónusta</i>	<i>bls. 7</i>
<i>Fagráð um meðferð kynferðisbrota</i>	<i>bls. 8</i>
<i>Félagsfundir</i>	<i>bls. 8</i>
<i>Fjölmiðlaumfjöllun</i>	<i>bls. 9</i>
<i>Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar</i>	<i>bls. 9</i>
<i>Hljóðbókasafn Íslands</i>	<i>bls. 9</i>
<i>Samtök, stofnanir og sjóðir</i>	<i>bls. 10</i>
<i>Leiðsöguhundaverkefnið</i>	<i>bls. 10</i>
<i>Samstarfsfundir stjórnar, deilda og nefnda Blindrafélagsins</i>	<i>bls. 10</i>
<i>Sjónlýsingar</i>	<i>bls. 11</i>
<i>Skýrsla um mótun náms fyrir kennara blindra og sjónskertra nemenda</i>	<i>bls. 11</i>
<i>Skóðanakönnun</i>	<i>bls. 12</i>
<i>Starfslok framkvæmdastjóra</i>	<i>bls. 13</i>
<i>Stefnumótun Blindrafélagsins</i>	<i>bls. 13</i>
<i>Útgáfumál</i>	<i>bls. 13</i>
<i>Umsögn um breytingar á lögum um almannatryggingar</i>	<i>bls. 13</i>
<i>Umsögn um frumvarp til laga um Straumhvörf – sérhæfða þjónustumiðstöð</i>	<i>bls. 14</i>
<i>Almennt um sögu og stöðu þjónustu við blint og sjónskert fólk á Íslandi</i>	<i>bls. 14</i>
<i>Almennt um frumvarpið og markmiðin með því</i>	<i>bls. 15</i>
<i>Umsagnir um einstakar greinar frumvarpsins</i>	<i>bls. 16</i>
<i>Niðurlag</i>	<i>bls. 17</i>
<i>Lokaorð</i>	<i>bls. 18</i>
<b>Starfsemi skrifstofu</b>	<b>bls.19</b>
<i>Starfsmannamál 2013</i>	<i>bls. 19</i>
<i>Ferðaðþjónusta blindra</i>	<i>bls. 20</i>
<i>Hjálpartæki</i>	<i>bls. 22</i>
<i>Smávara og vefverslun</i>	<i>bls. 22</i>
<i>Tækjaleiga</i>	<i>bls. 23</i>
<i>Talgervillinn Karl og Dóra</i>	<i>bls. 23</i>
<i>Veflesari</i>	<i>bls. 23</i>
<i>Vefvarp Blindrafélagsins</i>	<i>bls. 23</i>
<i>Hljóðbækur</i>	<i>bls. 23</i>
<i>Mötuneyti</i>	<i>bls. 24</i>
<i>Þjónustusamningar og fengnir styrkir</i>	<i>bls. 25</i>
<i>Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2013</i>	<i>bls. 25</i>

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands	bls. 25
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg	bls. 25
Aðrir styrkir og gjafir	bls. 25
<b>Fjáröflunardeild</b>	<b>bls. 25</b>
Fjáraflanir 2013	bls. 25
Bakhjarlar	bls. 26
Happdrætti	bls. 26
Víðsjá	bls. 26
Fyrirtækjasöfnun	bls. 26
Jólakort	bls. 26
Þríkrossinn	bls. 27
Dagatöl	bls. 28
<b>Félagsmáladeild</b>	<b>bls. 29</b>
Ráðgjafi á félagssviði - ársskýrsla 2013-2014	bls. 29
Árskýrsla aðgengisfulltrúa 2013	bls. 31
Starf fulltrúa á sviði tölvutækni og helstu verkefni	bls. 32
Skýrsla alþjóðafulltrúa	bls. 33
Ársskýrsla kynningarfulltrúa 2013 - 2014	bls. 34
Ársskýrsla trúnaðarmanna	bls. 34
<b>Rekstur fasteigna</b>	<b>bls. 35</b>
Hamrahlíð 17	bls. 36
Byggingarkostnaður	bls. 36
Útleiga og nýting íbúða	bls. 36
Stigahlíð 71	bls. 36

## **Félagsstarfið** **bls. 37**

<b>Opið hús</b>	<b>bls. 37</b>
Opið hús á laugardögum	bls. 38
Bókmenntaklúbburinn veturinn 2013–2014	bls. 38
Ferða- og útivistarnefnd – starfsárið 2013-2014	bls. 39
Markbolti	bls. 40
Skemmtinefnd starfsárið 2013-2014	bls. 41
Jafnréttisnefnd starfsárið 2013–2014	bls. 42
Tómstundanefnd 2013–2014	bls. 43
Valdar greinar, 39. árgangur 2013	bls. 43

## **Starfsemi deilda félagsins** **bls. 45**

Ársskýrsla foreldradeildar 2013	bls. 45
Ársskýrsla Norðurlandsdeildar 2013	bls. 47
Ársskýrsla Suðurlandsdeildar árið 2013	bls. 47
RP deild – ársskýrsla	bls. 48
Ungblind – starfsárið 2013-2014	bls. 49

## **Sjóðir félagsins auk styrkja og framlaga til nefnda og deilda** **bls. 51**

<b>Verkefnasjóður Blindrafélagsins</b>	<b>bls. 51</b>
Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur	bls. 52
Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur	bls. 52
Stuðningur til sjálfstæðis	bls. 52
Blind börn á Íslandi	bls. 52
Styrkir og framlög Blindrafélagsins til nefnda og deilda	bls. 52

## **Aðrar skýrslur** **bls. 52**

Blindravinnustofan 2013	bls. 52
-------------------------	---------

<i>Blind börn á Íslandi - ársskýrsla 2013</i>	bls. 54
<i>Hljóðbókasafn Íslands</i>	bls. 55
Ný lög og samráðshópur	bls. 55
Vefvarp og samstarf við Blindrafélagið	bls. 56
Hljóðbækur með texta, betri námsbækur	bls. 56
Lánþegar	bls. 57
Norrænt og alþjóðlegt samstarf	bls. 57
Viðurkenningar:	bls. 58
<i>Fjóla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu – ársskýrsla 2013–2014</i>	bls. 59
Aðalfundur og stjórnarstörf	bls. 59
Félagsfundir	bls. 59
Starfsmannamál	bls. 59
Félagsstarf	bls. 60
20 ára afmæli Fjólu	bls. 60
Dagur daufblindra 27. júní 2013	bls. 60
Sumarvinnuverkefnið	bls. 60
Ferð tveggja félagsmanna í norrænar ungmennasumarbúðir í Finnlandi	bls. 61
Samstarf við opinbera aðila	bls. 61
Erlend samskipti	bls. 61
Fjáröflun og rekstur	bls. 61
Almennt	bls. 62
<i>Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga fyrir árið 2013</i>	bls. 62
Samþætt sjón- og heyrnarskerðing	bls. 62
Börn og ungmenni	bls. 63
Atvinnualdur og endurhæfing	bls. 63
Eldri borgarar	bls. 64
Bókagerð	bls. 64

## **Stefnumótun stjórnar Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi** **bls. 66**

<i>Inngangur</i>	bls. 66
<i>Mannréttindasamtök</i>	bls. 66
<i>Gildi</i>	bls. 66
<i>Stuðningur til sjálfstæðis</i>	bls. 67
Stöðumat	bls. 67
Ytra umhverfi	bls. 67
Innra umhverfi	bls. 68
<i>SVÓT - Styrkleikar – Veikleikar – Ógnanir – Tækifæri</i>	bls. 71
Framtíðarsýn	bls. 72
Sóknaráætlun	bls. 72
<i>Meginmarkmið</i>	bls. 72
<i>Starfsmarkmið og verkefni</i>	bls. 72
A) Stuðningur til sjálfstæðis	bls. 72
B) Traust hagsmunagæsla	bls. 74
C) Uppbyggilegt fræðslustarf	bls. 75
D) Öflugt félagsstarf	bls. 76
E) Góð þjónusta	bls. 76
F) Fagleg stjórnun	bls. 77
G) Góð samstaða	bls. 78
H) Fjölgun félaga	bls. 78
<i>Lokaorð</i>	bls. 78

## Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2013–2014 gerir grein fyrir helstu áherslum og nýjungum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

### *Stjórn félagsins*

Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2013–2014 hélt samtals 22 stjórnarfundi.

Stjórnarskipan var eftirfarandi:

Kristinn Halldór Einarsson	formaður
Rósa María Hjörvar	varaformaður
Hlynur Þór Agnarsson	ritari
Halldór Sævar Guðbergsson	gjaldkeri
Gunnar Már Óskarsson	meðstjórnandi
Eypór Kamban Þrastarson	varamaður
María Hauksdóttir	varamaður
Ólafur Þór Jónsson	varamaður
Rósa Ragnarsdóttir	varamaður

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þeir sem voru kosnir fyrir tveimur árum og eru því að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru: Kristinn Halldór Einarsson, Rósa María Hjörvar, Halldór Sævar Guðbergsson, Eypór Kamban Þrastarson og Rósa Ragnarsdóttir.



Stjórn og framkvæmdastjóri Blindrafélagsins á fundi þann 15. apríl 2014. Á myndinni eru talið frá vinstri: Ólafur Haraldsson framkvæmdastjóri, Ólafur Þór Jónsson varamaður, Gunnar Már Óskarsson meðstjórnandi, Halldór Sævar Guðbergsson gjaldkeri, Kristinn Halldór Einarsson formaður, Rósa María Hjörvar varaformaður, Rósa Ragnarsdóttir varamaður, Hlynur Þór Agnarsson ritari og María Hauksdóttir varamaður. Á myndina vantar Eypór Kamban Þrastarson varamann.

## *Blindrafélagið 75 ára*

Pann 19. ágúst 2014 verða liðin 75 ár frá stofnun Blindrafélagsins. Í tilefni afmælisins verður efnt til ýmissa viðburða, svo sem:

- Afmælisveislu á Hótel Hilton Reykjavík Nordica 19. ágúst 2014.
- Afmælistónleika á Hótel Hilton Reykjavík Nordica að kvöldi 19. ágúst 2014.
- Gerðar fræðslumyndar um daglegan veruleika blinds og sjónskerts fólks og

mismunandi birtingarmyndir sjónskerðingar.

- Stafrænnar ljósmyndasýningar með sjónlýsingum á myndum úr sögu Blindrafélagsins.
- Gerðar skoðanakönnunar af Capacent um fjölmörg atriði sem snúa að afstöðu almennings, stuðningsmanna og félagsmanna til blindu og sjónskerðingar og Blindrafélagsins.

### *Aðgengismál*

Aðgengismál er málaflokkur sem birtist í flestum þeim viðfangsefnum sem snúa að blindum og sjónskertum einstaklingum og möguleikum þeirra til virkrar samfélagslegrar þátttöku. Meðal aðgengisverkefna sem Blindrafélagið kom að á starfsárinu voru:

- Vefvarpsverkefnið.
- Farsíma-aðgengisverkefni með þýðingu á snjallsímaforritinu Mobile

Accessibility frá spænska fyrirtækinu Code Factory.

- Bættar aðgengismerkingar í húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17.
- Samstarf við Háskóla Íslands um lagningu leiðarlína á Háskólatorgi. Önnur verkefni sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu flokkast vissulega undir að vera aðgengismál þótt grein sé gerð fyrir þeim í sérstökum köflum.

### *Alþjóðlegur sjónverndardagur*

Í tilefni af alþjóðlegum sjónverndardegi, sem var 10. október, efndi Blindrafélagið til fræðslufundar þar sem kynnt var ný tilraunamedferð við RP.

Við það tækifæri færði Blindrafélagið augndeild LSH að gjöf tæki til þessarar meðferðar.

### *Alþjóðlegt samstarf*

Ísland fór með formennsku í NSK (Nordisk Samarbejdskomité) árin 2012–2014. Af hálfu Íslands var lögð áhersla á að ná sambandi og samstarfi við Blindrafélagið í Færeyjum og afla upplýsinga um stöðu blindra og sjónskertra á Grænlandi. Formanni Blindrafélagsins í Færeyjum var þannig boðið í heimsókn til Íslands í tilefni af degi Hvíta stafsins árið 2013. Í mars 2014, í tengslum við NSK-fund í Reykjavík, voru þrjár fulltrúar frá nýstofnuðum blindrasamtökum á Grænlandi (ISI) hér á landi í boði Blindrafélagsins. Þeir fengu kynningu á Blindrafélaginu, starfsemi ÞPM og Hljóðbókasafni, auk þess sem

þeir sátu NSK-fundinn. Þeir gistu í gestaíbúðum í Hamrahlíð 17. Fulltrúar frá ISI, nýstofnuðu grænlenku blindrasamtökunum, sátu fundinn. Undir lok fundarins var ákveðið að vinna að því að ISI gætu átt fulla aðild að NSK-samstarfinu.



Frá NSK-fundinum í Reykjavík í mars 2014.

Á fundinum var samþykkt að næsta NSK-ráðstefna, sem verður 2015, yrði haldin á Íslandi.

Tveir NSK-fundir voru á starfsárinu, annar í Noregi og hinn í Reykjavík. Alþjóðlegt samstarf var einnig á vettvangi kvennadeildar, RP-deildar, Ungblindar og aðgengisfulltrúa Blindrafélagsins á upplýsingasviði. Sjá frekar í skýrslum þessara aðila.

Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðasamtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk Samarbejdskomité (NSK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)

Blindrafélagið á fulltrúa í eftirtöldum stýrihópum innan European Blind Union:

- Access to Information and Technology Commission

Fulltrúi félagsins er: Birkir Rúnar Gunnarsson

### ***Byltingin í aðgengi að upplýsingum og afþreyingu fyrir blinda og sjónskerta eldri borgara á Íslandi***

Á undanförunum árum hefur Blindrafélagið unnið að tveimur stórum verkefnum sem saman hafa valdið byltingu í aðgengi að upplýsingum og afþreyingu fyrir blinda og sjónskerta eldri borgara sérstaklega, þótt aðrir hópar hafi einnig notið góðs af. Þessi verkefni, sem eru talgervils- og vefvarpsverkefnið, hafa vakið athygli bæði innanlands sem og erlendis. Sérstök skýrsla liggur nú fyrir, á bæði íslensku og ensku, um þessi verkefni og fylgir hún sem viðauki í þessari skýrslu.

Í inngangi skýrslunnar segir:

#### **„Neyðarástand**

Árið 2008 var vaxandi umræða meðal blindra og sjónskertra einstaklinga á Íslandi um að þeir íslensku talgervlar sem þá voru tiltækir úreltust hratt. Hvað var til bragðs að taka? Íslenskt málsamfélag er svo fámennt (heildar-mannfjöldi á Íslandi er um 320 þúsund og aðeins hluti þeirra notast við talgervil), að ekkert af þeim fyrirtækjum sem framleiða talgervla myndi smíða íslenskan talgervil á forsendum markaðarins. Til að fá nýjan, íslenskan

talgervil var því þörf á að einhver gengist í ábyrgð fyrir að greiða þann kostnað sem af verkefninu hlytist. Hver átti að gera það á tímum allsherjarfjármálahruns á Íslandi, þess versta í fjármála-sögu landsins?

#### **Aukin einangrun eldri borgara**

Í sérstakri umfjöllun á vef NVC má lesa um rannsókn þar sem m.a. er greint frá því að eldra fólk sem ekki er vel tölvulæst fer á mis við þá miklu samskipta-byltingu sem internet, snjallsímar og samfélagsvefsvæðin hafa í för með sér. Afleiðingarnar eru aukin einangrun þessa fólks. Jafnframt er þjónusta, bæði hins opinbera og einkaaðila, að færast í síauknum mæli af skrifstofunni yfir á veraldarvefinn og án aðgengis að honum fara notendur í síauknum mæli á mis við að geta nýtt sér þjónustuna. Til að tryggja að svo verði ekki, er tilvist nútíma talgervils algjör nauðsyn. En hverjar skyldu afleiðingarnar vera á lífsgæði eldra fólks sem ekki er tölvulæst og hefur tapað eiginleikanum til að lesa af völdum sjónskerðingar?“

*Dagur Hvíta stafsins – barna- og ungmennabing*

Dagskrá í tilefni af degi Hvíta stafsins þann 15. október tókst mjög vel. Efnt var til barna- og ungmennabings sem á mættu níu krakkar og voru öll mjög ánægð. Þátttakendum var kynntur barnasáttmálinn af fulltrúa frá umboðsmanni barna og jafnframt var farið yfir ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra mætti svo í heimsókn og var kynnt fyrir henni starfsemi Blindrafélagsins og verkefni eins og talgervilsverkefnið og vefvarpið, Blindravinnustofan var heimsótt og svo

settist ráðherra niður með krökkunum á barna- og ungmennabinginu og spjallaði heillengi við þau. Samkoman hófst svo kl. 16:15 þar sem niðurstöður barna- og ungmennabingsins voru kynntar, tilkynnt var um úthlutanir styrkja úr Stuðningi til sjálfstæðis og grein gerð fyrir því að frá hrúni hafi Blindrafélagið haft frumkvæði að og forgöngu um að setja 150 milljónir íslenskra króna í málefni blindra og sjónskertra einstaklinga. Félagsmálaráðherra ávarpaði jafnframt samkomuna og var viðstödd þar til dagskránni lauk.

*Ferðabjónusta*

Reykjavíkurborg áformar í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að bjóða út alla ferðabjónustu fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu. Blindrafélagið hefur beitt sér fyrir því að ferðabjónusta blindra í Reykjavík verði ekki hluti af þessu útboði. Í þeim tilgangi að tryggja að svo verði ekki var meðal annars fundað með borgarstjóra Reykjavíkur og formanni borgarráðs. Allt bendir til þess að tekist hafi að koma í veg fyrir að ferðabjónusta blindra verði inni í þessu útboði. Blindrafélagið hefur ítrekað reynt að fá viðræður við Reykjavíkurborg í þeim tilgangi að ræða aðlögun á samningnum um ferðabjónustu blindra í Reykjavík milli Blindrafélagsins og SVR. Samningurinn um ferðabjónustu blindra er frá 1997 og var gerður við SVR. Margt hefur breyst frá þeim tíma: SVR er ekki lengur til, breyting hefur orðið á lögum um málefni fatlaðs fólks, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur litið dagsins ljós, Velferðar-

ráðuneytið hefur gefið út leiðbeinandi reglur um ferðabjónustu við fatlað fólk sem ekki getur nýtt sér almenningssamgöngur, Reykjavíkurborg hefur sett fram leiðarljós í málefnum fatlaðs fólks og búsetumörk höfuðborgarinnar hafa tekið miklum breytingum þannig að lengd ferða hefur aukist mikið í vissum tilvikum.

Í gegnum árin hefur í góðri samvinnu Blindrafélagsins og SVR ýmsu verið bætt inn í framkvæmd samningsins sem ekki er í texta hans, meðal annars atriðum sem hafa verið til þess gerð að stýra kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar og þá um leið notenda. Einnig hafa samskipti við SVR varðandi afgreiðslu vafamála og ákvarðanir um breytingar á kostnaðarþaki notenda verið mjög mikilvæg. Nú er svo komið að Strætó (SVR) telur sig ekki til þess bært að koma fram sem samningsaðili gagnvart Blindrafélaginu varðandi ferðabjónustu blindra í Reykjavík og úrskurða um mál sem taka þarf afstöðu

til og tengjast þjónustunni, og er það nú þegar farið að valda óþægilegri og óþarfri óvissu. Blindrafélagið telur því mjög brýnt að ganga frá nýjum samningi um ferðþjónustu blindra og sjónskertra Reykvíkinga og hefur félagið lagt fram tillögu að nýjum samningi, sem félagið telur að sé báðum aðilum hagfelldur og í öllum aðalatriðum í samræmi við núverandi framkvæmd, ásamt því að mæta mun betur þeim kröfum sem ferðþjónusta við fatlaða á að uppfylla samkvæmt gildandi lögum og reglum. Auk þess er í drögunum tekið á jafnræðishalla gagnvart notendum vegna búsetu þeirra innan Reykjavíkur.

Tillaga er jafnframt gerð um nýja framkvæmd sem felur í sér að miða kostnaðarþak notenda við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra í stað ákveðinnar upphæðar, sem hefur þurft að sækja um breytingar á reglulega. Samningurinn er þannig hugsaður að sem minnstur tími þurfi að fara í stjórn-sýslu með honum, sem er öfugt við núverandi samning sem útheimtir töluvert meiri stjórn-sýslu eigi hann að virka Blindrafélagið hefur haldið áfram að styðja félagsmenn sína í því að gera kröfur á sveitarfélög sín um ferðaþjónustu sem mætir þörfum þeirra..

### ***Fagråd um meðferð kynferðisbrota***

Á seinasta ári ákvað stjórn Blindrafélagsins að hefja vinnu við að setja saman aðgerðaáætlun um hvernig skyldi brugðist við innan félagsins ef upp kæmu ásakanir um kynferðislega áreitni eða misnotkun á vettvangi félagsins. Sú vinna og ráðgjöf fagfólks leiddi í ljós að skynsamlegt gæti verið að huga að fleiri hópum fatlaðs fólks í þessari vinnu og varð það úr að Blindrafélagið bauð eftirtöldum samtökum aðkomu að þessari

vinnu: Félagi heyrnarlausra, Geðhjálp, Sjálfsbjörg, Þroskahjálp og ÖBÍ. Vinnan er nú á lokastigi og liggja tillögur fyrir um að stofna Fagråd um meðferð kynferðisbrota gegn fötluðu fólki og Fræðsluråd um kynferðisbrot gegn fötluðu fólki. Hlutverk Fagråðsins verður að taka á brotum sem eiga sér stað innan þeirra samtaka sem gerast aðilar að ráðinu og veita upplýsingar.

### ***Félagsfundir***

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir. Fyrri fundurinn var haldinn 14. nóvember 2013 og sá síðari 3. apríl 2014. Á félagsfundinum 14. nóvember var kynning á sérstakri viðbragðsáætlun sem stjórn félagsins hefur verið með í vinnslu, ef upp koma ásakanir um kynferðislega misnotkun eða áreitni í félagsstarfi Blindrafélagsins. Frekari upplýsingar um verkefnið má lesa á öðrum stað í þessari skýrslu. Á seinni félagsfundinum var fjallað um frumvarp til laga um um sameiningu þriggja stofnana sem þjónusta fatlað

fólk. Þessar stofnanir eru: Greiningarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga og TMF Tölvumiðstöð. Umsögn Blindrafélagsins um frumvarpið er hluti af þessari skýrslu.

Á fundinum var umræða um hvort Blindrafélagið ætti að útvíkka félagsaðild að Blindrafélaginu þannig að þeir sem eru með minna en 50% sjón með bestu glerjum ættu rétt á félagsaðild.



### *Fjölmiðlaumfjöllun*

Í því skyni að auka samfélagslega vitund á málefnum blinda og sjónskerts fólks hefur Blindrafélagið unnið að því að koma málefnum þess í auknum mæli í fjölmiðla. Á starfsárinu hafa málefni blindra og sjónskertra einstaklinga fengið prýðilega fjölmiðlaumfjöllun. Mikilvægt er að Blindrafélagið hefur náð að stýra þessari umfjöllun að langmestu leyti. Þannig eru flestallar fréttir á heimasíðu Blindrafélagsins sendar fjölmiðlum og flestallar þeirra fá einhverja umfjöllun.

Einning hafa margir einstaklingar í hópi blindra og sjónskertra náð athygli fjölmiðla fyrir það sem þeir eru að takast á við, hvort sem það er í vinnu, námi eða tóm-stundum og er það jákvætt. Óhætt er að segja að málefni blinda og sjónskerts fólks hafi fengið vaxandi athygli fjölmiðla á undanförunum árum og nokkuð víst má telja að samfélagsleg vitund á hagsmunamálum þess hafi þar af leiðandi vaxið.

### *Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar*

Á starfsárinu var haldinn einn fræðslu- og hvatningarfundur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn Blindrafélagsins. Á fundinum, sem var haldinn mánudaginn

24. febrúar, var kynning á hvað fælist í aðgerðaáætlun gegn kynferðislegu áreiti sem nú er í vinnslu á vettvangi félagsins og annarra samtaka fatlaðs fólks.

### *Hljóðbókasafn Íslands*

Samstarf Blindrafélagsins og Hljóðbókasafns Íslands hefur verið mikið og náið á starfsárinu. Frekari upplýsingar um það er að finna í skýrslunni „Byltingin í aðgengi að upplýsingum og afþreyingu fyrir blinda og sjónskerta eldri borgara á Íslandi“ og starfsskýrslu safnsins. Í lok ársins 2012 voru samþykkt ný bókasafnalög á Alþingi, nr. 150/2012. Lög um Blindrabókasafn Íslands voru felld úr gildi en hluti laganna var felldur undir nýju lögin. Fékk safnið jafnframt nýtt nafn, Hljóðbókasafn Íslands. Í nýjum lögum var stjórn safnsins, sem starfaði skv. gömlu lögunum, lögð niður

en í staðinn tók til starfa samráðshópur um málefni safnsins. Í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 150/2012 segir:

„Ráðherra skipar sex manna samráðshóp um málefni Hljóðbókasafns Íslands. Skal einn fulltrúi tilnefndur af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi, einn af Félagi lesblindra, einn af Félagi íslenskra sérkennara, einn af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, og einn af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.“

**Samráðshópin skipa:** Kristinn Halldór Einarsson, formaður – Blindrafélagið  
 Sædís Ósk Harðardóttir, varaformaður – Félag íslenskra sérkennara  
 Agústa Eir Gunnarsdóttir, nefndarmaður – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð  
 Bergljót Tulin. Gunnlaugsdóttir, nefndarmaður – Upplýsing  
 Snævar Ívarsson, nefndarmaður – Félag lesblindra á Íslandi  
 Aldís Ebba Eðvaldsdóttir, varamaður – Félag íslenskra sérkennara  
 Arnheiður Björnsdóttir, varamaður – Blindrafélagið  
 Benjamín Þ. Júlíusson, varamaður – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð  
 Guðný Ólöf Helgadóttir, varamaður – Félag lesblindra á Íslandi  
 Hrafn Andrés Harðarson, varamaður – Upplýsing

### *Samtök, stofnanir og sjóðir*

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Hljóðbókasafni Íslands,
- Margrétarsjóði,
- Sjóðnum Blind börn á Íslandi,
- Sjónverndarsjóði,
- Styrktarsjóði Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,

- Stuðningi til sjálfstæðis, styrktarsjóði Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga,
- Öryrkjabandalagi Íslands.

### *Leiðsöguhundaverkefnið*

Blindrafélagið er í samstafi við Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga um þjálfun og úthlutun á leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta. Blindrafélagið mun afla fjár til að styrkja verkefnið sem nú er alfarið á ábyrgð Miðstöðvarinnar og er það í samræmi við stefnumörkun Blindrafélagsins.

Áhersla hefur á undanförunum þremur árum verið lögð á að finna hunda hjá íslenskum ræktendum til að þjálfa sem leiðsöguhunda. Nú þykir fullreynt að þessi nálgun skila rekki nægjanlegum fjölda hæfra hunda og fyrir vikið verður verkefnið of dýrt. Ákvörðun hefur því verið tekin um að leita eftir því að fá hunda frá norsku blindrasamtökunum. Viðræður hafa þegar átt sér stað þar sem óskað var eftir því að fá framvegis

leiðsöguhunda frá Noregi. Því var haldið opnu hvort um yrði að ræða fullþjálfaða hunda, þjálfaða að hluta eða með öllu óþjálfaða. Eins og málum er háttað nú í Noregi er vöntun á leiðsöguhundum en þeir eiga von á því að á næsta ári verði framboðið orðið það mikið að hægt verði að afgreiða einhverja hunda til Íslands.



Sebastian er einstakur hundur. Það eru bara örfáir hundar sem búa yfir þeim eiginleikum sem til þarf til að geta orðið leiðsöguhundur fyrir blinda.

### *Samstarfsfundir stjórnar, deilda og nefnda Blindrafélagsins*

Á starfsárinu voru haldnir tveir samstarfsfundir deilda og nefnda Blindrafélagsins, í september og janúar. Markmiðið er að kynna og samræma

allt það mikla og fjölbreytta starf sem er innan Blindrafélagsins. Mjög góð mæting var á báðum fundinum og almenn ánægja með hvernig til tókst.

## Sjónlýsingar

Blindrafélagið hefur á undanförunum árum komið að því að styrkja tiltekin sjónlýsingarverkefni í þeim tilgangi að reyna að festa í sessi þessa þjónustu. Í september 2013 var menningarverkefninu „Ísland og Pólland gegn útilokun frá menningu“ (Iceland and Poland Against Exclusion From Culture) hleypt af stokkunum. Blindrafélagið kom að því að á opunarhátíðinni var pólska myndin *Darkness sýnd í Bíó Paradís* með bæði íslenskri sjónlýsingu og upp-

lestri á íslenskum texta.

Blindrafélagið hefur einnig stutt lista-hátíðina List án landamæra 2014 til að setja upp verkefni með sjónlýsingum á dagskrá hátíðarinnar og tengja við 75 ára afmæli Blindrafélagsins. Þau atriði sem er að ræða eru:

- Sjónlýsing á myndverki við opunarhátíð hátíðarinnar.
- Málstofa við HÍ um sjónlýsingar.
- Leiksýning sem sýnd væri með sjónlýsingu og jafnvel táknmáli.

### **Skýrsla um mótun náms fyrir kennara blindra og sjónskertra nemenda**

Á vettvangi stjórnar Blindrafélagsins og styrktarsjóðsins Stuðningur til sjálfstæðis voru á árinu til umfjöllunar viðbrögð við skýrslu um mótun náms fyrir kennara blindra og sjónskertra nemenda, sem unnin var af sérstökum starfshópi skipuðum af Blindrafélaginu og Menntunarsviði Háskóla Íslands. Í skýrslunni gerir starfshópurinn tillögu um að þrenns konar nám verði í boði:

1. Stök námskeið (fjögur sérhæfð 10e námskeið).
2. Sérhæfing í 60e diplómu.
3. Sérhæfing í 120e meistaranámi.

Mælir starfshópurinn með því að í fyrstu verði einungis í boði diplómanám (60–70e) og stök námskeið (4x10e). Í umfjöllun um skýrsluna voru Huld Magnúsdóttir, forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, og Elfa Hermannsdóttir, fagstjóra sérkennsluráðgjafar, fengnar til skrafs og ráðagerða. Í þeim samræðum varð að samkomulagi að þær myndu skila

minnisblaði með sjónarmiðum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar vegna náms fyrir kennara blindra og sjónskertra nemenda.

Í minnisblaðinu segir m.a.:

*Sú tillaga sem Miðstöðinni hugnast best eru stök sérhæfð námskeið þar sem starfsfólk Miðstöðvarinnar gæti komið að kennslu og útfærslu námskeiðanna.*

Enn fremur segir:

*Miðstöðin hefur haldið viðamikil námskeið með erlendum fyrirlesurum á hverju ári og reynslan hefur sýnt okkur að kennarar blindra og sjónskertra nemenda koma almennt ekki á slík námskeið né sækja sér aukna fræðslu á þessu mjög svo afmarkaða sérsviði nema af því að ráðgjafar Miðstöðvarinnar leggja hart að þeim að koma, beint og í gegnum skóla-stjórnendur. Það er því okkar reynsla að fáir kennarar í almennum skólum myndu fást í langt og sérhæft nám í kennslu blindra og sjónskertra.*

Síðar í minnisblaðinu segir:

*Miðstöðin vill meta og skoða nám sem hæfir starfsfólki þess best á hverjum tímapunkti fyrir sig. Þannig eigum við möguleika á að senda starfsfólk okkar í besta nám sem er í boði hverju sinni. Við teljum því heppilegast að halda námskeiðum fyrir starfsfólk skóla aðskildu því námi sem ráðgjafar okkar á Miðstöðinni sækja.*

Í minnisblaðinu segir einnig frá því að í samstarfi stofnana sem sinna blindum og sjónskertum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku sé í undirbúningi nám, sem áformað er að geti orðið á meistarastigi við Høgskolen i Buskerud, Kongsberg, Noregi (Nordisk master i synspedagogikk og synsrehabilitering; Nordic Master in Vision Rehabilitation). Eftirfarandi tillaga að afgreiðslu var samþykkt og send Menntavísindasviði HÍ:

Í ljósi framangreinds samþykktu stjórn Blindrafélagsins tillögu stjórnar Stuðnings til sjálfstæðis, sem var eftirfarandi:

- Að stefna að því, í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, að boðið verði uppá þau stöku námskeið og það

diplómanám sem gerð er tillaga um í skýrslunni.

- Að óska eftir því við Menntavísindasvið HÍ að fram verði lagðar áætlanir um það fjármagn sem þyrfti til að hægt verði að bjóða uppá námið í samræmi við þá tilhögun sem starfshópurinn gerir tillögu um. Á grundvelli þeirra upplýsinga mun sjóðurinn meta hvaða fjárstuðning hann er reiðubúinn að veita til stofnunar og reksturs náminu og í hvaða formi.

- Að Menntavísindasvið HÍ segi til um hver væri lágmarksfjöldi þátttakenda.
- Í samstarfi við Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina verði áætlað, í gegnum viðtöl við skólastjórnendur, sveitarstjórnarmenn og kennara, hversu margir einstaklingar myndu fara í umrætt nám. Gert er ráð fyrir að einhver fjástyrkur gæti fylgt hverjum þátttakanda frá sjóðnum til skóla eða sveitarfélags eftir atvikum.

- Að í samstarfi við Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina verði komið á sambandi milli Menntavísindasviðs HÍ og þeirra sem nú vinna að sameiginlegu meistaranámi Norðmanna, Svía og Dana með það í huga að skoða mögulegt samstarf.

### Skóðanakönnun

Á árunum 2009 og 2011 fékk Blindrafélagið Capacent Gallup til að gera skóðanakönnun meðal almennings, stuðningsmanna og félagsmanna Blindrafélagsins um mörg atriði varðandi blindu og sjónskerðingu. Einnig var spurt um málefni blindra og

sjónskertra og Blindrafélagsins.

Niðurstöðurnar eru á vef Blindrafélagsins. Þegar þetta er skrifað er verið að vinna nýja skóðanakönnun um þessi mál og verða niðurstöður hennar birtar fljótlega.

### **Starfslok framkvæmdastjóra**

Í desember 2013 tilkynnti Ólafur Haraldsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Blindrafélagsins undanfarin 12 ár, að hann óskaði eftir því að láta af störfum sem framkvæmdastjóri á miðju ári 2014 enda væri hann kominn á lífeyrisaldur. Stjórn Blindrafélagsins féllst á beiðnina og ákvað að

ráða Kristin Halldór Einarsson í starf framkvæmdastjóra frá og með 1. júlí 2014. Jafnframt var samþykkt að Ólafur starfi áfram til ársloka 2014 að sérverkefni við innleiðingu nýs bókhaldskerfis auk þess sem hann verði nýjum framkvæmdastjóra innan handar á þeim tíma.

### **Stefnumótun Blindrafélagsins**

Stefnumótun Blindrafélagsins, sem upphaflega var samþykkt árið 2009 og svo endurskoðuð og uppfærð á árinu 2014, er mikilvægur leiðarvísir í starfi stjórnarinnar.

Á vinnufundum stjórnar í september 2013 og janúar 2014 var farið yfir stefnu-

mótunina, staða tekin á verkefnum og nýjum verkefnum bætt við. Varðandi frekari upplýsingar um stefnumótunina er vísað í viðauka með þessari skýrslu, en þar er hægt að lesa stefnumótunina í heild sinni.

### **Útgáfumál**

Að venju var Víðsjá gefin út tvisvar á starfsárinu og send til um 20 þúsund einstaklinga. Miðað við dreifingu Víðsjár er blaðið eitt best lesna tímarit sem gefið er út á Íslandi ef marka má skoðanakönnun Capacent Gallup frá 2014.



### **Umsögn um breytingar á lögum um almannatryggingar**

Blindrafélagið sendi inn ítarlega umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar. Í umsögninni var sú almenna afstaða Blindrafélagsins kynnt að ákveðnir þættir frumvarpsins væru til bóta. Á það einna helst við þann hluta frumvarpsins sem dregur úr skerðingum til bótaþega. Það telur Blindrafélagið mjög mikilvægt. Hins vegar er það skoðun Blindrafélagsins að forgangsraða eigi með öðrum hætti. Í stað þess að byrja á því að bæta kjör þeirra lífeyrisþega sem eru í efri tekjumörkum hefði verið nær að byrja á því að bæta kjör þeirra sem tilheyra tekjulægsta hópnum, ef ekki er talið fært að gera

hvort tveggja. Það er miður að svo hafi ekki verið gert. Aðrir þættir frumvarpsins eru svo aftur með öllu ótækir að mati Blindrafélagsins og gengur félagið í raun svo langt að telja að ákveðin atriði frumvarpsins séu í andstöðu við stjórnarskrárvarin mannréttindi bótaþega.

Ekkert tillit var tekið til umsagnarinnar, sem fékk nokkra athygli fjölmiðla. Samþykkt laganna mætti hinsvegar töluverðri gagnrýni, meðal annars vegna atriða sem Blindrafélagið benti á í sinni umsögn.

Hér má sjá umsögnina í heild sinni: <http://www.blind.is/media/frettir/UMSOGN-BLINDRAFELAGSINS-UM-MAL-25.pdf>

*Umsögn um frumvarp til laga um Straumhvörf – sérhæfða þjónustumiðstöð*

Það frumvarp sem hér er tekið til umsagnar fjallar um sameiningu þriggja stofnana sem þjónusta fatlað fólk. Þessar stofnanir eru Greiningarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Þjónustu og þekkingarmiðstöðin fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga og TMF Tölvumiðstöð.

**Almennt um sögu og stöðu þjónustu við blint og sjónskert fólk á Íslandi**

Þegar litið er yfir lengri tíma til þess hvernig hið opinbera hefur staðið að þjónustu við blint og sjónskert fólk á Íslandi er sú saga hinu opinbera ekki til framdráttar. Það var t.d. ekki fyrr en 1977 sem hið opinbera axlaði ábyrgð á menntun blindra barna. Allt fram að þeim tíma hafði Blindravinafélag Íslands borið fjárhagslega ábyrgð á menntun blindra barna á Íslandi. Árið 1985 var Sjónstöð Íslands stofnuð, áratugum eftir að sambærilegar stofnanir voru settar á fót í nágrannlöndunum. Sú stofnun var lengst af fjárvana og gat ekki sinnt mikilvægri þjónustu.

Árið 2004 var blindradeild Álftamýraskóla lögð niður og áform voru kynnt um að í staðinn kæmi um 5 klukkustunda ráðgjöf sem dekkja átti þjónustu við öll blind og sjónskert börn á landinu, sem eru yfir 100 talsins. Á árunum 2005 til 2007 komu fram tillögur um að sameina Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og Sjónstöð Íslands í eina stofnun. Þær tillögur fólu ekki í sér útfærslu á því

hvernig standa ætti að og bæta þjónustu við blind og sjónskert börn og ungmenni í skólakerfinu, sem mikil þörf var á og hið opinbera var í engu að sinna á þessum árum.

Foreldrar blindra og sjónskertra barna og ungt blint og sjónskert fólk sá sig á þessum árum tilneytt til að flytjast erlendis til að hafa kost á aðgengilegri menntun. Í kjölfar þess að það tókst að stöðva þessar ómarkvissu hugmyndir um sameiningu Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands og Sjónstöðvarinnar tókst að fá menntamálaráðherra til að setja á fót verkefnahóp sem hóf skoðun á því hvað nauðsynlegt væri að gera til að blind og sjónskert börn fengju þá þjónustu sem þau áttu rétt á. Var þessi vinna sett í gang í kjölfar úttektar erlendra sérfræðinga sem kostuð var af Blindrafélaginu.

Skipulag og niðurstaða þeirra vinnu, sem unnin var undir forræði Félagsmálaráðuneytisins, var um margt til fyrirmyndar þegar kom að samráði við hagsmunaaðila. Í desember 2008, rétt fyrir jól og í miðju Hruni, voru samþykkt lög um nýja þjónustustofnun, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga. Miðstöðin tók til starfa í upphafi árs 2009. Á árinu 2008, þegar ljóst þótti í hvað stefndi, lögðu Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands umtalsverða fjármuni í að mennta nýtt starfsfólk hinnar nýju Miðstöðvar.

Vegna þess góða starfs sem unnið hefur verið á Miðstöðinni frá upphafi er nú svo komið að í fyrsta sinn í sögunni er hægt að tala um að þjónusta við blint og sjónskert fólk á Íslandi sé sambærileg og í nágrannalöndum okkar.

Í sumum tilfellum, eins og þegar kemur að hugmyndafræði og þjónustu við börn og ungmenni, má jafnvel sjá merki um meiri framsækni og betri þjónustu en í sumum nágrannlöndum okkar.

Að ýmsu leyti má segja að tekist hafi að gera veikleika, sem oft eru taldir felast í fámenninu hér á landi, að tækifærum til að gera þjónustuna betri, stytta boðleiðir og gera aðgengi að þjónustunni mjög gott og persónulegt. Blindrafélagið hefur á þeim árum sem liðin eru frá stofnun Miðstöðvarinnar haft frumkvæði að því að 150 milljónum króna hefur verið veitt til verkefna og málefna blindra og sjónskertra sem ætlað er að stuðla að auknu sjálfstæði þeirra.

Innan Blindrafélagsins er í öllum meginatriðum ánægja með hvernig hið opinbera hefur rækt skyldur gagnvart blindu og sjónskertu fólk frá árinu 2009 – kannski í fyrsta sinn í sögunni.

Þá kemur tillaga um sameiningu við aðrar stofnanir.

Einhvers staðar segir að það sé óþarfi að laga það sem ekki er bilað. Það er síðan engin ástæða til að draga fjöður yfir þá staðreynd að inn í þetta andrúmsloft fléttast almennt, langvarandi og mikið vantraust í garð íslenskra stjórnmalamanna.

## **Almennt um frumvarpið og markmiðin með því**

Í inngangi athugasemda við frumvarpið er gerð grein fyrir því að um nokkurra ára skeið hafi verið til skoðunar hugmyndir um sameiningu og/eða samvinnu þjónustustofnana sem veita fötluðu fólk sérhæfða þjónustu á landsvísu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá apríl 2013 kemur fram að sterkar líkur séu á að sameining feli í sér bæði faglegan og fjárhagslegan ávinning. Ítrekað hefur komið fram hjá ráðherra í umfjöllun um málið að fjárhagslegur ávinningur sameiningar verði nýttur til að bæta þjónustuna og allir þeir þjónustuhópar sem hin nýja stofnun muni sinna eigi kost á fjölbreyttari og betri þjónustu hjá nýrri þjónustustofnun.

Í ljósi þess að þeim einstaklingum fer fjölgandi sem þurfa á ólíkri sérfræðiþjónustu að halda, m.a. fjölfötluð börn og eldra fólk sem bæði er sjón- og heyrnarskert, er auðvelt að sjá þá ríku hagsmuni sem felast í því að hægt sé að sækja sem mesta þjónustu til einnar þjónustustofnunar þar sem starfar fjölmennur og fjölbreyttur hópur öflugfagfólks.

Blindrafélagið varar þó við því að ýmsir neikvæðir þættir sem eru í umhverfi Greiningarstöðvar ríkisins og Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands, og liggja í löngum biðlistum hjá Greiningarstöðinni og mikilli kostnaðarþátttöku heyrnarskertra í heyrnartækjum, verði hluti af umhverfi nýrrar stofnunar.

Það verður ekki ásættanlegt og mun Blindrafélagið fylgjast vel með hvernig tekið verður á þeim málum.

Blindrafélagið er, með þeim fyrirvörum sem hér hafa verið raktir, almennt séð jákvætt gagnvart þeim markmiðum sameiningarinnar sem felast í:

**A.** Að byggð verði upp markvissari og skilvirkari þjónusta við markhópa stofnana.

**B.** Að styrkja sérhæfingu og samhæfingu í starfi mismunandi fagstétta og með því auka gæði þjónustunnar.

**C.** Að til verði fjárhagslega öflug þjónustustofnun við fatlað fólk.

**D.** Að fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni verði nýttur til að bæta þjónustuna.

**E.** Að festa í sessi að umrædd þjónusta sé miðlæg þriðja stigs þjónusta á ábyrgð ríkisins.

Blindrafélagið mun fylgjast vel með þeim fjárveitingum sem tillaga verður gerð um í næsta fjárlagafrumvarpi til hinnar nýju stofnunar, sem áformað er að taki til starfa í upphafi árs 2015. Ef sýnt þykir að ekki eigi að láta hina nýju stofnun njóta hins fjárhagslega ávinnings sameiningarinnar áskilur félagið sér allan rétt til að reyna að stöðva framgang málsins.

### **Umsagnir um einstakar greinar frumvarpsins**

#### *1. gr. Markmið og hlutverk.*

Ekki er kveðið á um undir hvað ráðherra stofnunin heyrir. Blindrafélagið

leggst alfarið gegn því að stofnunin heyri undir heilbrigðisráðherra ef skipta á Velferðarráðuneytinu aftur upp í Félagsmálaráðuneyti og Heilbrigðisráðuneyti. Félagið telur mikilvægt að hin nýja stofnun heyri undir félagsmálaráðherra ef ekki verður horfið aftur til þess að vera með einn velferðarráðherra.

#### *2. gr. Skipulag og stjórn.*

Af fenginni reynslu þá telur Blindrafélagið mikilvægt að til staðar sé samráðsvettvangur stjórnenda þjónustustofnana fyrir fatlað fólk og hagsmunaaðila. Slíkt er til staðar í lögum um Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga. Gott samstarf allra hagsmunaaðila er ekki síst dýrmætt stjórnendum þeirra opinberu stofnana sem í hlut eiga. Blindrafélagið leggur því til að í þessa grein verði sett ákvæði um samstarfshóp hagsmunaaðila sem verði forstjóra til ráðgjafar.

#### *3. gr. Skilgreining hugtaka.*

Gerð er tillaga um eftirfarandi breytingu á skilgreiningu nr. 3 um blindu.

Skilgreiningin verði svohljóðandi:

„Lögblanda: Minna en 10% sjón með venjulegum sjónglerjum, og innan við 10 gráðu sjónsvið samkvæmt lækni-fræðilegri greiningu.“

Þessi skilgreining er í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og í reynd er þessi skilgreining mun meira þjónustu-



afmarkandi.

4. gr. *Verkefni og starfssvið.*

Gerð er tillaga um að notast við hugtakið punktaletur í stað blindraleturs. Punktaletur er það hugtak sem notað er í lögum um íslenska tungu, nr. 61/2011.

9. gr. *Ýmis ákvæði.*

Í þessari grein er Miðstöðinni gefin heimild til að krefjast greiðslu fyrir hjálpartæki sem úthlutað er til einstaklinga undir 18 ára aldri.

Blindrafélagið leggst alfarið gegn þessari heimild. Sum þeirra hjálpartækja sem blind og sjónskert börn nota, og geta ekki verið án, eru mjög dýr, kosta jafnvel nokkur hundruð þúsund krónur og yfir milljón. Öll kostnaðarþáttaka í hjálpartækjum fyrir blind og sjónskert börn er með öllu óásættanleg og mun hafa í för með sér grófa mismunun á möguleikum þeirra til að stunda nám. Blindrafélagið mun aldrei fallast á slíka heimild og mun berjast gegn henni af öllum mætti.

Lagt er til að eftirfarandi setning detti út:

„Miðstöðin getur með sérstökum samningum annast sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla.“

Reynslan bæði hérlendis og erlendis hefur leitt í ljós að ef menntastofnanir þurfa að fara að greiða fyrir sérfræðipjónustu við blind og sjónskert börn dettur eftirspurn eftir pjónustunni niður með tilheyrandi skerðingu á nauðsynlegri pjónustu.

*Ákvæði til bráðbirgða.*

Blindrafélagið leggur til að við bætist nýr töluliður:

„IV Þrátt fyrir ákvæði III. töluliðar þá skulu þeir fullorðnu einstaklingar sem rétt eiga til þjónustu Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands eiga rétt á þeirri þjónustu sem hefur verið veitt af Greiningarstöð ríkisins.“

### **Niðurlag**

Eins og fram kemur í þessari umsögn þá er almenn ánægja með hvernig staðið hefur verið að þjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga frá því að Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga tók til starfa í upphafi árs 2009. Felst sú ánægja ekki síst í þeirri hugmyndafræði að þjónustuna skuli veita á heimavelli þjónustuþega og styðja hvern og einn einstakling til sjálfstæðis á hans eigin forsendum. Blindrafélagið hefur átt í mjög góðu samstarfi við bæði stjórnendur og starfsmenn Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Félagið hefur notið dýrmæts faglegs stuðnings frá starfsmönnum. Félagið hefur styrkt fjárhagslega verkefni eins og námskeiðshald með erlendum leiðbeinendum og leiðsöguhundaverkefnið. Starfsmenn Miðstöðvarinnar hafa jafnframt verið styrktir til mennta og að sækja ráðstefnur erlendis. Virk þáttaka í erlendu samstarfi hefur tvímælalaust

stuðlað að framsækni í hugmyndafræði og þjónustu.

Til marks um góðan árangur af starfi Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga er hægt að nefna að þegar Miðstöðin tók til starfa var einungis einn blindur/sjónskertur einstaklingur í háskólanámi. Í dag eru þeir 13. Einnig má nefna að virkni meðal blindra og sjónskertra einstaklinga á virkum

vinnualdri er mjög mikil á Íslandi samanborið við nágrannalönd okkar. Það má vera ljóst að það liggja mikil verðmæti í núverandi starfsemi Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Blindrafélagið treystir því að samráð um fyrirhugaða sameiningu verði með þeim hætti að þeim verðmætum verði ekki stefnt í voða.

---

### *Lokaorð*

---

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins færi ég öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum, sem komið hafa að því að gera starfsemi Blindrafélagsins eins blómlega og raun ber vitni, kærar þakkir fyrir sitt verðmæta framlag. Það er umtalsverð vinna sem liggur í því að skipuleggja starfsemi deilda, nefnda og klúbba á vegum félagsins, en þar hefur víða verið blómlegt starf um margra ára skeið. Starfsfólki félagsins eru einnig færðar kærar þakkir fyrir vel unnin störf og trúmennsku í garð félagsins og félagsmanna.

Að lokum færi ég svo stjórnarmönnum kærar þakkir fyrir jákvætt og uppbyggilegt samstarf á árinu.

F.h. stjórnar Blindrafélagsins,  
Kristinn Halldór Einarsson, formaður.



Kristinn Halldór Einarsson,  
formaður Blindrafélagsins

## Starfsemi skrifstofu

### Starfsmannamál 2013

Á árinu 2013 urðu þessar breytingar helstar á starfsmannahaldi Blindrafélagsins.

Í janúar hóf Marjakaisa Matthíasson störf sem alþjóðafulltrúi og starfsmaður deilda í 50% starfshlutfalli en fram til þess tíma hafði Kristinn Halldór Einarsson, formaður félagsins, sinnt alþjóðamálum. Auk formennskunnar mun Kristinn starfa sem verkefnastjóri fyrir vefvarpið og talgervilinn Karl og Dóru. Í sama mánuði kom Helga Friðriksdóttir til starfa sem trúnaðarmaður í 10% starfshlutfalli. Helga sinnir einkum foreldrum blindra og sjónskertra barna og starfar frá Ísafirði þar sem hún býr.

Í janúar lét Rósa María Hjörvar af störfum sem ferilsfræðilegur aðgengisfulltrúi þar eð hún vildi einbeita sér að starfi sínu hjá Þjónustu- og þekkingar-

miðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga.

Í apríl kom Baldur Snær Sigurðsson til starfa í 50% starfshlutfalli sem tölvuráðgjafi á skrifstofu félagsins en hann mun leiðbeina félagsmönnum í tölvumálum með sérstakri áherslu á vefvarpið og íslenska talgervilinn. Í sama mánuði lét Anna Kristín Tryggvadóttir af störfum hjá félaginu að eigin ósk en hún vann sem ritari við almenn skrifstofustörf.

Frá júní til ágúst unnu þeir Bjarni Egill Ögmundsson og Björn Alfredsson við að skrifa tölvuviðmót fyrir Vefvarp Blindrafélagsins sem gerði samdægursbirtingu á dagblöðum mögulega.

Í júní, júlí og ágúst voru þau Ívar Örn Ívarsson, Eybór Kamban Þrastarson og Iva Maria Adrichem í sumarstörfum fyrir félagið, í stuttan tíma hvert.



Nokkrir starfsmenn Blindrafélagsins á öskudegi 2014



Starfsmenn Blindrafélagsins í apríl 2013

Þann 1. desember 2013 lækkaði starfshlutfall Birkis Rúnars Gunnarssonar að hans eigin ósk úr 50% niður í 20%. Birkir mun áfram sinna aðgengismálum fyrir Blindrafélagið en vegna annarra starfa varð hann að draga úr störfum sínum fyrir félagið. Birkir starfar eins og áður frá Bandaríkjunum þar sem hann býr.

Síðla árs 2013 óskaði Klara Hilmarsdóttir eftir starfslokum vegna aldurs, frá áramótum að telja, en þá hafði hún starfað sem ráðgjafi félagsins í 12 ár.

Er ástæða til að þakka henni fyrir langan og farsælan starfsferill í þágu félagsins allan þann tíma og eru henni hér með færðar góðar kveðjur og óskir um farsæla framtíð erlendis.

Frá og með 1. janúar 2013 bætti Marjakaisa Matthíasson við sig hluta af störfum ráðgjafa og jókst starfshlutfall hennar í 60% frá sama tíma.

Pórey Haraldsdóttir sem unnið hefur sem aðstoðarmaður í eldhúsi og við Opið hús marga undanfarna vetur ákvað að hætta að loknu vetrarstarfinu í maí 2013.

Blindrafélagið þakkar öllum starfsmönnum sínum vel unnin störf á árinu og óskar þeim sem hurfu frá störfum velfarnaðar á öðrum sviðum.

Í desember 2013 störfuðu 20 einstaklingar hjá félaginu fastráðnir í 12,44 stöðugildum.

Heildarstarfsmannakostnaður félagsins árið 2013 nam 77,6 milljónum króna að meðtöldum launatengdum gjöldum.

### *Ferðapjónusta blindra*

Í lok ársins 2012 voru 512 einstaklingar sem nýttu sér ferðapjónustuna. Þar af eru 89 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 21% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er kr. 50 á ferð.

Ferðafjöldinn milli ára hefur aukist um 859 ferðir alls. Meðalferðafjöldi pr. notanda í ferðapjónustu blindra er nánast óbreyttur milli ára. Hann er nú 72,9 ferðir á ári á móti 73,0 ferðum árið 2012. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um skiptingu ferða milli sveitarfélaga og meðalkostnað pr. ferð.

Peir eru, taldir í stafrófsröð:

**Baldur Snær Sigurðsson**, tölvuráðgjafi  
**Birkir Rúnar Gunnarsson**, aðgengisfulltrúi  
**Brynja Arthúrsdóttir**, aðaltrúnaðarmaður og kynningarfulltrúi  
**Elín Bjarnadóttir**, trúnaðarmaður  
**Grímur Þóroddsson**, húsvörður  
**Haraldur Matthíasson**, trúnaðarmaður  
**Harpa Völundardóttir**, afgreiðsla  
**Helga Friðriksdóttir**, trúnaðarmaður  
**Hildur Björnsdóttir**, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðapjónustu blindra  
**Katrín Gunnarsdóttir**, ræstingar  
**Klara Hilmarsdóttir**, ráðgjafi  
**Kristinn Halldór Einarsson**, formaður og verkefnastjóri  
**Kristín Waage**, bókari  
**Lóa Birna Tryggvadóttir**, afgreiðsla og sala hjálpartækja  
**Margrét Pálsdóttir**, fjáröflunarfulltrúi  
**Marjakaisa Matthíasson**, alþjóðafulltrúi og starfsmaður deilda  
**Ólafur Haraldsson**, framkvæmdastjóri  
**Steinunn Hákonardóttir**, félagsmálafulltrúi  
**Pórkatla Norðkvist**, matartæknir í eldhúsi  
**Pórunn Hjartardóttir**, upplesari Valinna greina



Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðapjónustu blindra

Í lok ársins 2012 voru 512 einstaklingar sem nýttu sér ferðaþjónustuna. Þar af eru 89 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 21% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er kr. 50 á ferð.

Ferðafjöldinn milli ára hefur aukist um

859 ferðir alls. Meðalferðafjöldi pr. notanda í ferðaþjónustu blindra er nánast óbreyttur milli ára. Hann er nú 72,9 ferðir á ári á móti 73,0 ferðum árið 2012. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um skiptingu ferða milli sveitarfélaga og meðalkostnað pr. ferð.

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyri	780.175	715	1.091
Akureyri ferðir í Reykjavík	70.308	62	1.134
Árborg	36.843	25	1.474
Garðabær	472.627	207	2.283
Hafnarfjörður	1.051.070	618	1.700
Ísafjörður	90.435	101	895
Ísafjörður ferðir í Reykjavík	38.510	24	1.605
Kaldrananeshreppur	81.755	96	851
Reykjavík	52.931.438	34.761	1.523
Seltjarnarnes	941.733	606	1.554
<b>Samtals</b>	<b>56.494.894</b>	<b>37.215</b>	
Notendur með 21% afslátt	2.073.077	977	2.122

Í Reykjavík er meðalkostnaður sveitarfélagsins fyrir hverja ferð kr. 1.523 og hefur hann aukist um 10% milli ára.

Samkvæmt tölum borgarinnar er kostnaður vegna ferðaþjónustu blindra u.þ.b. 35% lægri pr. farþega/ferð en í ferðaþjónustu fatlaðra. Þessi staðreynd hefur leitt til þess að borgaryfirvöld eru alvarlega að íhuga að bjóða fleiri hópum fatlaðra samsvarandi þjónustu og lækka þar með heildarkostnað vegna ferðaþjónustu fatlaðra.

Hafnarfjarðarbær greiðir Blindrafélaginu fasta krónutölu á ári fyrir ferðaþjónustu handa lögblindum íbúum Hafnarfjarðar. Þessi upphæð hefur lengi verið óbreytt og hafa notendur því þurft að taka á sig miklar skerðingar í ferðafjölda og núna eru aðeins að hámarki átta ferðir á mánuði til ráðstöfunar til hvers notanda.

Einnig hefur þurft að grípa til þess að skerða þjónustu við íbúa Akureyrar sem njóta ferðaþjónustu blindra þar í bæ. Þar var sú leið farin, í samráði við notendur, að setja þak á kostnað við hverja ferð. Notendur þurfa sjálfir að greiða umframkostnað ef farið er upp fyrir þakið. Í dag þurfa notendur sjálfir að greiða ferðakostnað sem er umfram 2.000 kr./ferð.

Blindrafélagið hefur haldið áfram að þrýsta á bæjaryfirvöld í Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ og Árborg um ferðaþjónustu handa lögblindum íbúum þessara bæjarfélaga. Í Mosfellsbæ var gerður samningur fyrir einn félagsmann um ferðaþjónustu honum til handa. Árborg hefur samþykkt að greiða lögblindum íbúum sveitarfélagsins ferðaþjónustu í Reykjavík sem tengist félagsstarfi Blindrafélagsins.

Kópavogsbær hefur enn ekki ljáð máls á samningi við Blindrafélagið um ferðaþjónustu blindra þar í bæ.

Samningur hefur verið í gildi milli Blindrafélagsins og Álftaness um ferðaþjónustu blindra um nokkurra ára skeið. Þessi samningur gildir áfram eftir sameiningu Álftaness og Garðabæjar. Blindrafélagið hefur nú fengið lögfræðiálit þess efnis að jafnræði íbúa sveitarfélagsins sé brotið með því að veita fyrrum Álftnesingum ferða-

þjónustu en öðrum íbúum sveitarfélagsins ekki.

Í byrjun árs 2013 var undirritaður samningur um ferðaþjónustu blindra á Ísafirði. Þar eru í boði 40 ferðir en kostnaður sveitarfélagsins skal ekki fara yfir kr. 1.000 fyrir hverja ferð. Þau nýmæli eru í samningnum að Ísfirðingum eru boðnar allt að 12 ferðir á ári í Reykjavík á sambærilegum kjörum og gilda í ferðaþjónustu blindra í Reykjavík.

### Hjálpartæki

#### Smávara og vefverslun

Sala á ýmiss konar smávöru fyrir blinda og sjónskerta hófst fyrir fimm árum þegar félagið tók við sölu smárra hjálpartækja af Sjónstöð Íslands. Síðan hefur úrval þessarar vöru verið markvisst aukið. Einkum eru það vörur frá RNIB í Bretlandi og frá Maxi Aids í Bandaríkjunum sem hafa bæst í flóruna. Salan 2013 nam um 1,3 millj. kr. og fer hluti sölunnar nú fram í gegnum vefverslun félagsins. Álagningu á þessum smávörum er stillt í hóf og fá félagsmenn Blindrafélagsins þar að auki 25% afslátt. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn fremur en að hagnast á sjálfri sölunni.

Í smávöruverslun Blindrafélagsins er gott úrval af úrum og klukkum.

Í vefversluninni eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Vinsælustu vörurnar eru meðal annars armbandsúr, klukkur, spil, eldhúsvörur og Þríkrossinn.

Nýlega tókum við í sölu listaverk eftir listakonuna vinsælu Línu Rut en hún hennar skemmtilegar fígúrir sem heita Kríli og „Happy face“. Einnig eru til sölu bolir með „Happy face“ og litabækur með teikningum Línu Rutar.

Umsjónarmaður verslunarinnar er Lóa Birna Tryggvadóttir.



Í verslun Blindrafélagsins eru seld Kríli eftir Línu Rut

Lóa Birna Tryggvadóttir sér um hjálpartækjaverslun Blindrafélagsins



## Mötuneyti

Mötuneytið í Hamrahlíð 17 hefur nú verið rekið óslitið síðan síðla árs 2008 þegar rekstur þess var hafinn að nýju eftir fimm ára hlé.

Rekstrarmódelið miðast við að notendur greiði sem svarar hráefniskostnaði matarins en Blindrafélagið leggur til annan kostnað, þ.m.t. laun starfsmanna. Á árinu 2013 var kostnaður við reksturinn um 700 þús. kr. hærri en rekstrarmódelið gerir ráð fyrir. Þess ber að gæta að allur kostnaður og tekjur vegna veitinga í Opnu húsi og á skemmtunum félagsins eru inni í þessari tölu.

Hér fyrir neðan eru hugleiðingar Þórkötlu Norðquist matartækni um sína stefnu í rekstri mötuneytisins:

*„Þegar hugað er að stefnumótun þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímum.*

*Í starfi mínu hef ég að leiðarljósi þau ráð sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvet einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Ég fylgi eftir þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum, en þar eru dagleg þrif stór þáttur í starfi mínu sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig fylgi ég GAMES en það er gæðaeftirlitskerfi og fer ég því vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhús til mín. Ég kanna ástand þeirra, þakkingar, flutninga og meðhöndlun.*



Þórkötla Norðquist matartæknir ræður ríkjum í mötuneytinu

*Með þetta að leiðarljósi leitast ég ávallt við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar og er ég þar með í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði hráefnis. Matseðlana vinn ég svo mánuð í senn í samráði við birgjana og hvort hægt sé að útvega besta mögulega hráefnið hverju sinni.*

*Stefna mín er því sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs sem fela í sér hollt og næringarríkt heilsusamlegt fæði og að allir fái sem bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.*

*Einnig hlusta ég eftir hvaða óskir fólk hefur og reyni að taka tillit til þess hverju sinni og leitast ég eftir að hafa matinn heimilislegan og vel framsettan. Ég reyni að hafa fjölbreytt meðlæti í boði þegar það er opið hús, en pönnukökur og vöflur með rjóma standa alltaf fyrir sínu. Það er ekkert skemmtilegra en að hafa alla sadda og sátta.“*



***Þjónustusamningar og fengnir styrkir***

**Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2013**

Frá og með árinu 2012 hafa verkefna- og rekstrarstyrkir ríkisins til félagsamtaka verið veittir af Velferðarráðuneytinu. Það ár var undirritað samkomulag um styrk til Blindrafélagsins að upphæð kr. 7.800.000. Félagið fékk sömu upphæð í styrk fyrir rekstrarárið 2013 en þá var undirritaður samningur til tveggja ára um styrkveitingar frá ráðuneytinu til félagsins. Sama fjárveiting frá ríkinu er því tryggð út árið 2014.

**Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands**

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Styrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins nam kr. 2.396.666 á árinu 2013. Inn í þeirri upphæð er sérstakt framlag vegna góðrar afkomu Íslenskrar getspar.

**Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg**

Þann 15. mars 2012 undirritaði Blindrafélagið nýjan þriggja ára þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar vegna áranna 2012–2014.

Samningurinn fjallar um leiguhúsnæði Blindrafélagsins, félags- og tómstundastarf Blindrafélagsins ásamt starfsemi ráðgjafa, æskulýðsfulltrúa, kynningarfulltrúa og trúnaðarmanna.

Samningsupphæðin er kr. 4.620.000 á ári yfir samningstímann.

**Aðrir styrkir og gjafir**

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

***Fjáröflunardeild***

**Fjárafilanir 2013**

Blindrafélagið er mjög háð fjáröflunum á hinum frjálsa markaði. Menn þurfa alltaf að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök leita eftir styrkjum til fyrirtækja og einstaklinga. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni þekktra líknarfélaga. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og erfiðara er nú en áður að sækja í þeirra sjóði. Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Á árinu 2012 varð nokkur samdráttur í heimtum í

fjáröflunarverkefnum félagsins og hélt sú þróun áfram 2013. Til að veða á móti þessari þróun var ákveðið að hækka viðmiðunarverð í flestum fjáröflunarverkefnum félagsins auk þess að draga eftir föngum úr kostnaði. Þetta varð til



Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi með höfuðfatið á hattadegi Blindrafélagsins



og árið 2012 og nú virðist sem þessi elsta fjáröflun félagsins muni lifa áfram næstu árin en um tíma var óttast að dagar jólakortasölu Blindrafélagsins væru taldir. Útgáfa kortanna hefur verið einfölduð. Nú er aðeins gefið út eitt nýtt kort á ári. Einnig hefur sala hefðbundinna sölumanna sem ganga í hús nánast lagst af. Salan fer að mestu fram í gegnum vefinn, til fyrirtækja og annarra fastra viðskiptavina og með sölu til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda með útsendingu á jólakortapökkum en alls voru sendir út um 5.000 pakkar ásamt valkröfu. Sölutekjur af jólakortum jukust um 5% og afkoman var góð.

Blindrafélagið hóf sölu á netjólakortum fyrir þremur árum en sala þeirra hefur verið lítil. Þess ber þó að geta að stór hluti kostnaðarins við að setja upp sölukerfið fyrir rafrænu kortin á netinu var einskiptiskostnaður sem hefur allur verið greiddur. Kostnaður við sölu rafrænna korta er því óverulegur.



### Þríkrossinn

Sala Þríkrossins jókst um 3% milli ára en afkoma af sölunni var mjög svipuð og árið á undan. Fyrir jólin 2011 voru settar á markaðinn fjórar gerðir af silfurkrossum en því miður hefur sala á þeim ekki náð því flugi sem vonast

var eftir. Unnið er að því að markaðssetja Þríkrossinn erlendis og erum við í samstarfi við þýskan aðila um sölu þar í landi. Sá aðili hefur lagt mikla vinnu í markaðsrannsóknir og kynningar en árangur er undir væntingum, a.m.k. hingað til. Framlegð af sölu Þríkrossins er svipuð og árið á undan en hún er varla viðunandi. Verð á gulli á heimsmarkaði hefur farið hækkandi undanfarin misseri og erfitt að fylgja því með tíðum verðhækkunum á vörinni.

Þríkross-hálsmen með keðju kosta sem hér segir í netverslun Blindrafélagsins. Þeir fást í fjórum stærðum, bæði í gulli og silfri. Verðið er með virðisaukaskatti:

	Gull	Silfur
Þríkross – stærð 1	kr. 95.780	kr. 16.050
Þríkross – stærð 2	kr. 44.385	kr. 13.750
Þríkross – stærð 3	kr. 29.632	kr. 11.749
Þríkross – stærð 4	kr. 22.282	kr. 10.050

Einnig eru framleidd úr gulli barmmerki, eyrnalokkar, bindisnælur og nælur fyrir íslenska þjóðbúninginn. Úr silfri eru framleidd skeiðar og gafflar fyrir börn. Þríkrossinn hefur verið seldur frá árinu 1989 og hefur skapað sér sess og sérstöðu á íslenskum markaði. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að ná til erlendra ferðamanna.

Í janúar 2010 keypti Blindrafélagið höfundarréttinn og vörumerki Þríkrossins af erfingjum Ásgeirs heitins Gunnarssonar en Blindrafélagið hefur átt mjög góða samvinnu við þá um sölu og markaðssetningu hans frá upphafi. Í desember 2011 var lokið við skráningu á myndmerki Þríkrossins í Evrópusambandinu og gildir sú skráning í öllum löndum þess.



### Dagatöl

Á árinu 2011 var ákveðið að gefa út dagatal fyrir árið 2012 sem væri tileinkað leiðsöguhundum fyrir blindra og sjónskerta. Hugmyndin kemur upphaflega frá blindrasamtökunum í Noregi en þar í landi er slík útgáfa þýðingarmikil fjáröflunarleið. Við ákváðum fljótt að fara eigin leiðir í útlitshönnun dagatalsins og völdum að gefa út borðdagatal með myndum af leiðsöguhundum.

Dagatalið var sent út í 23.000 eintökum ásamt 1.500 kr. valkröfu. Viðtökur voru betri en við þorðum að vona og þegar upp var staðið höfðu um 40% þeirra sem fengu dagatalið greitt valkröfuna.

Í lok árs 2012 var gefið út dagatal fyrir 2013. Upplag var heldur minna en árið á undan, um 18.600 eintök. Voru dagatölin send út milli jóla og nýárs ásamt 1.500 kr. valkröfu eins og árið á undan. Dagatalið er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar og verða tekjur af sölunni nýttar til verkefnisins. Heimtur voru jafnvel betri en árið á undan, eða um 43%.

Nýtt dagatal fyrir árið 2014 var sent út milli jóla og nýárs 2013. Upplag var um 19.100 eintök og þegar þetta er ritað hafa heimtur verið í takti við væntingar en þess má geta að 1.800 kr. valkrafa var send með dagatalinu.

Aðalhönnuður dagatalsins er Björn Westergren og ljósmyndun var í höndum Ragnars Th. Sigurðssonar.

Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins



Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins

## Félagsmáladeild

### Ráðgjafi á félagssviði - ársskýrsla 2013-2014

- Vinna með félagsmönnum og aðstandendum þeirra, sem vilja og/eða þurfa að breyta einhverju í lífi sínu
- Standa vörð um réttindi og hagsmuni einstakra félagsmanna og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum
- Fylgjast með þróun réttindamála
- Vinna að endurhæfingarmálum blindra og sjónskertra
- Vinna að rannsóknum á högum blindra og sjónskertra
- Halda utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins, skipuleggja fundi með trúnaðarmönnum og boða til þeirra
- Umsjón með sjóðnum Blind börn á Íslandi

### Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins

Starfshlutfall ráðgjafa á félagssviði hefur verið u.þ.b. 60% á ári undanfarin ár. Vinnutími ráðgjafa er frá kl. 9.00–15.00 frá mánudegi til fimmtudags að báðum dögum meðtöldum. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við ráðgjafa um hvaðeina sem á bjátar án þess að skrá sig sérstaklega í viðtal. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel en hefur haft það í för með sér að tölur um skráð viðtöl og fjölda skjólstæðinga eru ekki eins nákvæmar og fyrr. Fyrir utan viðtöl sinnir ráðgjafi erindum í síma og með tölvuskeytum og fer töluverður tími í að sinna málum skjólstæðinga með þeim miðlum. Ráðgjafi hefur í æ frekara mæli getað vísað á trúnaðarmenn félagsins, t.d. hvað varðar móttöku nýrra

félagsmanna. Með þessu fyrirkomulagi getur ráðgjafi á félagssviði einbeitt sér að þeim einstaklingum sem þurfa sérstakrar þjónustu við og haft tíma til þess að sinna fræðslu og samstarfi við þá aðili sem koma að málum þeirra. Frá aðalfundi 2013 til ársloka tók ráðgjafi á mót 34 nýjum félagsmönnum og veitti þeim viðtöl og leiðbeiningar. Auk þess veitti ráðgjafi öðrum félagsmönnum og aðstandendum þeirra viðtöl og margvíslega aðra aðstoð við að fóta sig í lífinu við breyttar aðstæður.

### Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar voru stofnanir sveitarfélaga sem sjá um félagslega heimajónustu, liðveislu og öldrunarþjónustu, ýmsar öldrunarstofnanir, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga, Tryggingastofnun ríkisins, Velferðarráðuneyti, Reykjavíkurborg, Vinnu- miðlun fatlaðra, Hringsjá, systurfyrirtæki Símans, Já.is, Vodafone, Tal, Proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.

### Trúnaðarmenn Blindrafélagsins



Trúnaðarmenn Blindrafélagsins, þau Brynja Arthúrsdóttir, Haraldur Matthíasson og Elín Bjarnadóttir

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Enn fremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta. Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi. Trúnaðarmenn mæta reglulega í „Opið hús“ Blindrafélagsins og sinna þar störfum sínum við að taka á móti félagsmönnum og veita upplýsingar um hin ýmsu málefni varðandi félagstarf og réttindi sjónskertra. Þeir hringja í alla félagsmenn að minnsta kosti tvisvar á ári til þess að fylgjast með gangi mála og veita stuðning og upplýsingar eftir þörfum. Félagsmenn Blindrafélagsins eru rúmlega 600 að tölu og eru því símtöl trúnaðarmanna hátt á annað þúsund. Aðaltrúnaðarmenn í launuðu starfi eru Brynja Arthúrsdóttir sem jafnframt er yfirtrúnaðarmaður, Elín Bjarnadóttir, Haraldur Matthíasson og Helga Friðriksdóttir sem hóf störf sem trúnaðarmaður foreldra í byrjun árs 2013. Góð reynsla hefur verið af störfum Helgu og hafa foreldrar lýst ánægju sinni með að hafa nú loks fengið eigin trúnaðarmann sér til stuðnings. Auk þeirra eru nokkrir félagsmenn sem sinna trúnaðarmannastörfum í sjálfboðavinnu og vinna við einstök mál í sjálfboðastarfi þegar þess er óskað. Reynslan af þessum breytingum hefur verið mjög jákvæð og margir félagsmenn hafa látið í ljós ánægju með betri tengingu við félagið og bættar upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er fyrir félagsmenn. Samráðsfundur launaðra trúnaðarmanna var haldinn 4. desember þar sem

farið var yfir stöðu mála og lagt á ráðin um starfið framundan. Margt bar á góma um starfssvið trúnaðarmannsins og fram kom að reynslan af starfi trúnaðarmanna félagsins undanfarin ár hefur leitt í ljós að starfsemin er mikilvæg og það má óhikað segja að kerfið sé einn af hornsteinunum í félagslegu starfi Blindrafélagsins.

Ég undirrituð hef starfað sem ráðgjafi Blindrafélagsins undanfarin 12 ár og hef átt margar góðar stundir í starfi með félagsmönnum og starfsmönnum félagsins. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka öllu því góða fólki samstarfið á liðnum árum og óska félaginu og starfsmönnum þess velfarnaðar á komandi árum.

Klara Hilmarsdóttir, guðfræðingur



Klara Hilmarsdóttir, lét af störfum sem ráðgjafi Blindrafélagsins í árslok 2013

**Nokkur orð frá nýjum ráðgjafa**  
Í ársbyrjun 2014 tók undirrituð við af Klöru Hilmarsdóttur sem ráðgjafi. Starfinu verður sinnt með öðrum áherslum en áður var.

Nú sér rágjafi um skráningu og móttöku nýrra félagsmanna og aðstandenda þeirra. Ráðgjafinn afhendir nýjum félagsmönnum aksturssamning og kynnir fyrir þeim trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins. Auk þess pantar hann félagsskírteini fyrir þá félagsmenn sem þess óska og sækir um frían aðgang að 118 fyrir lögblinda félagsmenn. Ráðgjafinn starfar einnig fyrir deildir félagsins. Hann kom að skipulagningu fyrstu sumarbúða barna sem haldnar voru í Reykjadal í ágúst sl. og barnþing sem haldið var þann 15. október. Ráðgjafinn hefur einnig starfað fyrir Ungblind og sá um skipulagningu alþjóðlegs námskeiðs á vegum Evrópu unga fólksins sem haldið var í byrjun janúar 2014 á Sólheimum.

Marjakaisa Matthíasson, ráðgjafi og starfsmaður nefnda



Marjakaisa Matthíasson, ráðgjafi og alþjóðafulltrúi

### Árskýrsla aðgengisfulltrúa 2013

Árið 2013 var viðburðaríkt ár í rafrænu aðgengi á Íslandi jafnt sem í persónulegum aðstæðum aðgengisfulltrúa og skiptust þar á skin og skúrir.

Aðgengisfulltrúinn var í 50% stöðu fyrri helming árs, fór svo í þriggja mánaða fæðingarorlof en kom eftir það aftur í 20% starf, svo þegar litið er á heildina yfir árið var hér um 30% starfshlutfall að ræða.

Verkefnalisti ársins 2013 er býsna langur og kemur víða við. Þar má helst nefna:

- Að frumkvæði aðgengisfulltrúa var aðgengilegasta vefsvæðið verðlaunað af Samtökum vefiðnaðarins á Útmessu, hátíð upplýsingatæknigeirans, í ársbyrjun. Aðgengisfulltrúi ásamt Sigrúnu Þorsteinsdóttur hjá Sjá ehf. lagði mikla vinnu í að meta aðgengi rúmlega 100 vefsvæða, en hlutskarpast þeirra var vefur skattrannsóknarstjóra, <http://www.skattrann.is>.

- Aðgengisfulltrúi skrifaði nokkra blogg pistla um vefaðgengismál, mikilvægi þeirra og af hverju þau skipta fólki máli. Pistlarnir birtust á vef Advania og viðtökurnar voru afar góðar.

- Að frumkvæði aðgengisfulltrúa var aðferðafræði við vefkönnunina **Hvað er spunið í opinbera vefi?** betrumbætt og var henni beitt við ítarlegri úttekt rúmlega 270 opinberra vefsíðna á haustmánuðum. Undirritaður ásamt Sigrúnu Þorsteinsdóttur var þar aftur á ferð við aðgengisúttektarhlutann.

- Aðgengisfulltrúi réðst ásamt Hlyni Hreinssyni í viðamikla þýðingu á **NVDA skjálesaranum** og var útgáfa NVDA 2013.1 að öllu leyti íslenskuð. Þýðingin var viðamikið verkefni og þurfti að þýða hátt í 10.000 textalínur.

- Aðgengisfulltrúi lagði mikla vinnu í alþjóðamálin. Hann var í forsvari fyrir aðgengisvinnuhóp Upplýsingatækninefndar evrópsku Blindrasamtakanna, **European Blind Union Access to Information and Technology Commission**. Á árinu setti nefndin saman ítarlegar athugasemdir við evrópsku vefaðgengis-tilskipunina **EC Web Accessibility Directive** sem tekin hefur verið til umræðu á Evrópuþinginu og stefnt er að taki gildi í byrjun árs 2016.

Þess skal geta að tilskipunin kemur til með að ná til allra landa Evrópska efnahagssvæðisins, þ.á m. Íslands. Það var kappsmál nefndarinnar að ná fram sem víðtækustum og yfirgripsmestum breytingum á tilskipuninni og stefna að því að hún næði til opinbera geirans í heild sinni, bæði til vefsvæða og farsímahugbúnaðar opinberra stofnana. Árangurinn hingað til lofar góðu en sigur er engan veginn í höfn.

- Undirrituðum tókst að koma Þjóðskrá Íslands í samevrópskt rannsóknarverkefni sem tengist vef-aðgengi, hið svokallaða **European Internet Inclusion Initiative**, og standa vonir til þess að verkefnið leiði til meiri ábyrgðar og betra rafræns aðgengis vegna þátttökunnar.

Þessu til viðbótar hélt fulltrúinn tæknilega vefaðgengisfyrirlestra fyrir hugbúnaðarfólk bæði í opinbera og einka-geiranum, hélt áfram þátttöku við prófanir og breytingar á íslenska talgervlinum, aðgengi að Android-símum og gerði úttektir á ýmsum vefsíðum fyrirtækja og stofnana. Hann sótti heim CSUN-ráðstefnuna í San Diego í marsmánuði árið 2013 auk Access University aðgengisskólans í maímánuði.

Hann gerði harðorðar athugasemdir við **stefnuyfirlýsingu um íslenska upplýsingatækni 2013 til 2016, vöxt í krafti netsins** og í lok árs hófust viðræður við Innanríkisráðuneytið um umbætur í þeim málaflokki þar sem aðgengi að rafrænni þjónustu fær meira vægi og fjárveitingar. Viðræðurnar eru enn á viðkvæmu stigi í byrjun árs 2014.

Vonandi verður hægt að skila skýrslu um góðan árangur af útkomu þeirra á næsta ári.

Að lokum þakkar undirritaður formanni og stjórn Blindrafélagsins fyrir stuðning

og atbeina á árinu og jafnframt þakkar hann Sigrúnu Þorsteinsdóttur fyrir dyggan stuðning, hvatningu, yfirlestur og aðstoð við að ná fram ýmsum markmiðum sem náðust á árinu 2013. Án stuðnings hennar hefði margt af því sem hér að ofan er talið farið í hundana, og þá er ekki verið að tala um leiðsöguhundana.

Óska ég öllum heillaríks og árangursríks árs 2014.

Birkir R. Gunnarsson, aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins á sviði rafrænna upplýsinga



Birkir Rúnar Gunnarsson

### Starf fulltrúa á sviði tölvutækni og helstu verkefni

Starf tæknifulltrúa er fólgið í því að þjónusta tækni á vegum Blindrafélagsins, stýra verkefnum tengdum þeirri tækni og sjá til þess að notendur tækninnar fái aðstoð og þjónustu.

Starfið er einnig fólgið í því að þróa og skoða nýjungar í tæknimálum sem geta nýst félögum Blindrafélagsins.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar fyrir hin ýmsu tölvumál og það sem þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er við Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar fyrir sína daglegu notkun við tölvur og tæki.



Einnig er hægt að bóka viðtalsíma, aðstoðar- eða kennslutíma fyrir til dæmis vefvarpsnotkun eða fyrir notkun talgervla.

Verkefnin sem eru í vinnslu hjá fulltrúa tölvumála eru mörg og sum nokkuð viðamikil. Helstu verkefnin sem verið er að vinna að eru:

- Vefvarpið og aðgengi að efni fyrir notendur.

Unnið er að því að gera með útgefendum efnis á internetinu og í prentmiðlum efnið eins aðgengilegt og hægt er fyrir blinda og sjónskerta í gegnum vefvarpið. Einnig er verið að vinna í að ná inn í vefvarpið ýmsum hlaðvörpum sem hægt er að finna á netinu.

- Aðgengisforrit fyrir farsíma og spjaldtölvur.

Það er mjög mikil aukning á notkun snjallsíma og spjaldtölvu og munum við halda áfram að aðstoða fólk eftir bestu getu við að notast við þessa tækni. Við höfum þegar þýtt og gefið út á íslensku aðgengisforritið Mobile Accessibility fyrir Android-snjallsíma og er það forrit aðallega hugsað fyrir byrjendur í snjallsímanotkun.

- Talgervilsraddirnar Karl og Dóra  
Það er í gangi áframhaldandi þróun á röddunum Karli og Dóru fyrir annan vettvang eins og spjaldtölvur, farsíma og önnur tæki og tól.



Baldur Snær Sigurðsson, tæknifulltrúi

Einnig er verið að skoða aukningu á notkun raddanna okkar Fjölgað hefur fyrirspurnum frá ýmsum aðilum sem hafa áhuga á að nýta raddirnar við ýmislegt, t.d. sjálfvirkan lestur inn á símsvara eða við hugbúnaðarþróun.

### Skýrsla alþjóðafulltrúa

Blindrafélagið er virkur þátttakandi í samstarfi norrænna blindrasamtaka í tveim nefndum. NSK er samstarfsnefnd norrænna blindrasamtaka og NKK er kvennanefnd þeirra. Formennska Blindrafélagsins í báðum nefndunum lauk á fyrri fundinum í mars 2014 en þá var Blindrafélagið búið að sjá um formenskuna síðastliðin tvö ár. Árlega eru haldnir tveir fundir og reyna NSK og NKK að halda að minnsta kosti einn sameiginlegan fund á ári. Fundirnir voru að þessu sinni í bæði skiptin haldnir samtímis, þeir fyrri í endurhæfingarmiðstöðinni Hurdal í Noregi í ágúst 2013 í tengslum við samnorræna ráðstefnu og þeir síðari á Íslandi í húsi Blindrafélagsins í mars 2014. Þá var Grænlandingum boðið að sitja NSK-fundinn í fyrsta sinn.

Norræna samstarfsráðstefnan er haldin á tveggja ára fresti. Meginþema ráðstefnunnar að þess sinni var fjölbreytileiki innan félaganna og var þar m.a. rætt um stöðu litilla tungumála og minnihlutahópa, svo sem Sama í Noregi og Finna í Svíþjóð. Aldraður sjónskertur Sami sagði á mjög áhrifaríkan hátt frá lífi sínu í Norður-Noregi þar sem hann skorti þjónustu á eigin tungumáli.

Á ráðstefnunni hélt Rósa María Hjörvar erindi um hvaða áhrif þróunin hefur á aðgengi að samskiptatæki fyrir sjónskerta notendur. Undirrituð hélt erindi

um máltækni og stöðu litilla tungumála í samanburði við þau stóru þegar hugsað er um framtíð þeirra í stafrænum heimi. Auk okkar tveggja sóttu Eyþór Kamban Prastarson, Gunnar Már Óskarsson og María Hauksdóttir ráðstefnuna. Blindrafélagið á einnig aðild að European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI) og fylgist með starfi á þessum vettvangi.



Marjakaisa Matthíasson, alþjóðafulltrúi

Brynja Arthúrsdóttir, kynningarfulltrúi og yfirtrúnaðarmaður

### Ársskýrsla kynningarfulltrúa 2013 – 2014

Starfssvið kynningarfulltrúa er að heimsækja skóla og stofnanir og veita fræðslu um áhrif blindu og sjónskerðingar og umgengni við fólk sem þannig er ástatt fyrir. Fjallað er um hvíta stafinn, leiðsöguhunda, punktaletur og einnig eru sýnd ýmis hjálpartæki. Ef tími og aðstæður leyfa er sýnd stutt kvikmynd með Rádíusbræðrum þar sem þeir sýna hvernig ekki á að koma fram við blint og sjónskert fólk.

Á árinu heimsótti kynningarfulltrúi reglulega Ökuskólann í Mjódd með fræðslu fyrir verðandi leigubílstjóra. Farið var í nokkra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og spjallað við nemendur í 8., 9. og 10. bekk í tvær kennslustundir. Einnig var farið í Menntaskólann í Kópavogi með fyrirlestur fyrir framreiðslunema.

Hjúkrunarheimilið Eir var heimsótt þar sem haldinn var klukkutímafyrirlestur fyrir starfsfólk. Að auki heimsótti kynningarfulltrúi gesti í opnu húsi í Áskirkju og hélt þar klukkutímafyrirlestur.

Brynja Arthúrsdóttir, kynningarfulltrúi

### Ársskýrsla trúnaðarmanna

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Enn fremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta. Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi ásamt því að veita upplýsingar um hin ýmsu málefni varðandi félagsstarf og réttindi sjónskertra. Þeir hringja í alla félagsmenn að minnsta kosti tvisvar á ári til þess að fylgjast með gangi mála og veita stuðning og upplýsingar eftir þörfum. Félagsmenn Blindrafélagsins eru rúmlega 600 að tölu og eru því símtöl trúnaðarmanna vel á annað þúsund á ári.

Aðaltrúnaðarmenn í launuðu starfi eru Brynja Arthúrsdóttir sem jafnframt er yfirtrúnaðarmaður, Elín Bjarnadóttir, Haraldur Matthíasson og Helga Friðriksdóttir sem er trúnaðarmaður foreldra blindra og sjónskertra barna. Helga er búsett á Ísafirði en hún er í

símasambandi við foreldrana tvisvar á ári. Síðastliðið sumar mætti hún á sumarhátíð barnanna í Hamrahlíð 17 til að hitta foreldra og börn.

Þann 4. desember sl. héldu trúnaðarmenn fund með Klöru Hilmarsdóttur, ráðgjafa sem hætti störfum hjá Blindrafélaginu um síðustu áramót. Var ákveðið á fundinum að aðeins launaðir trúnaðarmenn yrðu starfandi hjá Blindrafélaginu í framtíðinni enda hafa flestir sjálfboðaliðarnir dottið út vegna aldurs og aðstæðna. Einnig var ákveðið að trúnaðarmenn myndu áfram hafa tvo starfsdaga á ári, þann fyrri í apríl og þá yrði fenginn fyrirlesari til að fræða trúnaðarmenn og gera þá hæfari í starfi. Á eftir myndu svo trúnaðarmenn halda sérstakan fund og ræða um starfið og bera saman bækur sínar. Stefnt yrði á að halda seinni fundinn á laugardegi í september, sama

dag og samráðsfundur stjórnar, nefnda og deilda væri haldinn. Þá myndu trúnaðarmenn ræða saman um starfið og komandi vetur.

Frá áramótum hefur Marjakaisa Matthíasson séð um að skrásetja nýja félagsmenn, sagt þeim frá trúnaðarmannakerfinu og deilt þeim jafnt á trúnaðarmennina.

Sérstakur starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn 4. apríl 2014. Þar hélt Eyþór Eðvarðsson ráðgjafi mjög áhugaverðan og lærdómsríkan fyrirlestur um samskipti, mismunandi persónuleika og ólíka samskiptastíla. Öruggt er að mjög margt af því sem fram kom í fyrirlestrinum á eftir að nýtast trúnaðarmönnum vel í starfi.

Brynja Arthúrsdóttir, yfirtrúnaðarmaður

### *Rekstur fasteigna*



Svipmynd úr nýrri leiguíbúð í Hamrahlíð 17

Á árinu 2012 var um 4 millj. kr. varið til viðhalds og kostnaðar í Hamrahlíð 17. Tvær nýjar íbúðir, númer 312 og 412,

voru teknar í notkun á árinu en þær eru í nýju viðbyggingunni sem reist var við húsið á árunum 2011 og 2012. Þetta eru

glæsilegar 72 m<sup>2</sup> tveggja herbergja íbúðir í norðvesturhorni hússins með góðu útsýni. Þessu til viðbótar var gamla trúnaðarmannaherberginu sem er númer 304 í húsinu breytt í gesta-herbergi. Eftir þessa breytingu eru fjórar gestaíbúðir/gestaherbergi sem leigð eru út til félagsmanna og gesta til einnar nætur upp í 14 nætur í senn.

### Hamrahlíð 17

Í árslok 2011 hófust framkvæmdir við Hamrahlíð 17 sem fólust í því að hækka tengibygginguna, sem tengir álmur hússins, um þrjár hæðir þannig að hún verði alls fjórar hæðir.

Byggingarframkvæmdum lauk á árinu 2012 og innréttingum var að fullu lokið á árinu 2013. Alls er þetta 239,6 m<sup>2</sup> stækkun á húsinu sem verður eftir stækkunina alls 4.314,6 m<sup>2</sup> eða 13.011,7 m<sup>3</sup>. Ný félagsaðstaða var tekin í notkun á 2. hæð en þar er einnig nýbyggður 45 m<sup>2</sup> fundarsalur stjórnar sem tekur 18 manns í sæti. Einnig hefur nýtt tölvuverið innréttað á hæðinni en þar er góð kennsluástaða fyrir 4–5 einstaklinga. Jafnhliða þessu var samkomusalur félagsins tekinn í gegn. Einnig var matsalurinn endurnýjaður og anddyrið á 2. hæð endurskipulagt. Innréttuð voru ný salerni og húsgagnageymslu komið fyrir inni í samkomusalnum. Þannig hefur öll félagsaðstaða Blindrafélagsins verið endurnýjuð hvað varðar gólfefni, gardínur, húsgögn og tæki. Þessar framkvæmdir við „Félagsheimili Blindrafélagsins“ fóru að mestu fram árið 2012.

### Byggingarkostnaður

Í árslok 2012 var kostnaður vegna viðbyggingarinnar kominn í 45,4 millj. kr. og er allur greiddur kostnaður inni í þeirri tölu, þ.m.t. gatnagerðargjöld og

hönnun. Fermetraverðið er um 190.000 kr. Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að viðbyggingin kostaði tilbúin undir tréverk 47 millj. kr. Raunkostnaður hefur því reynst vera 3,5% undir samþykktri kostnaðaráætlun.

Þessu til viðbótar var reist skyggni við innganginn inn í húsið á 2. hæð.

Kostnaður við skyggnið var um 1,7 millj. kr.

Heildarkostnaður við lagfæringar og endurnýjun á félagsaðstöðu Blindrafélagsins á 2. hæð var um 18,4 millj. kr. Þeim framkvæmdum var að fullu lokið á árinu 2012.

Til viðbótar við ofangreint voru eignfærðar 11,3 millj. kr. á árinu 2013, einkum vegna innréttinga á íbúðum 312 og 412 og standsetningar á gesta-herbergi 304.

Heildarverð ofangreindra framkvæmda sem stóðu yfir frá því í árslok 2011 til júlí 2013 var um 78,4 millj. kr. sem var fjármagnað að fullu með eigin fé Blindrafélagsins.

### Útleiga og nýting íbúða

Allar íbúðir í húsinu voru í útleigu í árslok 2013 og á árinu fluttu þrjár nýir leigjendur í húsið.

Í húsinu eru einnig leigðar út tvær gestaíbúðir og eitt gestaherbergi. Nýting þeirra árið 2013 var sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð/endurhæfingar-íbúð): 43%

Íbúð 309 (gestaíbúð): 56%

Íbúð 404 (gestaherbergi): 36%

### Stigahlíð 71

Blindrafélagið á einbýlishúsið að Stigahlíð 71 sem hefur verið leigt Reykjavíkurborg undanfarin ár til reksturs Sambýlisins að Stigahlíð 71 þar sem blindir og sjónskertir einstaklingar eru í meirihluta íbúa.

Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri.

## Félagsstarfið

### *Opið hús*

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og er ávallt vel sótt. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap og eiga samverustundir með skemmtilegu fólki. Þar eiga menn góðar stundir saman, njóta þess sem boðið er upp á í söng, upplestri, tónlist og öðru því sem á dagskrá kann að vera.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk, en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri.

Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali nálægt 33 manns.

Opið hús var með hefðbundnu sniði síðastliðið starfsár líkt og undanfarin ár, á þriðjudögum og fimmtudögum hófst það kl. 13 og stóð til kl. 15.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Jón Júlíusson, Guðrún Ásmundsdóttir, Jónína H. Jónsdóttir, Edda Karlsdóttir, Hlynur Þór Agnarsson, Guðjón Skúlason, Geirlaug Þorvaldsdóttir og Ingunn Jensdóttir.

Steinunn Helga Hákonardóttir, félagsmálafulltrúi félagsins, hafði yfirumsjón og sá um að samræma dagskrá.

Opið hús fór í tvær dagsferðir síðastliðið vor, þá fyrri austur að Sólheimum í Grímsnesi þar sem farið var á lista-sýningu heimamanna og drukkið kaffi. Síðan var farið í Reykholt og gróðurstöðin Friðheimar heimsótt.



Steinunn Hákonardóttir, félagsmálafulltrúi



Sigmundur Júlíusson mundar harmonikkuna

Snæddur var kvöldverður á veitingahúsinu Mika á Selfossi. Seinni ferðin var farin um miðjan júní að Slakka í Biskupstungum. Enn lék veðrið við okkur og var sungið og dansað undir berum himni við undirleik Sigmundar Júlíussonar og Haraldar Hjálmarssonar.

### Opið hús á laugardögum

Níunda starfsár Opna hússins á laugardögum hófst haustið 2013, en starfsemi þess hefur notið sífellt meiri vinsælda með hverju árinu.

Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði á fimm vikna fresti frá september til júní ár hvert. Dagskráin hefst ávallt kl. 11 með fyrirlestri í hvert skipti.

Leitast er við að hann sé bæði fræðandi og skemmtilegur. Kl. 12 er framreiddur heitur matur. Eftir matarhlé leika listamenn tónlist til kl. 14.

Í vetur hafa margir góðir fyrirlesarar glatt gesti. Má þar nefna Ómar Ragnarsson, Boga Ágústsson fréttamann og Gísla Einarsson ritstjóra Landans. Ýmsir góðir tónlistarmenn spiluðu og sungu fyrir gesti.



Guðfinnur Karlsson, Eypór Kamban Þrastarson og Hlynur Þór Agnarsson taka lagið

Meðal þeirra eru Sigmundur Júlíusson, Haraldur G. Hjálmarsson og hljómsveitin Baggalútur.

Umsjónarmaður Opna hússins á laugardögum er Steinunn H. Hákonardóttir, félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins.

### *Bókmenntaklúbburinn veturinn 2013–2014*

Bókmenntaklúbburinn hóf sitt níunda starfsár í september. Líkt og síðastliðinn vetur hittist 10–12 manna hópur fyrsta og þriðja þriðjudaginn í hverjum mánuði frá klukkan fjögur til hálfsex. Lesnar voru átta bækur. Mæting var ágæt og átti hópurinn margar skemmtilegar samveru- og samræðustundir og skipst var á mismunandi skoðunum.

Frá stofnun klúbbsins hefur hópurinn hlustað saman á bækur sem spilaðar hafa verið af diskum í Victor Reader afspilunartæki sem Blindrafélagið á.

Sú skemmtilega nýbreytni varð nú eftir áramótin að klúbburinn fékk vefvarp til afnota og hefur það mælst mjög vel fyrir. Getur nú hver sem er sett bækur fyrir bókmenntaklúbbinn inn á vefvarpið en sem fyrr hefur Hulda Pétursdóttir hjá Hljóðbókasafni ríkisins verið klúbbnum innan handar og sendum við henni kærar kveðjur og þakkir fyrir aðstoðina.

Brynja Arthúrsdóttir

*Ferða- og útivistarnefnd – starfsárið 2013-2014*

Eftirtaldir aðilar skipuðu nefndina: Rósa Ragnarsdóttir, María Hauksdóttir, Sigurjón Einarsson og Halldór Sævar Guðbergsson. Kristinn Halldór Einarsson tók ásamt fleirum að sér skipulagningu og framkvæmd sumarferðar Blindrafélagsins.

*Gönguferð í miðbæ Reykjavíkur.*  
Síðastliðið vor stóð nefndin fyrir gönguferð í miðbæ Reykjavíkur sem endaði á veitingastaðnum Restaurant Reykjavík. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur gekk með okkur um Grjótaþorpið og sagði okkur frá áhugaverðum húsum og fólki sem bjó þar fyrir á árum. Yfir 20 manns tóku þátt.

*Esjugöngur í maí og júní.*  
Á miðvikudögum í fyrrnefndum mánuðum var farið í æfingagöngur fyrir sumarferð Blindrafélagsins Oftast var gengið í hlíðum Esju en einnig var farið á önnur fjöll, t.d. Skálafell. Fimm til tíu manns mættu í þessar gönguferðir.

*Sumarferð Blindrafélagsins.*  
Þann 20. júlí var haldið af stað í frábærlega vel heppnaða 9 daga sumarferð Blindrafélagsins þar sem farið var í fjórar fjallgöngur, á Kristínartinda, Fagradalsfjall, Snæfell og í Brúnuvík. Samtals voru gengnir um 60 km þar sem heildarhækkun var um 3500 m. Að auki var farið í Grágæsadal, Bræðsluna á Borgarfirði eystra og í hvalaskoðun á Húsavík. Gist var í tjöldum og var einstaklega gott veður alla dagana.



Hópurinn ánægður með að hafa náð fyrsta takmarki ferðarinnar, eftir klöngur og príll, að ganga á Kristínartinda 1125 m.

22 þátttakendur á öllum aldri skemmtu sér vel í þessari ferð.

*Gönguferðir í vetur.*

Fyrsta sunnudag í hverjum mánuði hefur nefndin staðið fyrir gönguferðum í Reykjavík. Í þessum gönguferðum hefur verið gengið á göngustígum í Reykjavík og hafa göngurnar tekið um tvær klukkustundir. Mæting hefur verið misgóð, allt frá fjórum upp í 15 manns.

*Sparidagar á Hótel Örk.*

Dagana 16.–21. mars fór 14 manna hópur á vegum ferða- og útivistarnefndar Blindrafélagsins á Sparidaga á Hótel Örk í Hveragerði. Þar undum við okkur við göngur, leikfimi, sund og ýmsa leiki yfir daginn og á kvöldin var snæddur ljúfur þriggja rétta málsverður, skemmt sér og stiginn dans inn í nóttina. Sparidagar Hótel Arkar er skemmti- og hressingardagskrá í sveitasælunni og miðar dagskráin við aldurshópinn 60+.

*Hvað er framundan hjá nefndinni?*  
Pegar þessi skýrsla er skrifuð er búið að ákveða að fara í heimsókn á veiðisafnið á Stokkseyri 16. apríl. Einnig er verið að plana sumarferð 2014 og er stefnt á hálendisferð í júlí. Einnig er verið að skoða möguleikana á raðgöngu á Suðurnesjum sem færi fram nokkra laugardaga í maí og júní. Rætt hefur verið um að sumarferð Blindrafélagsins árið 2015 verði á Ólafsvíkuvöku í Færeyjum.

Að lokum vill nefndin þakka fyrir gott samstarf á síðasta ári um leið og hún hvetur félagsmenn og fjölskyldur þeirra til að stunda útiveru sér til ánægju og heilsubótar.



Markbolti varð vinsælasta íþróttagrein sumarbúðanna. Í hvoru liði eru þrír keppendur sem senda boltann yfir völinn. Mikilvægast er að hlusta á bjölluhljóðið í boltanum. Úps, það var mark!

### Markbolti

Frá því í október hefur Blindrafélagið, Íþróttasamband fatlaðra og Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík boðið upp á æfingar í markbolta (Goalball) á laugardögum í Íþróttahúsi fatlaðra í Hátúni. Þessi íþrótt var stunduð hér á landi fyrir 20 árum en lagðist af vegna þess að of fáir stunduðu hana. Mæting hefur verið misgóð en að jafnaði mæta sex til níu

manns á æfingar. Eftir að hafa spilað markbolta í klukkustund gefst iðkendum tækifæri á að fara í fullkominn líkamsræktarsal til að hnykla vöðvana.

Markbolti er boltaíþrótt sem blindir og sjónskertir spila af miklum móð um allan heim og hefur íþróttagreinin verið keppnisgrein á ólympíuleikum fatlaðra frá upphafi leikana. Markbolti er spilaður á jafnstórum velli og blakvöllur þ.e. 9 metra breiðum og 18 metra löngum og eru mörkin jafn breið. Tvö þriggja manna lið eru inni á völinum og snýst leikurinn um að skora mark hjá andstæðingnum með því að skjóta boltanum með höndunum eftir gólfinu. Allir leikmenn eru með bundið fyrir augun þannig að enginn sér neitt. Íþróttin reynir á styrk, þol og liðleika og svitna leikmenn mikið í þessari skemmtilegu boltaíþrótt.

Pegar þetta er ritað er óljóst hvort eða hvernig framhaldið verður næsta vetur. Það er von undirritaðs að framhald verði á og að innan tíðar getum við teflt fram liðum bæði í kvenna- og karlaflokkum á alþjóðlegum mótum.

Með íþróttakveðju,  
Halldór Sævar Guðbergsson,  
íþróttakennari.





### *Skemmtinefnd starfsárið 2013-2014*

Skemmtinefndin árið 2013–2014 tók til starfa í september 2013. Í henni sátu Eyþór Kamban Þrastarson, Arnheiður Björnsdóttir og Dagný Kristmannsdóttir. Auk þess var Hlynur Þór Agnarsson okkur innan handar.

Starf nefndarinnar var tiltölulega hefðbundið, jólahlaðborð og þorablót félagsins voru á sínum stað og einnig voru haldin tvo þöbbakvöld rétt eins og í fyrra. Einnig viljum við vekja athygli á því að þegar þessi skýrsla er skrifuð er starfsár nefndarinnar ekki á enda og ætlar nefndin að halda tvö þöbbakvöld í viðbót eftir áramótin.

#### *Myndakvöld í samstarfi við ferða- og útivistarnefnd*

Föstudaginn 25. október hélt skemmtinefndin ásamt ferða- og útivistarnefnd myndakvöld þar sem skoðaðar voru myndir úr sumarferð Blindrafélagsins 2013. Myndakvöldið var haldið í sal félagsins og boðið var upp á snakk og annað létt ásamt drykkjum. Haraldur Hjálmarsson skemmti viðstöddum með píanó- og gítarleik fram eftir kvöldi. Um 25 manns mættu á svæðið og þorum við að fullyrða að fólk hafi skemmt sér mjög vel.

#### *Þöbbakvöld eftir félagsfund*

Eftir félagsfund þann 14. nóvember ákváðum við að halda þöbbakvöld þar sem það hefur gefið góða raun að halda skemmtiviðburði í framhaldi af öðrum viðburðum á vegum félagsins.

Félagið bauð viðstöddum upp á pizzu og haldin var spurningakeppni þar sem Eyþór Kamban Þrastarson og Sandra Dögg Guðmundsdóttir sömdu spurningar. Í boði voru stórglæsileg verðlaun, konfektkassi frá Nóa sem vinningsliðin deildu með gestum. Um 30 manns mættu á kvöldið og tókst það mjög vel.

#### *Jólahlaðborð Blindrafélagsins*

Hið árlega jólahlaðborð félagsins var haldið í salnum þann 7. desember síðastliðinn. Maturinn kom að þessu sinni frá Múlakaffi og var fólk almennt mjög sátt við hann. Bryndís Snæbjörnsdóttir sá um veislustjórn og Hlynur Þór Agnarsson lék á píanó undir borðhaldi. Bjóssi í Greifunum kom svo og spilaði á gítar og söng fyrir gesti sem tóku undir. Um 80 manns mættu á hlaðborðið og heppnaðist það nokkuð vel.

#### *Þorablót Blindrafélagsins*

Þorablótið var í ár haldið þann 8. febrúar í sal félagsins að Hamrahlíð 17 og var nokkuð hefðbundið. Þorramaturinn kom eins og í fyrra frá fagmönnum á Múlakaffi og var fólk ánægt með það. Hefðbundinn þorramatur var í boði og pottréttur fyrir þá sem ekki lögðu í súrmatinn. Við fengum Ólaf Beintein Ólafsson ásamt dóttur hans Aldísi til að sjá alfarið um veislustjórn og skemmtiatriði. Ólafur lék á harmonikku og Aldís söng nokkur

hefðbundin þorralög við undirleik hans. Einnig sáu þau um minni karla og kvenna og fóru með gamanmál. Eftir þorrablótíð bárust til félagsins nokkrar kvartanir um kynferðislegt áreiti af hálfu eins blótsgesta. Stjórn félagsins ákvað að téðum einstaklingi væri ekki leyfilegt að sækja skemmtanir á vegum félagsins framvegis. Hún hefur einnig falið skemmtinefnd að gera ráðstafanir til að atvik eins og þetta komi ekki fyrir aftur á skemmtunum á vegum þess. Skemmtinefndin tekur það verkefni mjög alvarlega þar sem við

teljum það vera okkar verkefni að á skemmtunum á vegum Blindrafélagsins viðgangist hvorki kynferðislegt né annað áreiti og að þar eigi félagsmenn jafnt sem aðrir gestir að upplifa sig velkomna og örugga.

Skemmtinefndin vill þakka félagsmönnum fyrir starfsárið sem er að líða og sérstaklega þeim starfsmönnum félagsins og öðrum sem hafa aðstoðað með viðburði.

F.h. skemmtinefndar  
Eyþór Kamban Þrastarson

### *Jafnréttisnefnd starfsárið 2013–2014*

#### *Upphaf nefndarinnar*

Jafnréttisnefnd Blindrafélagsins var stofnuð að miklu leyti af því tilefni að kvennadeild félagsins var lögð niður. Í ljósi þess að þróunin á starfsemi kvennadeildar síðustu ár var sú að meiri áhersla var lögð á almenna jafnréttisbaráttu var ákveðið að leggja deildina niður og stofna þess í stað jafnréttisnefnd. Stjórn félagsins skipaði í upphaf haustmíssis 2013 Eyþór Kamban Þrastarson sem formann nefndarinnar. Í nefndinni sitja auk Eyþórs: Gunnar Már Óskarsson, Jón Helgi Gíslason, María Hauksdóttir, Marjakaisa Matthíasson, Lilja Sveinsdóttir og Ólafur Þór Jónsson. Fyrstu fundirnir fóru að mestu leyti í að ræða hlutverk nefndarinnar.

Helstu niðurstöður úr þeim umræðum voru þær að nefndin gæti látið sig varða allt það sem getur talist jafnréttismál bæði innan félagsins og utan þess. Ákveðið var einnig að einbeita sér að jafnrétti innan Blindrafélagsins þetta árið. Nefndin vill hafa hlutverk sitt opið og sveigjanlegt til að geta brugðist betur við þeim málum sem kunna að koma upp. Við vonum einnig að hlutverk og tilgangur nefndarinnar eigi eftir að þróast og verða skýrari á komandi míssisum.

#### *Viðbragðsáætlun um kynferðislegt áreiti innan Blindrafélagsins*

Jafnréttisnefnd tók þátt í að vinna viðbragðsáætlun um kynferðislegt áreiti innan félagsins sem var unnin á síðasta

ársfjórðungi 2013. Sú áætlun hefur verið ítarlega kynnt annars staðar.

#### *Jafnréttisáætlun Blindrafélagsins*

Í janúar 2014 fengum við í nefndinni til okkar Bergljótu Þrastardóttur, ráðgjafa frá Jafnréttisstofu, stofnun sem meðal annars aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við gerð jafnréttisáætlana. Bergljót ráðlagði okkur að byrja á því að skoða stöðuna á jafnrétti innan félagsins og mynda svo áætlun eftir því sem við teldum að mætti bæta.

Nefndin ákvað í framhaldi af þessu að í stað þess að semja sjálfstæða jafnréttisáætlun væri hagkvæmari lausn að fara yfir stefnumótun stjórnar og gera við hana athugasemdir þar sem við teldum að mætti bæta hana með tilliti til jafnréttissjónarmiða. Með þessu teljum við okkur geta áorkað því sama og jafnvel meira en með því að semja sjálfstæða jafnréttisáætlun.

Þegar þetta er skrifað er þessi vinna langt komin og vonumst við til að geta lagt hana fyrir stjórn félagsins á næstu vikum.

#### *Tómstundanefnd 2013–2014*

Tómstundanefndin stóð fyrir fjórum bingóum á starfsárinu, tveim fyrir áramót og tveim eftir áramót. Einnig stóðum við fyrir handavinnunámskeiði, einu í haust og öðru í vor. Nýjung var hjá nefndinni í vetur. Stóðum við tvisvar

fyrir þrjónakaffi fyrir áramót og þrisvar eftir áramót og tókst það bara með ágætum. Við mælum með að þeim verði haldið áfram. Stefnt er á að halda eitt námskeið til viðbótar og vonum við að það takist.

#### *Valdar greinar, 39. árgangur 2013*

Árið 2013 komu út 23 tölublöð af Völdum greinum. Heildartími: 89 klst. og 7 mínútur. Þar af var lestur úr prentmiðlum og vef tímaritum 59 klst. Efni frá Blindrafélaginu og annað efni sem tengist málaflokknum var um 30 klst.

Árið 2012 komu út 23 tölublöð af Völdum greinum. Heildartími: 96 klst. og 47 mínútur. Þar af var lestur úr dagblöðum og vefmiðlum um 63 klst. Á þessu ári, 2014, er áætlað að Valdar greinar komi út 23 sinnum.



Gísli Helgason, rítstjóri Valinna greina

Frí verður tekið í júlí eins og endranær. Ábendingar hafa komið frá félagsfólki um að birta meira af eldra efni, sem birst hefur á Völdum greinum og hefur verið orðið við því eftir föngum. Í fórum Blindrafélagsins er til talsvert af gömlu efni. Nýlega fann ég gamla spólu þar sem geymdar eru ýmsar hljóðritanir. Gunnar Kr. Guðmundsson, fyrrum símvörður hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, tónlistarmaður og félagi okkar, safnaði saman ýmsum upptökum og var ætlunin að safna hljóðritunum úr sögu félagsins. Þar á meðal er fréttaauki frá árinu 1957, en þar sagði Thorolf Smith, fréttamaður Ríkisútvarpsins, frá því þegar fyrsta skóflustungan var tekin að Hamrahlíð 17, sem þá var reyndar númer 19 við Hamrahlíð. Þetta er stórmerkileg upptaka þar sem m.a. heyrir í fyrsta formanni félagsins, Benedikt Karvel Benónýssyni. Ég ætla að birta þessa hljóðritun á Völdum greinum. Spólan er nokkuð illa farin en upptakan verður hreinsuð eins og kostur er. Margt fleira leynist á þessari gömlu segulbands-spólu. Full ástæða er til að skrá þessar gömlu hljóðritanir og varðveita þær. Þegar gömlum Völdum greinum er flett kemur í ljós að þær voru gefnar út vikulega fyrir tveimur áratugum. Það verður alltaf þannig að aðeins er hægt að birta lítið brot af því efni sem birtist í fjölmiðlum. En aðgangur blindra og sjónskertra að fjölmiðlaefni fer ört

vaxandi, sérstaklega með tilkomu vefvarpsins. Spurning er hvort ekki eigi að auka útgáfutíðni Valinna greina og gefa þær út vikulega, t.d. í vefvarpinu, en aðra hverja viku á geisladiskum á meðan þeir eru enn við lýði. Þannig yrði efnið sem birt er ferskara og myndi gefa fólki aukinn aðgang að fjölmiðlaefni. Sem fyrr hefur verið lögð áhersla á efni sem ekki birtist í ljósvakamiðlum og vefmiðlarnir skipa orðið þó nokkurn sess.

Þá er reynt eftir föngum að fjalla um innra starf félagsins og voru þau Eyþór Kamban Þrastarson og Íva Marín Adrichem með nokkur ágætisviðtöl. Eftir því sem fleiri koma að gerð Valinna greina, þeim mun fjölbreyttari og skemmtilegri verða þær. Þá hafa verið birt viðtöl við ýmsa félagsmenn sem segja frá sjálfum sér og hvað þeir fást við.

Nokkur vandamál hafa skotið upp kollinum við gerð Valinna greina, sérstaklega í haust sem leið. Vandamál komu upp þegar þær voru settar inn í vefvarpið. Eins hefur borið á því að hlustendur nýti sér ekki Daisy-kerfið til fulls, eða kunni ekki á það. Mér virðist full þörf á því að kenna þeim sem nota bæði vefvarp og Daisy-spilara að nýta sér þær leiðir sem í notkun þeirra felast. Sem fyrr er Þórunn Hjartardóttir aðallesi á Völdum greinum. Auk okkar koma þau Steinunn Hákonardóttir, Baldur Snær Sigurðsson

og formaður Blindrafélagsins að útgáfunni.

Eins og áður hefur samstarf við Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina og Hljóðbókasafn Íslands verið með ágætum. Eins hafa félagsmenn verið óþreytandi við að benda á efni sem má birtast á Völdum greinum.

Ég þakka félagsmönnum, stjórn og starfsfólki Blindrafélagsins gjöfult og gott samstarf, samstarf sem er árangursríkt og jákvætt.

Gísli Helgason, ritstjóri Valinna greina

## Starfsemi deilda félagsins

### Ársskýrsla foreldradeildar 2013.

Stjórnarskipti urðu hjá foreldradeildinni á vordögum 2013. Páll Guðbrandsson hætti í forsvari fyrir deildina og við tóku Friðbjörn Oddsson, Guðrún Jónsdóttir og Guðrún Pálína Helgadóttir. Friðbjörn og Guðrún eru foreldrar Leu Karenar og Guðrún Pálína er móðir Theódórs en Lea Karen og Theódór eru bæði blind. Marjakaisa Matthíasson er svo foreldradeildinni ávallt innan handar í öllu og sá m.a. um skipulagningu sumarþúðanna.

Að venju fór sumarhátíðin fram og var hún haldin 30. júní í garðinum í Hamrahlíðinni. Hátíðin var vel sótt og vorum við heppin með veður. Leiktæki voru á staðnum, töframaður kom í heimsókn og ýmsar veitingar voru á boðstólum. Voru allir sammála um að vel hefði tekist til eins og oft áður.

Dagana 16.–18. ágúst hélt Blindrafélagið í fyrsta sinn sumarþúðir fyrir sjónskert og blind börn á aldrinum 10 til 16 ára í Reykjadal.



Helgina 16. – 18. ágúst voru haldnar fyrstu sumarþúðir fyrir blind og sjónskert börn. Tíu krakkar á aldrinum 10 – 16 ára tóku þátt og skemmtu sér konunglega í blíðunni í Reykjadal.



Sumarþúðirnar hófust með ferð á Drumboddsstaði þar sem farið var í flúðasiglingu. Allir voru í stuði fyrir þetta ævintýri og flestir orðnir svo spenntir í lok siglingar að þeir fleygðu sér í ána og létu draga sig upp úr. Það var æði!

Pátttakendurnir voru tíu talsins, sex stelpur og fjórir strákar auk fimm starfsmanna. Dagskráin hófst með ferð að Drumboddsstöðum í Biskupstungum þar sem hópurinn fór í flúðasiglingu með Arctic Adventures.

Leiðbeinendurnir stóðu sig frábærlega í því að útskýra og sýna öllum réttu handtökin. Börnin nutu ferðarinnar til fulls og vildu flestir hoppa út í ána og láta draga sig upp í aftur. Þessi reynsla hristi hópinn vel saman og var góð byrjun á sumarbúðunum.

Í Reykjadal var gíst í 3ja til 4ja manna herbergjum. Íþróttasalurinn þar var mikið notaður til samveru og í ýmsa leiki. Markbolti var vinsælasti dagskrárliðurinn í sumarbúðunum. Einnig var sundlaugin mikið notuð enda fengum við fallett veður. Á laugardeginum var farið í göngutúr á grænmetismarkað, bakaðar saman pitsur og krakkarnir sáu um kvöldskemmtunina. Fyrir hádegi á sunnudeginum máluðu margir sér bol á meðan aðrir æfðu markbolta.

Sumarbúðirnar heppnuðust mjög vel og var það ósk allra krakka að næstu sumarbúðir yrðu lengri.

Á alþjóðlegum degi Hvíta stafsins 15. október stóð Blindrafélagið fyrir sérstöku barna- og ungmennahæpingi þar sem börnin ræddu um skólamál. Þingfulltrúarnir voru níu talsins á aldrinum 9 til 18 ára. Dagskráin hófst með heimsókn Elísabetar Gísladóttur,

umboðsmanns barna. Hún fræddi þingfulltrúa um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fjörleg umræða varð um málefnið og voru þingfulltrúar almennt sammála um að skólinn væri bæði skemmtilegur og góður staður að vera á en þó mætti ýmislegt betur fara í frímínútum, bæði hvað varðaði umgjörð frístundasvæðis og félagsskap.

Umræðan um hvað Blindrafélagið gæti gert til þess að efla félagsstarf blindra og sjónskertra barna var lífleg. Þau höfðu áhuga á því að kynnast betur og vera meira saman í hóp. Þau voru áhugasöm um að Blindrafélagið stæði fyrir fjölbreyttara félagslífi fyrir börn og ungmenni.

Jólafondur var haldið 1. desember og fengum við Michele handavinnukennara á leikskólanum Stekkjaráasi í Hafnarfirði okkur til aðstoðar. Jólafröndrið var mjög vel sótt og taldist okkur til að um 70 manns hefðu mætt. Við föndruðum negulnagla í mandarínur, rúsínur voru þræddar upp á vír og búinn til órói, skreyttar voru piparkökur og búinn til lítill jólasveinn ásamt músastiga. Már Gunnarsson tók lagið, jólasveinar mættu og dreifðu geisladiskum og sælgætis-pokum og fóru allir glaðir heim. Við settum myndir af sumarahátíðinni og jólafröndrinu inn á Facebook-síðu foreldradeildarinnar.

### *Ársskýrsla Norðurlandsdeildar 2013*

Starf Norðurlandsdeildar Blindrafélagsins á árinu 2013 var með hefðbundnum hætti. Haldnir voru sex fundir á árinu. Fastir viðburðir eru jólafundur og þorrafundur. Kappkostað hefur verið að hafa fundina líflega með einhvers konar skemmtun og fræðslu, svo sem tónlist, skáldskap og upplestri. Stjórn deildarinnar skipa Jón Heiðar Daðason formaður, Pálmi Stefánsson gjaldkeri, Kristinn Helgi Ólafsson ritari og Karl Ásgeirsson meðstjórnandi. Fundirnir hafa verið haldnir í sal Lionsklúbbsins Hængs í Skipagötu 14.

Fyrsti fundur ársins var haldinn 3. febrúar og var það þorrafundur. Hjálmar Freysteinnsson læknir fór með gamanmál og Marína Ósk Þórólfsdóttir flutti nokkur lög.

Bingó var haldið 23. mars. Margir góðir vinningar voru í boði og spilaðar 10 umferðir. 40–50 manns mættu og skemmtu sér vel. Rafn Sveinsson stjórnaði bingóinu af alkunnri snilld enda vanur maður þar á ferð. Boðið var upp á kaffi og með því í hléi.

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 30. maí. Stjórnarskipti urðu þegar Halldór Sævar Guðbergsson lét af formennsku vegna brottflutnings af svæðinu en Jón Heiðar Daðason kom inn í hans stað ásamt Kristni Helga Ólafssyni. Fyrir voru í stjórninni Pálmi og Karl. Þóra Sigríður Ingólfsdóttir, forstöðumaður hljóðbókasafnsins, var á fundinum með áhugaverða kynningu á hljóðbókum. 7. október var haldinn fundur yfir kaffibolla og rætt um vetrarstarfið.

11. nóvember var haldinn fundur sem tveir mætir hagrýðingar komu á, þeir Stefán Vilhjálmsson og Davíð Hjálmar Haraldsson. Davíð Hjálmar fór með ýmsar vísur eftir sig og Stefán las upp úr ævisögu föður síns, Vilhjálm Hjálmarssonar, fyrrum alþingismanns frá Brekku í Mjóafirði.

Jólafundur var haldinn 6. desember. Séra Svavar A. Jónsson, sóknarprestur Akureyrarkirkju, flutti hugvekju, Erlingur Arason söng nokkur lög og Pálmi Stefánsson spilaði undir á harmonikku.

Jón Heiðar Daðason, formaður

### *Ársskýrsla Suðurlandsdeildar árið 2013*

Fyrsti fundur ársins sem jafnframt var aðalfundur var haldinn 28. janúar 2013. Eftirtalin voru kosin í stjórn:  
Formaður: Ingibjörg Sigtryggisdóttir  
Meðstjórnendur: Erla Jakobsdóttir og Gunnlaug Antonsdóttir  
Gjaldkeri: Ragnar R. Magnússon

Síðan voru haldnir fundir síðasta þriðjudag í hverjum mánuði, þannig 26. febrúar, 26. mars og 30. apríl, en þá kom Rósa María Hjörvar á fundinn og fræddi okkur um nýja undratækið vefvarpið. Í fyrstu viku mars var farið á opið hús í Hamrahlíð 17 og var það að vanda góð

skemmtun. Í lok maí slógumst við í för með Opnu húsi Blindrafélagsins og fórum í ferðalag um uppsveitir Árnes-sýslu. Fórum við meðal annars í heimsókn að Sólheimum í Grímsnesi. Hauststarfið frá september til desember var með hefðbundnum hætti, þ.e. fundir voru haldnir síðasta þriðjudag hvers mánaðar, og á haustdögum fengum við Rósu Maríu aftur í heimsókn til að fræða

okkur betur um vefvarpið og nýjustu símataækni.

Í desember fórum við svo saman út að borða á góðum veitingastað hér á Selfossi.

Þar með var hauststarfinu lokið.

Ingibjörg Sigtryggisdóttir, formaður Suðurlandsdeildar

### *RP deild – ársskýrsla*

Stjórn RP deildarinnar skipa Sigbór U. Hallfreðsson formaður, Kristinn Halldór Einarsson gjaldkeri, Guðrún H. Skúladóttir ritari og Alexander Hrafnkelsson og Elín Bjarnadóttir meðstjórnendur. Í lok október sóttu fulltrúar Retina Ísland ársfund norrænu RP samtakanna sem að þessu sinni var haldinn í Danmörku. Á næsta starfsári verður ársfundurinn haldinn í Svíþjóð á sama tíma og norræna augnlæknaþingið og verður þar haldið sérstakt RP Symposium í samráði við augnlæknana. Á alþjóðlega sjónverndardaginn var opinn fundur þar sem Þór Eysteinnsson lífeðlisfræðingur og Helgi Hjörvar kynntu raförvun á sjónhimmuna. Það er tilraun meðferð við RP sem Helgi hefur verið þátttakandi í.

Í nóvember stóð Retina Ísland fyrir námskeiði um „Mindfulness“ eða núvitund eins og hugtakið hefur verið kallað á íslensku. Núvitund má segja að sé eins konar hugleiðslutækni sem snýst um að vera opinn og vakandi fyrir líðandi stund og að láta sér líða vel hér



Sigbór U. Hallfreðsson, formaður RP-deildar

og nú í þeim aðstæðum sem maður er í hverju sinni. Í þessari aðferðafræði er blandað saman gömlum austrænum hugræktarfræðum og nútímasálfræði með ákaflega frjóum og árangursríkum hætti. Í framhaldi af námskeiðinu var ákveðið í samráði við höfunda og Hljóðbókasafnið að gefa kennslubókina sem tilheyrir námskeiðinu út sem hljóðbók. Kennari á námskeiðinu var Margrét Bárðardóttir sálfræðingur. Í mars var haldinn fræðslufundur um fjölskylduráðgjöf Þjónustu- og



Þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Verið er að endurskoða hvernig Miðstöðin getur unnið með og stutt fjölskyldur notenda Miðstöðvarinnar. Bryndís Sveinsdóttir sálfræðingur og Halldór Sævar Guðbergsson virkni-ráðgjafi komu á fundinn og sögðu frá þeim stuðningi og fræðslu sem er í boði. Einnig ræddu þau við fundarmenn um hvernig þeir sjá fyrir sér stuðning við fjölskyldur blindra og sjónskertra einstaklinga.

Á síðasta starfsári hefur deildin sem fyrr staðið af og til fyrir óformlegum fundum með það að markmiði að hittast og spjalla saman á óformlegum nótum og miðla reynslu hver til annars. Einnig hefur þetta verið vettvangur til að ná til þeirra sem eru með RP en eru ekki orðnir félagar í Blindrafélaginu. Þessir óformlegu fundir ganga undir nafninu „RP hittingur“ og hafa yfirleitt verið haldnir á kaffihúsum eða í Hamrahlíð 17. Á síðastliðnu starfsári var breytt út af þeirri venju og farið í heimsókn í hest-húsið til Alla og Ollu sem tóku vel á móti hópnum.

Framundan er ýmislegt spennandi á vettvangi Retina Ísland og ber þar hæst ársþing Retina International og ráðstefnuna „RP Symposium“ sem haldin er í tengslum við ársþingið. Markmið ráðstefnunnar er að efla rannsóknir á sjúkdómum í augnbotnum og stuðla að auknum framförum í meðferðar-úræðum. Það er gert með því að leiða saman fremstu vísindamenn heims á þessu sviði til að miðla upplýsingum og mynda tengsl sín á milli. Samhliða fyrirlestraröð sem ætluð er læknum og vísindamönnum eru fyrirlestrar ætlaðir sjúklingum og aðstandendum þeirra. Þar gefst almenningi og vísindamönnum einstakt tækifæri til að eiga gagnkvæm skoðanaskipti, mynda tengsl og átta sig á hvernig báðir hópar geta best lagt sitt af mörkum á þágu rannsókna og þróunar á þessu sviði. Retina International hefur verið leiðandi afl og unnið merkilegt frumkvöðlastarf á þessu sviði undanfarin ár.

Sigbór U. Hallfreðsson

### *Ungblind – starfsárið 2013-2014*

*Norrænar sumarþúðir í Svíþjóð*  
Dagana 4.–10. ágúst fórum við í norrænar sumarþúðir í Svíþjóð. Þátt-takendur voru Sandra Dögg Guðmundsdóttir, Eypór Kamban Þrastarson, Sigríður Hlín Jónsdóttir, Gunnlaugur Dan Sigurðsson, Helga Dögg Heimisdóttir og Dagný Kristjánsdóttir og með sem aðstoðarmaður fór Stefán Baldvin Stefánsson.

Ferðin heppnaðist vel að öllu leyti auk þess sem hún nýttist okkur til undirbúnings fyrir næstu norrænu sumarþúðir sem haldnar verða á Íslandi sumarið 2014.

*Meningardagurinn 16. nóvember*  
Við byrjuðum daginn í markbolta í íþróttamiðstöð fatlaðra að Hátúni 14. Þar spreyttu margir sig í fyrsta sinn í

Þessari æsispennandi íþrótt og höfðu gaman af. Því næst fórum við í Þjóðminjasafnið og fengum leiðsögn í gegnum safnið og fengum að setjast niður og handfjatla nokkra gamla muni úr Íslandssögunni. Það vakti mikla lukku meðal þátttakenda að fá að snerta menninguna með þessum hætti. Því næst var ferðinni heitið í Keiluhöllina þar sem við tókum á móti yngri krökkum sem enn eru ekki „gjaldgeng“ í Ungblind en við viljum kynna starf Ungblindar fyrir þeim til þess að reyna að vekja áhuga þeirra á að vera með okkur þegar þau hafa náð aldri. Við enduðum daginn á því að fara öll saman út að borða á veitingastaðinn 73 að Laugavegi 73. Dagurinn var vel heppnaður að öllu leyti.

#### *Looking for you og Looking for more námskeiðin*

Ungblind tók þátt í tveimur námskeiðum á árinu 2013 og snemma árs 2014. Þessi námskeið fjölluðu bæði um samstarfsverkefni milli Evrópulanda sem styrkt eru af styrkjaáætlun Evrópu unga fólksins.

Fyrri námskeiðið sem bar nafnið Looking for you var haldið í Finnlandi dagana 18.–22. september. Það sóttu Sandra Dögg Guðmundsdóttir og Eyþór Kamban Prastarson. Á námskeiðinu var fjallað um samstarfsverkefni innan æskulýðsgeirans og hvernig best sé að standa að slíkum verkefnum svo að þátttakendur græði sem mest á þeim. Ungblind hefur lengi lagt mikla áherslu

á að taka þátt í ungmennaskiptum en það eru verkefni þar sem ungt fólk frá mismunandi löndum hittist og gerir eitthvað saman byggt á ákveðnu þema. Norrænu sumarþingarnar eru gott dæmi um ungmennaskipti.

Á Looking for you námskeiðinu voru auk Íslendinganna þátttakendur frá Finnlandi, Póllandi, Ítalíu og Lettlandi. Námskeiðinu var að hluta til ætlað að mynda tengsl milli þátttakenda en að hluta til var það námskeið í því hvað þarf að hafa í huga til að framkvæma vel heppnuð millilandasamstarfsverkefni. Námskeiðið gekk mjög vel og í beinu framhaldi af því ákváðum við Íslendingarnir ásamt Hjalta Sigurðssyni og Juttu Kivimäki, sem héldu námskeiðið í Finnlandi, að gera tilraun til þess að halda annað námskeið á Íslandi. Það námskeið varð að veruleika og var haldið dagana 8.–12. janúar í húsi Bergmáls, Bergheimum á Sólheimum. Við ákváðum að kalla það námskeið Looking for more og hugsa það sem framhaldsnámskeið frá námskeiðinu í Finnlandi. Þáttökulönd voru Ísland, Finnland, Danmörk, Ítalía, Pólland, Rúmenía og Belgía. Íslensku þátttakendurnir voru Sandra Dögg Guðmundsdóttir, Helga Dögg Heimisdóttir og Eyþór Kamban Prastarson. Marjakaisa Matthíasson sá að mestu leyti um skipulagningu og framkvæmd námskeiðsins í samstarfi við stjórn Ungblindar. Jutta Kivimäki og Hjalti Sigurðsson komu frá Finnlandi og sáu um námskeiðsdagskrána sjálfa.

Aðaláherslurnar á Looking for more námskeiðinu voru praktísk atriði í framkvæmd alþjóðlegra æskulýðssamstarfsverkefna eins og hvernig góðar umsóknir líta út og hvernig sé best að finna fólk sem er tilbúið að taka þátt. Mikið var einnig fjallað um breytingar á styrkjaáætluninni en á árinu 2014 tekur við ný áætlun sem ber nafnið Erasmus+.

Við teljum okkur hafa grætt mjög mikið á báðum námskeiðum, ekki síst vegna tengslanna sem við höfum náð að mynda við aðra sem eru hluti af

svipuðum samtökum og okkar í öðrum löndum. Við vonumst til að geta nýtt þekkinguna og tengslanetið frá þessum námskeiðum til að taka þátt í og framkvæma fleiri verkefni eins og ungmennaskipti.

#### *Spilakvöld 17. febrúar*

Ungblind hélt spilakvöld sem var vel sótt af meðlimum félagsins. Þeir sem mættu skemmtu sér konunglega og kom upp sú hugmynd að halda slíkt kvöld aftur innan tíðar.

## Sjóðir félagsins auk styrkja og framlaga til nefnda og deilda

Stjórn Blindrafélagsins fær allmargar styrkbeiðnir á hverju ári. Stjórnin hefur markað sér þá stefnu að beina styrkumsóknum í sjóði félagsins. Eftirtaldir sjóðir félagsins veittu styrki á árinu.

### *Verkefnasjóður Blindrafélagsins*

Verkefnasjóður beitti sér á ýmsum sviðum. Helstu útgjöld hans á árinu voru:

Framlag til vefvarpsnetþjóns	kr. 1.000.000
Hljóðbækur á vefvarp – styrkur til Hljóðbókasafns Íslands	kr. 9.000.000
Leiðsöguhundar – styrkur til PPM	kr. 4.000.000
Lækningatæki – gjöf til LSH	kr. 713.085
Kostnaður vegna göngunnar „Strönd til strandar“ <sup>1)</sup>	kr. 1.014.150
Kostnaður vegna sumargöngu 2013	kr. 594.732
Kostnaður vegna heimsóknar Daniels Kish	kr. 578.112
Aðgengismerkingar o.fl. í Hamrahlíð 17	kr. 850.130
Kostnaður v/talgervilsins Karls og Dóru	kr. 108.854
Styrkur til ÍF v/markbolta	kr. 100.000
Vextir greiddir til Styrktarsjóðs Richards og Dóru	kr. 821.421
Fjármagnstekjuskattur	kr. 766.691
Útborganir samtals	kr. 19.547.175

Heildartekjur Verkefnasjóðs á árinu voru kr. 7.939.854

Hrein eign Verkefnasjóðs í árslok nam kr. 75.191.928.

<sup>1)</sup>Varðandi gönguna „Strönd til strandar“ þá voru bókaðar tekjur vegna hennar árið 2012 kr. 1.311.200

***Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur***

Hrein eign sjóðsins 31.12.2013 nam kr. 30.049.607. Engir styrkir eða aðrar úthlutanir voru veittar úr sjóðnum á árinu.

***Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur***

Veittir styrkir á árinu námu kr. 500.000. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 9.379.620.

***Stuðningur til sjálfstæðis***

Alls voru veittir 32 styrkir á árinu og nam heildarupphæð þeirra kr. 4.416.360. Greiðslur vegna styrkja námu því alls kr. 5.019.836. Auk þess var greidd skuldbinding frá einum fyrirrennara sjóðsins að upphæð kr. 603.476. Hrein eign sjóðsins 31.12.2013 nam kr. 27.701.864.

***Blind börn á Íslandi***

Alls voru veittir 17 styrkir á árinu, alls að upphæð kr. 2.465.861. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 8.215.111.

***Styrkir og framlög Blindrafélagsins til nefnda og deilda***

Nefndir og deildir félagsins fengu úthlutað á árinu kr. 2.715.000 til ýmissa sérverkefna á þeirra vegum.

---

**Aðrar skýrslur**

---

***Blindravinnustofan 2013***

Markmið Blindravinnustofunnar ehf. er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðra í samfélaginu. Í þeim tilgangi veitir félagið blindu og sjónskertu og öðru fötluðu fólki atvinnu, samhliða þjálfun og endurhæfingu sem eykur færni þess á vinnumarkaði.

Blindravinnustofan starfar samkvæmt þjónustusamningi við Vinnumálastofnun, fyrir hönd Velferðarráðuneytisins, um vinnu og starfsþjálfun fatlaðra á grundvelli laga um vinnu- markaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

Í árslok starfaði 31 starfsmaður hjá félaginu í 16 stöðugildum, þar af 28 með skerta starfsorku í 13,15 stöðugildum. Fáeinir eru í 100% starfi en flestir eru í 50% eða minna. Þeir sem eru í hálfu starfi eða minna vinna annað hvort fyrir eða eftir hádegi og skiptist fjöldi þeirra nokkuð jafnt þar á milli.

Í þessum starfsmannahópi eru tveir starfsleiðbeinendur, þroskaþjálfari í 100% starfi og félagsliði í 85% starfi. Samstarfið milli þessara fagstétta gengur mjög vel og hafa báðir aðilar

mikla reynslu af því að vinna með fötluðum einstaklingum. Mikið er að gera á Blindravinnustofunni og þar sem einungis eru tveir starfsleiðbeinendur er stundum erfitt að koma því að í skipulaginu að sinna endurmenntun þessara starfsmanna. Þó er stuðlað að því eftir fremsta megni að þeir komist á námskeið eða fyrirlestra sem tengjast þeirra fagi.

Flestir starfsmanna Blindravinnustofunnar eru sjónskertir eða blindir. Margir þeirra eru einnig með aðrar fatlanir, má þar nefna geðfatlanir, þroskaskerðingu og líkamlegar fatlanir. Einnig eru þrír daufblindir. Það er í raun magnað hversu vel þessi fjölbreytti hópur nær að vinna saman þrátt fyrir þann fjölbreytileika sem einkennir starfsmannahópinn.

Á Blindravinnustofunni eru unnin margvísleg störf og þau falin starfsmönnum eftir getu og færni. Margir starfsmanna sjá um að pakka vörum til hreingerninga á heimilum fólks. Vegna þess hversu margbreytilegur hópurinn er þarf að brjóta það starf niður í smærri verkefni og velja verkefni eftir getu hvers og eins. Einn starfmaður brýtur t.d. saman klúta meðan annar setur þá í poka. Til þess að gera þetta mögulegt eru notaðar körfur og grindur til að bera verkefnin á milli.

Á árinu 2012 hófst samstarf milli Blindravinnustofunnar og O. Johnson & Kaaber sem felst í því að þeir dreifa vörum vinnustofunnar í verslanir og stórmarkaði. Þetta samstarf fór mjög vel af stað og bindum við miklar vonir við framhaldið. Við þetta breyttist samsetning starfa töluvert og þurfa nú tveir starfsmenn að sinna lagerstörfum 2–3 daga í viku sem eykur fjölbreytnina í þeim störfum sem starfsmönnum Blindravinnustofunnar standa til boða.

Á Blindravinnustofunni hafa komið inn fjögur ný verkefni undanfarið. Fyrst má telja bastkörfugerð sem er iðja sem hefur tengst blindu og sjónskertu fólki í áratugi. Það er starfsfólkinu gleðiefni að fá þessi verkefni aftur í hendur eftir langt hlé.



Þessar fallegu vöggur eru framleiddar og seldar hjá Blindravinnustofunni

Annað verkefnið felst í framleiðslu á arinkubbum Tendra. Arinkubbarnir eru unnir úr afgangstimbri og bleyttir

upp í vaxi. Kubbarnir gera fólki mun auðveldara fyrir að kveikja upp í arni.



Tendri er framleiddur og sérmerktur fyrir N1 og fæst á öllum sölustöðum þeirra

Þriðja verkefnið er ljósmyndaskönnun. Þá kemur fólk með ljósmyndir sem það vill koma á stafrænt form, bæði fjölskyldumyndir og aðrar myndir sem það vill varðveita.

Fjórða verkefnið felst í að útbúa handídregna strimlakústa. Þessi fjögur nýju verkefni kalla á nokkuð sérhæfð störf sem eru mjög góð viðbót.

Á Blindravinnustofunni er góður starfsandi og almenn starfsánægja meðal starfsmanna. Það eru ekki launin sem skipta þar mestu heldur mikilvægi þess að eiga vinnufélaga, ákveðinn samastað og hafa ástæðu til að fara út á hverjum degi. Starfsmennirnir hafa sjálfir talað um að starfið og vinnustaðurinn sé mikilvægur þáttur í því að viðhalda andlegri heilsu.

Lítils háttar hagnaður varð á rekstrinum á síðasta ári. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins um 48,5 millj. kr. og eigið fé í árslok var 26,6 millj. kr. Hlutfé í árslok nam 21 millj. kr. og er það allt í eigu Blindrafélagsins.

### *Blind börn á Íslandi - ársskýrsla 2013*

Haldnir voru tveir stjórnarfundir í sjóðnum Blind börn á Íslandi árið 2013. Fyrri fundurinn var haldinn 23. apríl og lágu 11 umsóknir um styrki til margvíslegra verkefna fyrir fundinum. Allar umsóknir voru afgreiddar á hefðbundinn hátt og hægt var að verða við öllum óskum um styrki. Seinni fundurinn var haldinn 28. október og þá lá fyrir að afgreiða 8 umsóknir um styrki. Allir voru þeir afgreiddir á jákvæðan hátt sem er alltaf sérstakt gleðiefni. Fjáröflun sjóðsins Blind börn á Íslandi hefur aldrei verið í föstum

skorðum en sjóðurinn hefur notið góðvildar hinna ýmsu félaga, fyrirtækja og klúbba sem hafa lagt honum lið af miklum rausnarskap. Því til viðbótar hefur Sælgætisgerðin Freyja undanfarin tvö ár selt sælgæti til fyrirtækja og allur ágóði sölunnar hefur runnið til sjóðsins sem hefur það verið kærkomin viðbót við annað sem sjóðnum hefur fallið til. Þá hefur sjóðurinn verið skráður á áheitasíðu Reykjavíkurmaraþons núna þrjú ár í röð og urðu margir röskir hlauparar til þess að safna áheitum í nafni sjóðsins nú sem fyrr.

Sumarhátíð sjóðsins var haldin í samstarfi við foreldradeild Blindrafélagsins þann 29. júní í garði Blindrafélagsins í Hamrahlíðinni og var hún afar vel heppnuð. Veðrið lék við gesti sem skemmtu sér í fjölbreytilegum leiktækjum og gæddu sér á pulsum og poppkorni í sól og sumaryl.

Árleg aðventuhátíð sjóðsins var sunnudaginn 1. desember og var hún bæði fjölsótt og skemmtileg. Hátíðargestir föndruðu jólaskeytingar af mikilli snilld og jólasveinninn kom í heimsókn og skemmti fólki með söng og gríni og töfraði síðan fram jólagjafir handa öllum viðstöddum.

Ég undirrituð hef starfað hjá Blindrafélaginu undanfarin 12 ár og átt sæti í stjórn sjóðsins fyrir hönd félagsins samkvæmt ákvæðum vörslusamnings milli sjóðsins og Blindrafélagsins frá upphafi. Starfið fyrir sjóðinn hefur veitt mér margar ánægjustundir og verið gefandi á allan hátt. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum samstarfsaðilum gott og gefandi samstarf á liðnum árum og óska sjóðnum, aðstandendum og velunnurum velfarnaðar á komandi árum.

Klara Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins Blind börn á Íslandi

### *Hljóðbókasafn Íslands*

Starfsskýrsla Hljóðbókasafns Íslands fyrir árið 2013 kom út í aprílmánuði síðastliðnum. Starfsskýrsluna má nálgast í heild sinni hjá Hljóðbókasafni Íslands á hljóðformi. Henni er halað niður eins og öðrum bókum. Hér verður stiklað á stóru í skýrslunni.

#### **Ný lög og samráðshópur**

Í lok ársins 2012 voru samþykkt ný bókasafnalög á Alþingi, nr. 150/2012. Lög um Blindrabókasafn Íslands voru felld úr gildi en hluti laganna var felldur undir nýju lögin. Fékk safnið jafnframt nýtt nafn, Hljóðbókasafn Íslands. Í nýjum lögum var stjórn safnsins, sem starfaði skv. gömlu lögunum, lögð niður en í staðinn tók til starfa samráðshópur um málefni safnsins, en í 17. grein laga nr. 150/2012 segir: „Ráðherra skipar sex



Þóra S. Ingólfssdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands

manna samráðshóp um málefni Hljóðbókasafns Íslands. Skal einn fulltrúi tilnefndur af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi, einn af Félagi lesblindra, einn af Félagi íslenskra sérkennara, einn af Upplýsingu, félagi bókasafns- og

upplýsingafræða, og einn af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.“ Samráðshópurinn skipa: Kristinn Halldór Einarsson, formaður – Blindrafélagið; Sædís Ósk Harðardóttir, varaformaður – Félag íslenskra sérkennara; Ágústa Eir Gunnarsdóttir, nefndarmaður – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð; Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir, nefndarmaður – Upplýsing; Snævar Ívarsson, nefndarmaður – Félag lesblindra á Íslandi; Aldís Ebba Eðvaldsdóttir, varamaður – Félag íslenskra sérkennara; Arnheiður Björnsdóttir, varamaður – Blindrafélagið; Benjamín P. Júlíusson, varamaður – Þjónustu- og þekkingarmiðstöð; Guðný Ólöf Helgadóttir, varamaður – Félag lesblindra á Íslandi; Hrafn Andrés Harðarson, varamaður – Upplýsing

Það er von okkar hjá Hljóðbókasafni að samráðshópurinn komi til aðstoðar við að tengja safnið og notendur þess og bæta þjónustuna í samræmi við það. Í 19. grein laganna er gjaldtökuheimild en Hljóðbókasafnið hefur hingað til veitt þjónustu sína lánþegum að kostnaðarlausu. Safnið hefur undanfarin ár sent gíróseðla til lánþega og boðið þeim að styrkja safnið. Starfsfólk Hljóðbókasafns Íslands er á þeirri skoðun að best væri að starfsemin væri áfram ókeypis en á hinn bóginn skortir safnið sárlega fjármuni til að geta þróast áfram. Stefnt er að því að safnið innheimti á árinu sama árgjald og önnur almenningsbókasöfn, krónur 1.700.

## Vefvarp og samstarf við Blindrafélagið

Sumarið 2012 kom formaður Blindrafélagsins að máli við forstöðumann Hljóðbókasafnsins um að setja upp hljóðbókþjónustu fyrir vefvarpsnotendur Blindrafélagsins. Blindrafélagið veitti Hljóðbókasafni 9 milljóna króna styrk til verksins. Í október 2013 var aðgangur að Hljóðbókasafni opnaður í vefvarpinu. Um 100 notendur eru nú skráðir með vefvarpstæki og stefnir í að fleiri notendur bætist við jafnt og þétt. Hljóðbókasafni sá sér hag í verkefninu, það bætir þjónustu, streymislausnin nýtist í fleiri verkefni og geisladiskanothkun minnkar. Safnið býður upp á „þema mánaðarins“ í gegnum vefvarpið og velur þá 10 bækur um ákveðin málefni. Auk þess geta lánþegar hlustað á 20 nýjustu bækur safnsins beint í gegnum vefvarpið. Að öðru leyti geta lánþegar sett efni inn á vefvarpið sjálfir í gegnum vefsíðu Hljóðbókasafns eða hringt og fengið efni sent beint í tækið. Hugmyndir eru uppi um að miðla áskrift að tímaritum og fleira í framtíðinni.

## Hljóðbækur með texta, betri námsbækur

Hljóðbókasafni Íslands er ætlað að framleiða hljóðbækur fyrir alla þá sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Ástæður leserfiðleika fólks geta verið margs konar og hafa lánþegar ólíkar þarfir sem Hljóðbókasafn Íslands reynir að mæta með nýrri tækni. Árið 2013 hófst




markviss framleiðsla á hljóðbókum með texta og myndum og þá sér í lagi náms-efni. Þetta er gert að erlendri fyrirmynd og samkvæmt alþjóðlegum aðgengis- stöðlum og felst í að tvíanna saman texta, myndir og hljóð. Markmiðið er að notendur öðlist betri skilning á efninu. Hljóðbækur með texta eru þannig sniðnar að þörfum lánþega – notað er sérhæft umbrot, bækur ýmist lesnar og/eða notast er við talgervil. Texti er uppljómaður í takt við hljóðlestur. Einnig eru settar inn sérhæfðar mynd- lýsingar til að auka enn frekar á les- skilning. Fyrst um sinn verða náms- bækur fyrir nemendur á framhalds- skólastigi framleiddar með þessum hætti. Hljóðbókasafnið útbjó myndband sem sýnir hvernig hljóðbækur með texta nýtast best og má finna það á vef safnsins:

[http://hljodbokasafn.is/leidbeiningar/hljodb aekur-med-texta-\(full-text\)/](http://hljodbokasafn.is/leidbeiningar/hljodb aekur-med-texta-(full-text)/)

### Lánþegar

Virkir lánþegar eru nú 7.526

Fjöldi virkra lánþega og kyn:



### Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Hljóðbókasafn Íslands og systursöfn á Norðurlöndunum eiga í miklu og góðu samstarfi. Forstöðumenn safnanna hittast tvisvar á ári, í maí og í október, og bera saman bækur sínar. Reynslan hefur sýnt forstöðumönnum að Norðurlöndin standa mjög framarlega þegar kemur að þjónustu við prent- leturshamlaða. Hljóðbókasöfn Norður- landanna starfa saman að fjölmörgum verkefnum.

Þar má nefna sameiginleg kaup á bókum frá RNIB Englandi, sameiginlega leitar- vél fyrir öll söfn Norðurlandanna, samning við Indland um undirbúning bóka fyrir útgáfu á texta með hljóði og sameiginleg innkaup.

Nokkrir starfshópar hittast einu sinni á ári og bera saman bækur sínar. Þetta er mjög frjótt samstarf því öll Norður- löndin hafa aðeins eitt hljóðbókasafn. Hópar sem störfuðu árið 2013 voru:

**The Nordic IT Forum** –nýr hópur, stofnaður í Osló í maí 2013. Hópnum er ætlað að vera samskipta- og upplýsinga-

veita með það að markmiði að finna út hvar auka megi samvinnu landanna.

**Barnabókahópur.** Hópurinn hittist árlega og fer yfir hlutfall barna- og unglingsbóka sem eru framleidd á söfnunum.

Hópurinn gætir hagsmuna yngri kynslóðarinnar.

**Markaðshópur:** Hópurinn fjallar um markaðssetningu safnanna, hvernig best sé að ná til þeirra sem á þurfa að halda.

**Þjónustuhópur:** Hópurinn fer yfir breytingar á lánþegahópnum, hvernig best megi þjóna honum og með sem hagkvæmustum hætti.

**Hópur um framleiðslustaðla:** Hópurinn vinnur að samnorrænni tillögu um staðla sem ber að nota í framleiðslu Daisy-bóka með hljóði og texta.

Það þarf vart að fjölyrða um það hversu mikilvægt norrænt og alþjóðlegt samstarf er fyrir Hljóðbókasafn Íslands.

Reynslu og þekkingu er deilt á milli landa og Ísland nýtur góðs af rannsóknnum og þróunarvinnu í tæknimálum á hinum Norðurlöndunum. Ísland hefur lagt ýmislegt á vogaskálarnar, til að mynda framleiðslu- og útlánakerfið Libro Digital sem hannað var af safninu í samvinnu við Prógramm ehf. til umræðu í nokkrum söfnum í Evrópu, með það í huga að innleiða kerfið þar.

Jafnframt ber Ísland ábyrgð á sameiginlegu leitarvélinni sem nefnd var áður.

Hljóðbókasafn Íslands er aðili að DAISY Consortium alþjóðasamtökunum.

Samtökin hafa það að meginmarkmiði að gera prentað letur aðgengilegt fyrir prentleturshamlaða um allan heim.

Í gegnum samtökin hefur Hljóðbókasafnið skrifað undir samning um að fá aðgang að alþjóðlegum gagnagrunni sem nefnist TIGAR. Sjá nánar um TIGAR: <http://www.visionip.org/tigar/en/>

### Viðurkenningar:

Hljóðbókasafn Íslands fékk árið 2013 viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun í könnun SFR og VR. Þetta er þriðja árið í röð sem safnið fær þessa viðurkenningu, en hún kom líka í hlut safnsins árin 2011 og 2012.



Hljóðbókasafnið fékk jafnframt viðurkenningu frá Evrópastofnun fyrir „best practices“ í opinbera geiranum fyrir framúrskarandi nýsköpun á krepputímum fyrir verkefnið Libro Digital en þess má geta að safnið fékk líka nýsköpunarviðurkenningu frá hinu opinbera á Íslandi fyrir sama verkefni árið 2012.

Sem fyrr segir er starfsskýrsla safnsins til í heild sinni með hljóði og texta hjá safninu og við hvetjum þá sem vilja kynna sér helstu starfsemi á árinu 2013 til að lesa hana í heild sinni.

Með bestu kveðju,  
Þóra Ingólfssdóttir, Hljóðbókasafni

**Fjóla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu - ársskýrsla 2013–2014**

Fjóla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sem áður hét Daufblindrafélag Íslands, hefur aðsetur að Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík. Félagið var stofnað þann 15. mars 1994. Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmuna- og menningarmálum fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Samkvæmt lögum félagsins geta einstaklingar með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, og aðstandendur barna yngri en 18 ára, verið aðalfélagar og aðrir sem áhuga hafa á að starfa með félaginu og fagfólk verið styrktaraðilar.

**Aðalfundur og stjórnarstörf**

Aðalfundur Fjólu var haldinn 12. apríl 2013 í sal Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Á fundinum var, lögum samkvæmt, kosið í stjórn. Guðlaug Erlendsdóttir var kjörin formaður til tveggja ára. Kosið var um stjórnarmenn í aðal- og vara- stjórn, einnig til tveggja ára. Margrét Ríkarðsdóttir og Friðjón Erlendsson voru kosin í aðalstjórn og Kristjana Garðarsdóttir í varastjórn. Eftir fyrsta stjórnarfund nýrrar stjórnar var verkaskipting sem hér segir: Guðlaug Erlendsdóttir formaður, Friðjón Erlendsson varaformaður, Ágústa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Margrét Ríkarðsdóttir ritari og Bryndís Snæbjörnsdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru þau Friðgeir Jóhannesson og Kristjana Garðarsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Sigurjón Einarsson og Halldór Sævar Guðbergsson.

Stjórnarfundir voru sex á árinu. Fulltrúi Fjólu í ÖBÍ var Friðgeir Jóhannesson og varamaður Guðný Einarsdóttir.

Þann 11. nóvember sagði Guðlaug Erlendsdóttir af sér formennsku af persónulegum ástæðum. Friðjón Erlendsson tók við sem formaður og Kristjana Garðarsdóttir gekk inn í aðalstjórn og tók við sem varaformaður. Þann 20. janúar gekk Margrét Ríkarðsdóttir úr stjórn og tók Friðgeir Jóhannesson sæti hennar í aðalstjórn.

**Félagsfundir**

Haldinn var félagsfundur þann 16. nóvember og var hann vel sóttur. Pema fundarins var réttindagæslukerfið og réttindabarátta. Nokkrir fyrirlesarar komu, þar á meðal opinber réttindagæslumaður fatlaðs fólks. Talsverðar umræður urðu um réttindamál og réttindagæslu og var fundurinn afar góður og gagnlegur.

**Starfsmannamál**

Þann 1. nóvember 2012 fór ráðgjafi félagsins, Hafdís María Tryggvadóttir, í árs leyfi og starfaði Guðný Katrín Einarsdóttir sem ráðgjafi til 1. nóvember 2013. Hafdís María kom aftur til starfa

þann 1. október 2013 og er, sem fyrr, í 50% starfshlutfalli.

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga, þriðjudaga og föstudaga klukkan 10:00–12:00.

### Félagsstarf

Í byrjun nóvember var farin sumar- bústaðaferð norður á Blönduós. Leigðir voru tveir bústaðir. Sex félagsmenn og tveir starfsmenn fóru keyrandi frá Reykjavík og Akureyri. Helgin var mjög skemmtileg, áhugaverðir staðir skoðaðir, snæddur góður matur og menn nutu sín í góðun félagsskap. Ákveðið var að stefna að því að fara aftur næsta haust.

Ákveðið var að bregða út af vananum og sleppa hinu árlega jólakaffi sem tíðkast hefur í nokkur ár en efna þess í stað til hátíðarkvöldverðar eftir félagsfundinn 16. nóvember.

Veislukvöldverðurinn var í sal Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17. Af þessu tilefni komu nokkrir félagsmenn af landsbyggðinni til Reykjavíkur.

### 20 ára afmæli Fjólu

20 ára afmæli félagsins var haldið með hátíðlegum brag þann 14. mars á Grand Hótel. Boðið var upp á dagskrá þar sem farið var yfir sögu félagsins, sýnt var myndband sem Áslaug Ýr Hjartardóttir, aðalfélagi, gaf félaginu, flutt var áhrifarík saga einstæðrar móður sem býr við þá óvissu að sjón og heyrn hennar fer sífellt minnkandi auk þess sem sungið var á radd- og táknmáli.

Félagið fékk margar góðar gjafir í tilefni dagsins, en tvímælalaust er afmælisgjöf frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sú verðmætasta. Hún var í formi loforðs um að framvegis myndi Samskiptamiðstöðin sinna túlkun til fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, s.s. snertitákn málstúlkun, radd- og rittúlkun.

### Dagur daufblindra 27. júní 2013

Þann 27. júní var í þriðja sinn haldið upp á dag daufblindra hér á landi með hátíðardagskrá í sal Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17. Á dagskránni voru erindi frá félagsmönnum og hvatafyrirlestur frá Søren Holmgren frá Danmörku. Søren er tvöfaldur Ólympíugullhafi, tölvunarfræðingur, rithöfundur og vinsæll fyrirlesari. Hann fjallaði um það hugarfar og þá heimspeki sem liggur að baki þeim árangri sem hann hefur náð. Viðburðurinn tókst vel og margt fróðlegt og umhugsunarvert kom fram í máli fyrirlesara.

### Sumarvinnuverkefnið

Fjóla tók þátt í samstarfi við Blindrafélagið, Reykjavíkurborg og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga um að bjóða félagsmönnum upp á sex vikna sumarvinnu. Tveir félagsmenn Fjólu unnu í hópnum. Meðal þess sem hópurinn gerði var að skoða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, gildandi byggingarreglugerð og lög ýmissa opinberra þjónustustofnana.

Þá skrifaði hópurinn ýmislegt er varðar réttindamál sem nota má sem fræðsluefni á heimasíðu Fjólu þegar hún lítur dagsins ljós. Félagsmenn Fjólu gerðu úttekt á aðgengi á Laugaveginum og í kjölfar þess sendu þeir niðurstöður sínar til borgarstjóra Reykjavíkur. Það erindi vakti talsverða athygli og umræður um rétt allra til óhindraðs aðgengis að verslun og þjónustu.

### **Ferð tveggja félagsmanna í norrænar ungmennasumarbúðir í Finnlandi**

Tveir félagsmenn Fjólu sóttu síðasta sumar norrænar ungmennasumarbúðir fyrir daufblind ungmenni í Finnlandi. Félagið sá um skipulagningu ferðarinnar og aflaði styrkja til fararinnar. Íslensku þátttakendurnir voru hæstánægðir með þessa frábæru ferð sem skilaði m.a. tengslum við daufblind ungmenni frá öðrum löndum og mikilli fræðslu.

### **Samstarf við opinbera aðila**

Félagið á sæti í verkefnastjórn á vegum Velferðarráðuneytisins þar sem unnið er að framtíðarskipulagi í þjónustu við heyrnarlaus, heyrnarskerta og fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Í tengslum við vinnuna með Velferðarráðuneytinu hefur félagið verið með virkan baklandshóp sem farið hefur reglubundið yfir þau málefni sem tekin eru fyrir hverju sinni. Nú sér loks fyrir endann á þessari vinnu og er verið að leggja lokahönd á skýrslu sem leggja á fyrir ráðherra.

Á starfsárinu tók til starfa greiningarteymi í málefnum fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, en Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga heldur utan um teymið.

Þetta er mikið framfararskref í réttindabaráttu fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Félagið væntir þess að sú vinna sem þar fer fram haldi áfram að þróast og félagsmenn geti í auknum mæli leitað eftir því að fá starfrænt mat hjá teyminu sem nýtist í samskiptum við aðra þjónustuaðila og hjálpi einstaklingum að sjá styrkleika sína og leiðir til hæfingar og endurhæfingar.

### **Erlend samskipti**

Formaður félagsins, Guðlaug Erlendsdóttir, og Hafdís María Tryggvadóttir sóttu í október formannafund norrænu daufblindrafélaganna (DBNSK) sem haldinn var í Hurdal í Noregi.

### **Fjáröflun og rekstur**

Á haustmánuðum stóð félagið fyrir hinni árlegu sölu viðskiptadagbóka.

Fjárhagslegur ávinningur af sölunni hefur, því miður, farið minnkandi síðastliðin ár og ljóst er að haustið 2014 þarf að endurskoða dagbókasöluna verulega. Við þá endurskoðun þarf að hafa í huga að í gegnum árin hefur myndast hópur fyrirtækja og stofnana sem kaupir dagbókina árlega og að segja má að dagbókasalan skili félaginu ákveðinni kynningu.

Fjóra fékk nokkra fjárhagsstyrki á starfsárinu, frá fyrirtækjum, samtökum

og stofnunum. Helst ber að nefna styrki frá Öryrkjabandalagi Íslands, Blindrafélaginu, Samskiptamiðstöð heyrnarskertra og heyrnarskertra í formi túlkunar, styrk frá Velferðarráðuneyti og Reykjavíkurborg til rekstrar og sérverkefna.

### Almennt

Starfið hefur verið blómlegt síðasta starfsár og félagsmenn duglegir að hafa samband við skrifstofuna til skrafs og ráðgjafar. Þátttaka í viðburðum félagsins hefur verið góð.

Miklar væntingar eru hjá félagsmönnum Fjólu um að vinnan sem nú er í gangi með Velferðarráðuneytinu skili góðum árangri og bættri þjónustu hins opinbera við fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu í framtíðinni. Þá binda félagsmenn miklar vonir við nýstofnað greiningarteymi og þróun á starfrænu mati sem gæti leitt til fleiri hæfingar- og endurhæfingarúrræða og möguleika. Félagið var rekið með talsverðu tapi árið 2013 og ljóst er að nýrrar stjórnar bíður það krefjandi verkefni að finna leiðir til að tryggja fjárhagsstöðu þess.

### *Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga fyrir árið 2013.*

Starfsemi Miðstöðvarinnar árið 2013 gekk almennt vel. Mörg stór verkefni voru unnin á árinu og má þar sérstaklega nefna vinnu varðandi notendur með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, námskeiðahald og fræðslu fyrir notendur og fagfólk, sérverkefni varðandi börn og ungmenni, sérstök áhersla var á notendur á atvinnualdri og endurhæfingu, erlent samstarf var mikið og góð þátttaka í þróunarverkefnum.

Á árinu störfuðu á Miðstöðinni 33 starfsmenn samtals yfir árið, í rúmlega 24 stöðugildum.

#### **Samþætt sjón- og heyrnarskerðing**

Eitt helsta verkefni Miðstöðvarinnar árið 2013 var að bæta þjónustu við einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.



Huld Magnúsdóttir, forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar blindra, sjónskerta og daufblindra

Fleiri starfsmenn en áður voru sendir á námskeið erlendis og sóttu þeir nokkur námskeið og fundi til Nordens Velfærdscenter og einnig komu ráðgjafar frá þeim til Íslands í tvígang á



### Eldri borgarar

Sem fyrr eru eldri borgarar fjölmennasti notendahópur Miðstöðvarinnar eða um 73% viðskiptavina. Fjölmennasti hópurinn er á aldrinum 86–89 ára og flestir notenda eldri en 67 ára eru með aldurstengda augnbotnahrörnun. Ráðgjafar Miðstöðvarinnar eru á ferðinni um allt land til að veita þessum hópi þjónustu bæði heima og á dvalarheimilum en margir í þessum hópi eru ekki alveg í stakk búnir til að koma á Miðstöðina í Hamrahlíð til að fá þjónustu. Því er reynt að veita þjónustu í nærumhverfi eins mikið og kostur er. Þetta háa þjónustustig og aðferðafræði um fyrirbyggjandi þjónustu þar sem hið opinbera sýnir frumkvæði að því að hafa samband við einstaklinga og tryggja þjónustu og ráðgjöf hefur vakið athygli og ánægju viðskiptavina Miðstöðvarinnar. Aðferðafræðin hefur líka vakið athygli erlendis og Miðstöðin hefur verið beðin um að vera með í erlendum samstarfsverkefnum, s.s. Sensage, til að miðla af þekkingu sinni og aðferðum við að þjónusta eldri borgara.

### Bókagerð

Fjöldi bóka og bókapantana hefur aukist milli ára og er það helst vegna fjölda nemenda í framhaldsskólum og háskólum. Aldrei hafa jafnmargir blindir og sjónskertir nemendur stundað háskólanám á Íslandi og nú.

Þetta hefur aukið mjög álag á bókagerð Miðstöðvarinnar og því var fjölgað þar um eitt stöðugildi. Þar eru nú starfandi fimm starfsmenn sem framleiða efni á stækkuðu letri, punktalettri, rafrænu formi og prentuðu formi.

Bókapöntunum hefur fjölgað um 30% á síðustu þremur árum.



Þann 24. janúar 2014 veitti iðnaðarráðherra verðlaun fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu. Meðal verðlaunahafa voru Miðstöðin og Hljóðbókasafn Íslands

### Miðstöðin hlýtur viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu

24. janúar 2014 voru afhent verðlaun og viðurkenningar fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnarsýslu á ráðstefnunni Skapandi opinber þjónusta sem haldin var á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Miðstöðin hlaut viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og segir eftirfarandi um verkefni Miðstöðvarinnar, uppbyggingu starfseminnar og hugmyndafræði.



Þjónusta og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda var stofnuð 2009. Helstu verkefni hennar eru ráðgjöf, kennsla og endurhæfing. Hugmyndafræði Miðstöðvarinnar er að sinna notendum, aðstandendum, kennurum og öðrum úr nærumhverfinu. Þjónustan fer fram í því umhverfi sem notandinn er í og á hans forsendum svo sem inná heimili, skóla, vinnustað, í tómstundaiðju og öðru til að stuðla að virkni, vinna gegn félagslegri einangrun og auka sjálfstæði. Hjá Miðstöðinni er hver einstaklingur metin út frá eigin getu og þörfum. Þetta háa þjónustustig og aðferðafræði um fyrirbyggjandi þjónustu þar sem hið opinbera sýnir frumkvæði að því að hafa samband við einstaklinga og tryggja þjónustu og ráðgjöf hefur vakið athygli og ánægju viðskiptavina Miðstöðvarinnar og aðferðafræðin hefur vakið athygli erlendis. Með stofnun Miðstöðvarinnar hefur

þjónusta við blint, sjónskert og daufblinda einstaklinga batnað til muna og sjálfstæði notenda aukist.

Í umsögn valnefndar kemur m.a. fram að hún telji að uppbygging starfseminnar sé til fyrirmyndar og feli í sér að hugmyndafræði um að þjónusta einstakling með sérþarfir á forsendum hans sé raunverulega hrint í framkvæmd með einstökum árangri, sem hefur leitt til straumhvarfa fyrir skjólstæðinga stofnunarinnar og stuðningskerfi hans. Verkefnið skiptir skjólstæðinga stofnunarinnar miklu, það hefur mikið almannagildi og hefur þegar skilað mælanlegum árangri. Hægt er að yfirfæra hugmyndafræði þess á aðra þætti opinberrar þjónustu.

Að lokum vil ég þakka Blindrafélaginu fyrir gott samstarf nú eins og endranær og við hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs á komandi árum.

Huld Magnúsdóttir, forstjóri.

## Stefnumótun stjórnar Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi

Skilgreining, gildi, hlutverk, stöðumat, framtíðarsýn og sóknaráætlun

Kristinn Halldór Einarsson

2014

### *Inngangur*

Þessi stefnumótunarskýrsla byggir á ítarlegri stefnumótunarvinnu sem upphaflega var unnin á vettvangi félagsins á árinu 2009. Fjölmargir fundir voru þá haldnir og kom fjöldi félagsmanna að vinnunni, eins og sjá má í upphaflegu skýrslunni frá 2009.

Frá þessum tíma hefur stefnumótunin verið endurskoðuð á hverju ári á vettvangi stjórnar félagsins á sérstökum vinnufundum stjórnarinnar sem haldnir hafa verið í september og janúar ár hvert. Í september hefur verið farið yfir skilgreiningar, gildi, stöðumat og SVÓT

greiningu og í janúar yfir framtíðarsýn og sóknaráætlun sem inniheldur verkefnaáætlun félagsins.

Frá 2009 má glögg sjá að framkvæmd sóknaráætlunarinnar hefur að mörgu gengið vel eftir og mörgum stórum verkefnum hefur verið hrint í framkvæmd. Á þessum tíma hafa eðli málsins samkvæmt ný verkefni bæst við sem jafnóðum hafa verið sett inn í sóknaráætlunina. Áhugasamir geta séð þróun verkefnaáætlunarinnar með samanburði á milli útgefina skýrslna.

### *Mannréttindasamtök*

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, stofnað 1939, er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi, og að þeim sé tryggður jafn réttur og

jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Ekkert um okkur án okkar – er sameiginlegt kjörorð sem Blindrafélagið á með öðrum samtökum fatlaðra.

### *Gildi*

Gildi Blindrafélagsins eru sótt í meginreglur Sáttmála Saminuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Meðal mikilvægustu gildanna í Sáttmálanum eru:

**Jafnrétti:** Eykur þátttöku og færir með sér gæfu.

**Sjálfstæði:** Stuðlar að virkni og ábyrgð.

**Virðing:** Elur af sér réttisýni og viðurkenningu.

**Umburðarlyndi:** Stuðlar að fjölbreytileika og viðsýni.

### Stuðningur til sjálfstæðis

Hlutverk Blindrafélagsins er að stuðla að því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og séu ábyrgir og virkir samfélagsþegnar.

#### Stöðumat

Stöðumat er lausleg greining á ytra og innra umhverfi félagsins eins og það er metið af stjórn á árinu 2013.

#### Ytra umhverfi

Almennt stendur Blindrafélagið nokkuð vel gagnvart sínu ytra umhverfi. Félagið á í ágætu samstarfi við mikilvægustu hagsmunaaðila sína, hefur almennt sterka og jákvæða stöðu gagnvart stjórnvöldum þegar kemur að hagsmunamálum félagsmanna. Félaginu hefur einnig gengið ágætlega að koma áherslum sínum og baráttumálum á framfæri í fjölmiðlum.

Viðhorfskönnun sem Capacent Gallup gerði í mars 2014 meðal almennings, þar sem var 851 svarandi, sýndi að 85,8% töldu félagið sinna réttindamálum blindra og sjónskertra vel, 11,9% voru hlutlaus og einungis 2,3% töldu félagið standa sig illa. Í samanburði við önnur valin samtök, sem starfa á sambærilegum vettvangi og Blindrafélagið, stendur félagið einnig vel. Fólk almennt (almeningur og stuðningsmenn) er mjög jákvætt gagnvart hjálpar- og góðgerðarsamtökum, einungis Krabba-meinsfélagið fékk hærri jákvæðni-

Hlutverk Blindrafélagsins er að stuðla að því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og séu ábyrgir og virkir samfélagsþegnar.

mælingu en Blindrafélagið þegar spurt var um afstöðu til valinna samtaka. Frá könnunum sem gerðar voru árin 2009 og 2011 hefur félaginu tekist að raungera aukinn vilja sem þá mældist til að styrkja Blindrafélagið. Fjöldi þeirra sem svara því að þeir hafi styrkt Blindrafélagið hefur nærri þrefaldast frá árinu 2009 til 2014. Þannig svöruðu árið 2009 4,3% því að þeir styrktu Blindrafélagið reglulega, í könnuninni 2011 var talan orðin 9,3% og í könnuninni 2014 mældist þessi hópur 11,3%. Árin 2009 og 2011 sögðust 57% svarenda hafa styrkt félagið, en ekki reglulega, árið 2014 var talan 53,6%. Árið 2009 sögðust 37,2% svarenda ekki hafa styrkt félagið en geta hugsað sér að gera það, árið 2011 mældist sami hópur 31,5% og 32,1% árið 2014. Einungis rétt rúm 2% svöruðu því til að þau gætu ekki hugsað sér að styrkja Blindrafélagið í öllum þremur könnununum.

Öflugustu stuðningsmenn Blindrafélagsins eru elstu aldurshóparnir. En þegar sá hópur sem segist ekki hafa styrkt félagið, en gæti hugsað sér að gera það, er skoðaður nánar og greindur út frá aldri kemur eftirfarandi í ljós:

• 18–24 ára:	76% árið 2009,	en 89% árið 2014.
• 25–34 ára:	53% árið 2009,	en 57% árið 2014.
• 35–44 ára:	27% árið 2009,	en 35% árið 2014
• 45–54 ára:	12% árið 2009,	en 19% árið 2014.
• 54 ára og eldri:	4% árið 2009,	en 19% árið 2014.

Yngri aldurshóparnir eru mun stærri en þeir eldri og því eru þessar niðurstöður mjög hvetjandi til að halda úti áframhaldandi öflugu fjáröflunarstarfi félagsins. Til að ná árangri í að raungera

þennan vilja yngri aldurshópanna þarf að skoða aðrar fjáröflunarleiðir en hinar hefðbundnu fjáraflanir sem félagið hefur reitt sig á til þessa.

### Innra umhverfi

Í upphafi árs 2014 eru 618 aðalfélagar í Blindrafélaginu. Undir lok ársins 2013 voru 1358 á skrá Þjónustu- og

þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga sem rétt eiga til félagsaðildar.

#### Félagsaðild eftir aldurshópum er eftirfarandi:

<b>0–18 ára:</b>	113 á skrá,	aðalfélagar 40,	félagsaðild 35% (foreldradeild).
<b>19–35 ára:</b>	60 á skrá,	aðalfélagar 42,	félagsaðild 70%.
<b>36–67 ára:</b>	202 á skrá,	aðalfélagar 136,	félagsaðild 67%.
<b>68–85 ára:</b>	449 á skrá,	aðalfélagar 179,	félagsaðild 40%.
<b>86+ ára:</b>	534 á skrá,	aðalfélagar 221,	félagsaðild 41%.

Séu allir hóparnir teknir saman er félagsaðild þeirra sem eru á skrá hjá Miðstöðinni að Blindrafélaginu 46% og hefur hlutfall aðildar vaxið úr 40% á

seinustu tveimur árum. Ef elsti og yngsti hópurinn eru ekki reiknaðir með er félagsaðild um 60%. Ítarlegri upplýsingar má sjá í töflunni hér fyrir neðan:

Aldur	Fjöldi	Lögbl	Sjónsk	% Lögbl	% Sjónsk	Félagar	% Félagar
<b>0-18</b>	113	39	74	35%	65%	40	35%
<b>19-35</b>	60	36	24	60%	40%	42	70%
<b>36-67</b>	202	146	56	72%	28%	136	67%
<b>68-85</b>	449	183	266	41%	59%	179	40%
<b>86+</b>	534	283	251	53%	47%	221	41%
<b>Samtals</b>	<b>1358</b>	<b>687</b>	<b>671</b>	<b>51%</b>	<b>49%</b>	<b>618</b>	<b>46%</b>

Félagið hefur áhrif á hagsmunamál félagsmanna með því að taka frumkvæði í einstökum málum. Er það meðal annars gert með samráði við hagsmuna-

aðila, lögfræðilegri aðstoð við einstaklinga í fordæmisgefandi málum eða með fjárveitingum til ákveðinna verkefna í formi styrkja.

Hagsmunatengd verkefnavinna á skrifstofunni hefur verið aukin verulega:

- Samskipti við stjórnvöld hafa skilað réttarbótum, t.d. í formi laga og reglusetninga.
- Ný ferðaþjónustuúrræði hafa verið tryggð í samvinnu við félagsmenn og/eða einstök sveitarfélög.
- Allt bendir til að takast muni að halda ferðaþjónustu blindra í Reykjavík utan við útboð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um ferðaþjónustu við fatlaða.
- Stigið hefur verið inn í mál einstaklinga innan skólakerfisins þótt slík tilfelli séu núna nánast óþekkt.
- Aðgengisfulltrúi á upplýsingasviði er starfandi hjá félaginu.
- Þjónustufulltrúi til að sinna sérstaklega tækniþjónustu (vefvarp, símar, talgervill o.fl.) hefur verið ráðinn til starfa.
- Þjónustufulltrúi til að aðstoða sérstaklega deildir félagsins hefur verið ráðinn til starfa.
- Félagsmönnum hefur verið boðin aðstoð réttindalögmanns.

Enn eru dæmi um sveitarfélög og stofnanir sem að mati Blindrafélagsins bjóða ekki lögbundna þjónustu, hvort sem um er að ræða akstursþjónustu, félagsþjónustu eða aðra þjónustu.

Mikilvægt er að kalla fram slík dæmi þannig að leita megi leiðréttinga eftir lögformlegum leiðum ef með þarf.

Frá árinu 2008 hefur Blindrafélagið haft frumkvæði að og forgöngu um að 150 milljónir íslenskra króna hafa verið settar í mikilvæg og verðmæt verkefni til hagsbóta fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga hér á landi. Flest, ef ekki öll, hafa verkefni haft þann tilgang að

stuðla að auknu sjálfstæði blindra og sjónskerta einstaklinga.

Stuðningur til sjálfstæðis – Styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins er sjóður sem varð til við samruna hvatningastyrkja, námsstyrkja, hjálpartækjastyrkja og Menntunarsjóðs til blindrakennslu, ásamt 15 milljón króna afmælisgjöf frá Blindravinafélagi Íslands í tilefni af 70 ára afmæli Blindrafélagsins árið 2009.

Tilgangur sjóðsins er að veita:

- a) Náms-, ferða- og ráðstefnustyrki til fagfólks sem starfa með blindum og sjónskertum einstaklingum eða að hagsmunamálum þeirra.
- b) Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrki til félagsmanna Blindrafélagsins.
- c) Styrki til félagsmanna Blindrafélagsins til kaupa á hjálpartækjum og öðrum mikilvægum búnaði.
- d) Verkefnastyrki til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar.

Nánari skilgreiningar og reglur skulu settar í úthlutunarreglum fyrir hvern og einn styrktarflokk. Sjóðurinn er með sjálfstæða stjórn og í vörslu Blindrafélagsins.

Styrkir veittir úr styrktarsjóði Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, Stuðningi til sjálfstæðis, og Menntunarsjóði til blindrakennslu:

- Náms-, ferða- og ráðstefnustyrkir til fagfólks sem starfa með blindum og sjónskertum einstaklingum eða vinna að hagsmunamálum þeirra: 14 milljónir króna.

- Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrkir til félagsmanna Blindrafélagsins: 2 milljónir króna.
- Styrkir til kaupa á hjálpertækjum og tölvubúnaði: 1,4 milljónir króna.
- Styrkir til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar: 2,9 milljónir króna.

Önnur verkefni:

- Talgervilsverkefni Blindrafélagsins sem margir aðilar komu að fjármögnun á: 85 milljónir króna.
- Leiðsöguhundaverkefnið: 26 milljónir króna.
- Vefvarpsverkefni Blindrafélagsins: 6 milljónir króna.
- Kostnaður vegna uppsetningar á Daisy-streymisaðgangi hjá Hljóðbókasafni Íslands fyrir vefvarp Blindrafélagsins: 12 milljónir króna.
- Gjöf til Augndeildar LSH til kaupa á tæki til tilraunamedferðar við RP: 1 milljón króna.

Aðrir sjóðir sem eru starfandi á vettvangi félagsins eru:

- Blind börn á Íslandi: Sjálfstæð stjórn. Hlutverk sjóðsins er að styrkja blind og sjónskert börn allt að 18 ára aldri til kaupa á ýmsu því sem getur orðið þeim til aukins þroska og ánægju í lífinu. Þar á meðal eru sérhönnuð leikföng, leiktæki, hljóðfæri, tölvur og annað slíkt sem opinberir aðilar styrkja ekki foreldra til kaupa á. Sjóðurinn er í vörslu Blindrafélagsins.
- Styrktarsjóður Margrétar Jónsdóttur: Sjálfstæð stjórn. Tilgangur sjóðsins er að styrkja foreldra/forráðamenn barna allt að 18 ára aldri sem greinst hafa blind eða með alvarlega augnsjúkdóma.

Sjóðurinn veitir einungis styrki vegna verkefna eða hluta sem eru ekki styrktir af opinberum aðilum eða sjóðum sem koma að málum blindra og sjónskertra barna. Sjóðurinn er í vörslu Blindrafélagsins.

- Styrktarsjóður Dóru Stefánsdóttir og Richards P. Theodórs:

Sjálfstæð stjórn. Tilgangur sjóðsins er að styrkja blint fólk á aldrinum 16–25 ára og/eða mennta fólk í þágu blindra og blinduvarna. Sjóðurinn er í vörslu Blindrafélagsins.

Mikilvæg uppspretta fjármuna sem hægt er að veita til verkefna af þessu tagi kemur til Blindrafélagsins í formi erfðafjárgjafa. Einstaka sinnum hendir það að erfðafjárgjafir til Blindrafélagsins koma með svo ítarlegum eða þröngum notkunarskilmálum að gagnsemi þeirra getur ekki orðið eins markviss og æskilegt væri að mati Blindrafélagsins. Til að auðvelda þeim sem vilja arfleiða félagið að verðmætum væri rétt að setja fram leiðbeiningar á vefsíðu félagsins og í bæklingi um með hvað hætti erfðafjárgjafir gagnast best Blindrafélaginu.

Samkvæmt skoðanakönnun Capcent Gallup, sem gerð var sumarið 2011, telur mikill meirihluti félagsmanna (93%) að Blindrafélagið sinni réttindamálum blindra og sjónskertra vel. Mjög stórt hlutfall félagsmanna segir þeim mjög vel eða að öllu leyti vel sinnt og hefur viðhorf félagsmanna breyst töluvert til batnaðar frá síðustu mælingu.

Mikil ánægja er meðal félagsmanna með þjónustu Blindrafélagsins og er ferðaþjónustan sá þjónustubáttur sem mestu virðist skipta fyrir félagsmenn.

Undanfarin ár hafa reglulega verið haldnir samráðsfundir stjórnar, deilda, nefnda og klúbba innan félagsins í september og janúar. Hafa þessir fundir gefist mjög vel til að skipuleggja og samræma félagsstarfið. Innra umhverfi félagsins er almennt stöðugt.

Helstu verðmæti félagsins liggja í:

- Sterkri fjárhags- og eignastöðu.
- Stöðugu og virku skipulagi starfseminnar.
- Jákvæðu orðspori.
- Stórum hópi skráðra velunnara.
- Góðri þátttöku félagsmanna í félagsstarfinu.

### ***SVÓT - Styrkleikar – Veikleikar – Ógnanir – Tækifæri***

SVÓT greining er samandregin niðurstaða úr stöðumatinu, innri og ytri greiningu, og er ætlað að varpa ljósi á hvar styrkleikar og veikleikar kunna að

liggja í innra umhverfi félagsins og sömuleiðis hvar kunna að vera tækifæri eða ógnanir í ytra umhverfi félagsins.

#### **Styrkleikar í innra umhverfi:**

- Traust fjárhagsstaða – Forsenda þess að félagið geti tekið frumkvæði og verið virkur gerandi.
- Sterk staða meðal félagsmanna – Mjög stór hluti er mjög ánægður með réttindagæsluna (93%) og þjónustu félagsins.
- Góð þátttaka félagsmanna í félagsstarfi.
- Stöðugt og virkt skipulag á starfsemi félagsins, m.a. fjölbreyttar fjáraflanir sem skila félaginu góðum tekjum.

#### **Veikleikar í innra umhverfi:**

- Félagsaðild, sem er 46%, gæti verið almennari.
- Lykilstarfsmenn eru komnir á eða að nálgast eftirlaunaaldur.
- Hár meðalaldur félagsmanna (73 ár) sem getur háð öflugum félagsstarfi.

#### **Ógnanir í ytra umhverfi:**

- Ótryggt rekstraröryggi Blindravinnustofunnar.
- Mögulegar sameiningar ríkisstofnana.
- Samdráttur í opinberum útgjöldum og lækkandi þjónustustig.
- Lækkandi styrkir frá hinu opinbera.

#### **Tækifæri í ytra umhverfi:**

- Innleiðing Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á að gefa færi á að sækja bættu stöðu og þjónustu til handa fötluðum.
- Góð staða gagnvart stjórnvöldum og stofnunum.
- Sterk og jákvæð ímynd meðal almennings og stuðningsmanna.
- Fjáröflunarmöguleikar meiri en tekist hefur að raungera, sérstaklega meðal yngri aldurshópa en hafa að jafnaði styrkt Blindrafélagið.

## Framtíðarsýn

Full mannréttindi í samfélagi fyrir alla er kjarninn í framtíðarsýn Blindrafélagsins. Samfélag sem byggir á virðingu og viðurkenningu fyrir fjölbreyttum þörfum allra einstaklinga til að lifa sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi.

Félagið er í fremstu röð, uppbyggjandi, framsækið, réttindamiðað og starfar af

heilindum. Verk félagsins hafa samfélagslega þýðingu og bæta og verja lífsgæði félagsmanna.

## Sóknaráætlun

Sóknaráætlun gegnir því hlutverki að vera brúarsmíði frá núverandi stöðu yfir í framtíðarsýn félagsins.

Sóknaráætlun felur í sér meginmarkmið, starfsmarkmið og verkefni.

## Meginmarkmið

Í meginmarkmiðum er lögð áhersla á að markmiðin séu almenn, stutt, eftirminnileg, gegnsæ og að þau skarist ekki, en feli í sér mikilvæga meginþætti í starfsemi félagsins. Meginmarkmiðin eru:

a) Stuðningur til sjálfstæðis

b) Traust réttinda- og hagsmunagæsla

c) Uppbyggilegt fræðslustarf

d) Öflugt félagsstarf

e) Góð þjónusta

f) Fagleg stjórnun

g) Góð samstaða

h) Fjölgun félaga

## Starfsmarkmið og verkefni

Setning starfsmarkmiða felur það í sér að verið er að brjóta niður meginmarkmiðin. Starfsmarkmiðin skulu vera sértæk, mælanleg, samþykkt, viðeigandi og tímaháð, ef þess er nokkur kostur. Möguleiki er þó að gera verkefni sem heyra undir starfsmarkmið mælanleg, ef það hentar betur en að hafa starfsmarkmiðin mælanleg. Hér fyrir neðan verða starfsmarkmið og verkefni sett upp undir hverju meginmarkmiði.

### A) Stuðningur til sjálfstæðis

#### Starfsmarkmið A-1:

Blindrafélagið skal í öllu sínu fræðslu- og útgáfustarfi leggja áherslu á að kynna fyrir samfélaginu fjölþætta hæfni og

getu blinda og sjónskerts fólks og stuðla með því að aukinni vitund og þekkingu almennings á hæfni blindra og sjónskertra einstaklinga.

**Verkefni A-1.1** Halda á lofti slagorði félagsins: „Stuðningur til sjálfstæðis“.

Ábyrgð: KHE/ÓH

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni A-1.2** Gera reglulega viðhorfskannanir meðal almennings og félagsmanna, bera saman við fyrri kannanir og nýta til að bæta starfsemi félagsins til fræðslu og upplýsingagjafar.

Ábyrgð: KHE/RMH/EKP

Næstu könnun lokið: 30.05.2014



**Starfsmarkmið A-2:**

Kynna og starfrækja styrktarsjóðinn „Stuðningur til sjálfstæðis – styrktarsjóð Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins“, sem hófst 2012.

**Verkefni A-2.1** Unnið verði að því að tryggja og auka við ráðstöfunarfé sjóðsins. Í þeim efnum skal meðal annars sækja um styrki úr öðrum sjóðum. Útbúa skal sérstakt kynningar-efni í þeim tilgangi. Stefnt skal að því að sjóðurinn verði kominn í 50 m.kr. innan 5 ára (2019).

Ábyrgð: KHE og stjórn sjóðsins

**Starfsmarkmið A-3:**

Náið og gott samstarf við helstu þjónustustofnanir blindra og sjónskertra einstaklinga: Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga og Hljóðbókasafn Íslands.

**Verkefni A-3.1** Vinna að því með miðstöðinni að nægur fjöldi leiðsöguhunda sé þjálfður svo hægt verði að úthluta alla vega tveimur hundum á ári.

Ábyrgð: Stjórn og framkvæmdastjóri

**Verkefni A-3.2** Gefa út leiðsöguhundadagatal til fjáröflunar fyrir kaup og þjálfun leiðsöguhunda.

Ábyrgð: KHE/ÓH

Lokið: Desember ár hvert.

**Verkefni A-3.3** Próa og viðhalda aðgangi að hljóðbókum í gegnum vefvarp Blindrafélagsins.

Ábyrgð: KHE/BSS

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Starfsmarkmið A-4:**

Tryggja tilvist vandaðs íslensks talgervils og nýtingu hans til að bæta aðgengi að upplýsingum og afþreyingu.

**Verkefni A-4.1** Fylgjast með þróun í talgervismálum og vinna að því að hægt verði að nota íslenska talgervilinn frá Ivona með sem fjölbreytilegustum tölvubúnaði. Í því sambandi skal huga að útgáfu á smærri og léttari útgáfum af íslensku röddunum.

Ábyrgð: KHE/BSS

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni A-4.2** Halda utan um úthlutun talgervilsins til þeirra sem rétt eiga á honum án endurgjalds.

Ábyrgð: KHE/BSS

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni A-4.3** Vinna að því að hægt verði að nota íslenskan talgervil á Apple-tölvubúnaði.

Ábyrgð: KHE/BSS

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni A-4.4** Halda áfram að próa þjónustu vefvarps Blindrafélagsins.

Ábyrgð: stjórn Blindrafélagsins

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni A-4.5** Ná samningum við Ivona um verðlagningu á talgervilslausnum sem henta íslenskum markaði og gera þær aðgengilegar íslenskum forriturum og tölvunotendum.

Ábyrgð: KHE/BSS

Lokið: 31.12.2014.

## B) Traust hagsmunagæsla

### Starfsmarkmið B-1:

Halda uppi þrýstingi á stjórnvöld um að Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði að fullu innleiddur.

**Verkefni B-1.1:** Vinna að því á vettvangi ÖBÍ, með öðrum samtökum fatlaðra sem eru að vinna með Sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að setja þrýsting á stjórnvöld um að sáttmálinn verði innleiddur hið fyrsta.

Ábyrgð: HSG/KHE

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

### Starfsmarkmið B-2:

Viðhalda stöðugri kynningu á Sáttmálanum fyrir félagsmenn, starfsmenn, velunnara félagsins og almenning.

**Verkefni B-2.1:** Kynna innihald Sáttmálans á miðlum félagsins.

Ábyrgð: KHE/GH

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni B-2.2:** Koma á fót Fagráði um meðferð kynferðisbrota gegn fötluðu fólki í samstarfi við önnur samtök fatlaðs fólks.

Ábyrgð: KHE/RMH

Lokið: 30.05.2014.

### Starfsmarkmið B-3:

Vinna að því að allir félagar Blindrafélagsins eigi kost á lögbundinni ferðaþjónustu sem mætir þörfum þeirra.

**Verkefni B-3.1:** Taka upp viðræður við Proskahjálp og Sjálfsbjörg um möguleikann á því að stofna rekstrarfélag sem gæti gert Reykjavíkurborg tilboð í rekstur á ferðaþjónustu við fatlaða Reykvíkinga sem síðan yrði reynt að útvíkka á fleiri sveitarfélög.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.12.2014.

**Verkefni B-3.2:** Fara með ágreiningsmál fyrir dóm til að fá skorið úr því hverjar skyldur sveitarfélaga eru samkvæmt lögum, varðandi ferðaþjónustu við fatlað fólk sem ekki getur nýtt sér almenningssamgöngur.

Ábyrgð: KHE

Lokið: 31.12.2014.

### Starfsmarkmið B-4:

Starfa skipulega að bættu rafrænu upplýsingaaðgengi blindra og sjónskertra einstaklinga.

**Verkefni B-4.1:** Halda uppi samskiptum við stjórnvöld til að knýja á um lagasetningar og að opinberar vefsíður uppfylli skilyrði alþjóðlegra aðgengisstaðla.

Ábyrgð: KHE/Birkir/RMH

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni B-4.2:** Þjóða fyrirlestra í fyrirtækjum og háskólum fyrir forritara og nemendur í forritun til að kynna fyrir þeim upplýsingaaðgengismál.

Í stöðugri vinnslu.

Ábyrgð: Birkir

**Verkefni B-4.3:** Hafa frumkvæði að samskiptum við fyrirtæki og stofnanir varðandi úrbætur á vefsíðum sem eru með aðgengishindranir og ráðgjöf varðandi lagfæringar.

Í stöðugri vinnslu.

Ábyrgð: Birkir

**Verkefni B-4.4:** Gera átak í því að fjölga heimasíðum fyrirtækja og stofnana upp í 100 sem eru með vefpuluna Ivona Webreader. Sérstök áhersla skal lögð á opinberar stofnanir sem veita

almenningi þjónustu.

Lokið: 31.12.2015.

Ábyrgð: Baldur

**Verkefni B-4.5:** Gera átak í að ná samningum við Ivona.

**Starfsmarkmið B-5:**

Vinna að bættu ferilfræðilegu aðgengi blindra og sjónskertra gangandi vegfarenda.

**Verkefni B-5.1:** Standa fyrir átaksverkefnum í þeim tilgangi að vekja athygli á hvernig bæta megi ferilfræðilegt aðgengi blindra og sjónskertra gangandi vegfarenda.

Ábyrgð: Stjórn og aðgengisfulltrúi.

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

**Verkefni B-5.2:** Vinna að því með HÍ að settar verði leiðarlínur og merkingar á skólastofur sem bæta aðgengi blindra og sjónskertra nemenda við HÍ.

Ábyrgð: KHE/RMH

Lokið: 15. október 2014.

**C) Uppbyggilegt fræðslustarf**

**Starfsmarkmið C-1**

Halda úti aðgengilegri heimasíðu og fésbókarsíðu með fréttum, fræðslu og afþreyingu. Á árinu 2013 voru yfir 52.000 heimsóknir á heimasíðuna og vinir FB-síðu Blindrafélagsins í upphafi árs voru um 4200. Stefnt skal að 10% aukningu heimsókna á heimasíðuna og að ná vinfjölda FB-síðunnar upp í 5000, hvoru tveggja á árinu 2014.

**Verkefni C-1.1:** Regluleg innsetning á efni.

Ábyrgð: Starfsmenn

**Starfsmarkmið C-2**

Gefa út Valdar greinar á tveggja vikna fresti og kynningu á útgáfutíðni Valinna greina innan félagsins svo hámarka megi notagildi Valinna greina til að koma tilkynningum á framfæri.

Ábyrgð: Stjórn og ritstjórn Valinna greina

**Starfsmarkmið C-3**

Útgáfa á Víðsjá tvisvar á ári, febrúar og ágúst ár hvert, í vönduðu tímaritaformi.

Senda á félag, stuðningsaðila, einstaklinga í stjórnkerfinu og fjölmiðla.

Ábyrgð: Stjórn og framkvæmdastjóri

**Starfsmarkmið C-4**

Vera með í starfi sérstakan kynningarfulltrúa sem fer í skóla, fyrirtæki og stofnanir og kynnir málefni blindra og sjónskertra og Blindrafélagið.

**Starfsmarkmið C-5**

Halda ráðstefnur og fræðslufundi sem tengjast sjónvernd á alþjóðlegum sjónverndardegi annan fimmtudag í október ár hvert.

Ábyrgð: Stjórn

**Starfsmarkmið C-6**

Nota ag Hvíta stafsins, 15. október, til að vekja athygli á hagsmunamálum blindra og sjónskertra einstaklinga.

Ábyrgð: Stjórn

**Starfsmarkmið C-7**

Skipuleggja viðburði í tilefni 75 ára afmælis Blindrafélagsins sem er 19. ágúst 2014.

Meðal atburða sem huga skal að:

- Þátttaka í List án landamæra með sjónlýsingarverkefni í Borgarleikhúsinu í maí 2014.
- Hátíðardagskrá 19. ágúst 2014.
- Sýning á gömlum ljósmyndum úr starfi félagsins með sjónlýsingum.
- Gerð heimildarmyndar til sýningar á RÚV um Blindrafélagið og málefni blindra og sjónskertra á Íslandi.
- Halda ráðstefnu með erlendum virtum fyrirlesurum um þróun tilrauna til að finna meðferðir við ólæknandi hrörnunar sjúkdómum í sjónhimnu, sem í dag er aðalorsakavaldur blindu í okkar heimshluta, og hvernig þarf að bregðast við hér á landi svo þeir Íslendingar sem gagn hefðu af framtíðarmeðferðum geti notið þeirra. Ráðstefnan verði haldin á alþjóðlegum sjónverndardegi 9. október 2014.

## D) Öflugt félagsstarf

### Starfsmarkmið D-1

Stuðla að og styðja við skipulagt og öflugt félagsstarfi í deildum, nefndum félagsins og Opnu húsi: Foreldradeild, Jafnréttisnefnd, Norðurlandsdeild, RP deild, Suðurlandsdeild, Ungblind og starfandi nefndum.

**Verkefni D-1.1:** Halda samstarfsfundi stjórnar, nefnda og deilda Blindrafélagsins í september og janúar ár hvert þar sem farið er yfir starfið framundan.

Ábyrgð: Stjórn

**Verkefni D-1.2:** Halda úti Opnu húsi að jafnaði tvisvar í viku og einu sinni á mánuði á laugardögum.

Ábyrgð: ÓH

Framkvæmd lokið: Stöðugt í vinnslu.

### Starfsmarkmið D-2

Halda skal almenna félagsfundi innan félagsins á hausti og að vori auk aðalfundar félagsins sem haldinn er að vori.

Ábyrgð: Stjórn

Framkvæmd lokið: Stöðugt í vinnslu.

### Starfsmarkmið D-3

Bjóða upp á barna- og ungmennahring og sumar- og vetrarbúðir fyrir krakka upp að 18 ára aldri í samvinnu við foreldradeild.

Ábyrgð: Stjórn.

## E) Góð þjónusta

### Starfsmarkmið E-3

Vera með starfsmann sem sinnir persónulegri ráðgjöf til félagsmanna varðandi hin ýmsu úrlausnarefni sem þeir þurfa aðstoðar við.

### Starfsmarkmið E-4

Vera með í starfi æskulýðsfulltrúa sem sinnir sérstaklega málefnum yngstu félagsmanna Blindrafélagsins.

### Starfsmarkmið E-5

Bjóða upp á útleigu á hjálpartækjum sem nýst geta í skólum eða í vinnu.

### Starfsmarkmið E-6

Starfrækja trúnaðarmannakerfi innan félagsins og miðað við að starfandi séu a.m.k. þrjú aðaltrúnaðarmenn í hluta-starfi. Tilgangurinn með trúnaðarmannakerfinu er m.a. að veita bæði stuðning og fræðslu á jafningjaforsendum.

**Verkefni E-6.1:** Halda a.m.k. tvö trúnaðarmannanámasteikið á ári til að styrkja trúnaðarmennina í starfi.

Ábyrgð: BA/MM

Framkvæmd lokið: Stöðugt í vinnslu.

**Verkefni E-6.2:** Sjá til þess að CRM-kerfið sé öllum trúnaðarmönnum aðgengilegt.  
Ábyrgð: Baldur

Framkvæmd lokið: Í stöðugri vinnslu.

### **Starfsmarkmið E-7**

Vera með íbúðir félagsins í útleigu fyrir félagsmenn, bæði í langtímaleigu sem og skammtímaleigu.

## **F) Fagleg stjórnun**

### **Starfsmarkmið F-1**

Stjórn félagsins skal að jafnaði hittast á 2–3 vikna fresti yfir vetrartímamann og 4–6 vikna fresti yfir sumartímamann. Stefnt skal að því samsetning stjórnar endurspegli kynjahlutföll og aldurssamsetningu innan félagsins að eins miklu leyti og því verður við komið. Varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi. Auk stjórnarmanna situr framkvæmdastjóri félagsins stjórnarfundi. Bæði aðal- og varamenn fá greitt fyrir þá stjórnarfundi sem þeir sitja.

**Verkefni F-1.1:** Fyrir stjórnarfund skal liggja fyrir dagskrá, skýrsla formanns og framkvæmdastjóra og önnur þau gögn sem nauðsynleg kunna að vera til að hægt sé að fjalla um þau mál sem eru á dagskrá.

Ábyrgð: Formaður

### **Starfsmarkmið F-2**

Stjórn félagsins skal samþykkja fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár. Fjárhagsáætlunina skal yfirfara og endurskoða tvisvar á árinu auk þess sem áætlunin skal höfð til hliðsjónar við allar stærri ákvarðanir sem hafa fjárútlát í för með sér.

### **Starfsmarkmið F-3**

Stefnt skal að því að reglulegar fjáraflanir félagsins standi undir hallalausum rekstri. Stærri verkefni á vegum félagsins skulu fjármögnuð með utanáðkomandi styrkjum að eins miklu leyti og kostur er og úr öðrum sjóðum á vettvangi félagsins, svo sem verkefnasjóði og Stuðningi til sjálfstæðis.

### **Starfsmarkmið F-4**

Stefnt verði að því að auka fjáraflanir félagsins um 15% á ári. Áhersla skal lögð á að fjölga einstaklingum sem bakhjörum í því lagskipta bakhjarlakerfi sem komið hefur verið á fót.

### **Starfsmarkmið F-5**

Að eins miklu leyti og kostur er skal við samningu starfslýsinga fyrir Blindrafélagið gæta þess að blindir og sjónskertir einstaklingar eigi þess kost að sinna sem flestum starfanna.

Blindrafélagið skal hafa það að markmiðið að af starfsmönnum félagsins séu eins margir blindir eða sjónskertir og kostur er. Blindur eða sjónskertur umsækjandi um starf hjá Blindrafélaginu skal vinna á jöfnu hæfnismati.

### **Starfsmarkmið F-6**

Gerð verði á því athugun hvort Blindrafélagið og Blindravinnustofan geti sameiginlega komið á fót úthringi- markaðsdeild sem m.a. myndi taka að sér söluverkefni fyrir félagið og vinnustofuna.

Ábyrgð: KHE/HSG

Lokið: 31.12.2014.

### **G) Góð samstaða**

#### **Starfsmarkmið G-1**

Leggja skal áherslu á að innan félagsins og milli starfsmanna og félagsmanna ríki góð samstaða um öll helstu stefnumál félagsins.

**Verkefni G1.1:** Halda skal tvisvar á ári fræðslu- og kynningarfundum með starfsmönnum og stjórn.

Ábyrgð: ÓH

### **H) Fjölgun félaga**

#### **Starfsmarkmið H-1**

Tryggja að til staðar sé kynningarefni um starfsemi og þjónustu Blindrafélagsins sem dreift verði til allra sem koma til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Stefna skal að því að hækka félagsaðild að Blindrafélaginu úr u.þ.b. 45%, að frádregnum allra elsta aldurshópunum, upp í 60% á næstu tveimur árum.

Ábyrgð: MM/KHE

---

### **Lokaorð**

---

Mikilvægt er að hafa í huga að skýrsla eins og þessi kemur að mestu gagni ef hún fær að vera lifandi stjórnunarverkfæri sem er til stöðugar skoðunar og endurskoðunar. Reglulega þarf að leggja á það mat hvort aðgerðaáætlunin skilar félaginu nær skilgreindri framtíðarsýn og bregðast við með viðeigandi hætti ef svo er ekki. Rými þarf að vera til að ný verkefni og áherslur geti litið dagsins ljós.

Stefnumótun eins og þessi er aldrei endanleg, heldur miklu fremur síbreytileg. Þessi skýrsla er afrakstur endurskoðunar á vinnufundum stjórnar 21.09.2013 og 18.01.2014.

Stjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi:

Kristinn Halldór Einarsson formaður  
Rósa María Ragnarsdóttir varaformaður  
Hlynur Þór Agnarsson ritari  
Halldór Sævar Guðbergsson gjaldkeri  
Gunnar Már Óskarsson meðstjórnandi  
Ólafur Þór Jónsson varamaður  
María Hauksdóttir varamaður  
Rósa Ragnarsdóttir varamaður  
Eyþór Kamban Þrastarson varamaður